



Akureyri

2018

Akureyrarbær
Ársskýrsla



Akureyri

Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer
einstakra stofnana og netföng starfsmanna
er að finna á vef bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2018
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirlestur og prófarkir:	Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm
Ljósmyndir:	Daniel Starrason
Mynd af bæjarstjóra:	Auðunn Nielsson
Hönnun og umbrot:	Ásprent
Prentun og bókband:	Ásprent

Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	4
Aukin persónuvernd hjá Akureyrarbæ	5
Bæjarstjórn og bæjarráð	6
Búsetusvið	7
Fjársýslusvið	10
Fjölskyldusvið	12
Fræðslusvið	15
Samfélagssvið	19
Skipulagssvið	34
Stjórnsýslusvið	36
Umhverfis- og mannvirkjasvið	41
Öldrunarheimili Akureyrar	45
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2018	48





Ávarp bæjarstjóra

Haustið 2018 tók ég við starfi bæjarstjóra á Akureyri og leið að vissu leyti eins og ég væri komin heim. Hér hefur mér verið tekið opnum örmum af öllum sem á vegi mínum verða, hvort heldur sem er í starfinu sjálfu eða í hinu daglega lífi. Það er sannarlega gott að búa á Akureyri.

Sveitarfélagið er stórt á íslenskan mælikvarða. Við erum langstærsta sveitarfélagið utan suðvesturhornins og bæjarbúum fjölga jafnt og þétt. Aðliggjandi sveitarfélög njóta líka góðs af nálægðinni við höfuðstað hins bjarta norðurs og hefur einnig orðið umtalsverð fólksfjölgun í þeim öllum. Því ber að sjálfsgöðu að fagna.

Vaðlaheidargöngin sem opnuð voru undir lok ársins færa okkur einnig öll hvert nær öðru. Loksins þagna raddirnar í útvarpinu sem skýra frá því að ófært sé um Víkurskarð. Loksins hefur verið opnuð greið leið á milli tveggja stærstu þéttbýlisstaða Norðurlands og nú er leikur einn að skjótaskið í kaffisopa á Húsavík eða hvíla lúin bein í Jarðböðunum við Mývatn.

Mér finnst vera bjart frumundan á Akureyri og framtíðin brosa við Akureyrir. Ég fluttist í bæinn fyrir áðeins fáeinum mánuðum og sé hlutina með hinu glögga gests auga. Alls staðar mæti ég þróttmiklu fólki með góðar og háleitar hugmyndir sem leggur ýmislegt á sig til að vinna samfélaginu gagn. Alls staðar í bæjarlandinu blasir við mér fegurð fjarðarins. Hér er boðið upp á alla þá þjónustu sem milljónasamfélög úti í heimi gætu verið stolt af og afþreyingarkostirnir eru óþrjótandi.

Í dægurlagatextanum „Vor Akureyri“ eftir Kristján frá Djúpalæk var sungið um að Akureyringar hefðu útgerð, dráttarbraut, skíðalyftu og Sjallans paradís, einnig Lindu, KEA, Thule, Amaro og SÍS. Í dag væri trúlega sungið um að við höfum háskólann, skíðalyftur, Menningarhúsið Hof, Vaðlaheidargöngin, Samkomubruna, sundlaugin og rennibrautirnar, útgerðina, hugbúnaðar fyrirtækin, sprotafyrirtækin, Kjarnaskóg, ferðaþjónustuna, alls kyns verslanir og alla veitingastaðina ásamt með fjölmörgu fleiru sem bætir og styrkir bæjarlífið.

Ég vona að sem flestir gefi sér tíma til að lesa ársskýrsluna sem hér lítur dagsins ljós. Það er upplýsandi fyrir okkur öll að vita sem best af því góða starfi sem starfsfólk sveitarfélagsins vinnur. Margt af því er unnið í hljóði og fólk ekki alltaf að berja sér á brjóst en það eru ótrúlega mörg handtökin sem unnin eru í þjónustu við okkur bæjarbúa og einnig gesti bæjarins.

Undir lok síðasta árs var gerð stór könnun á viðhorfum bæjarbúa til þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið veitir. Kom þá í ljós að ánægja íbúanna eykst milli ára í 11 af þeim 13 þjónustubáttum sem spurt var um. Í tveimur flokkum var ánægjan jöfn því sem var árið áður en 92% bæjarbúa eru samkvæmt könnuninni ánægðir með að búa á Akureyri.

Ég flutti sem áður segir til Akureyrar síðla árs 2018 og það er ekki hægt að segja annað en að fjölskyldan sé alsæl hér í höfuðstað Norðurlands. Við höfum notið þess út í ystu æsar að geta farið í fjallið á fögnum vetrardögum sem er í mínum huga langbesta skíðasvæði landsins. Og við hlökkum mikið til sumarsins þegar allt verður í blóma og gaman verður að spássera um göturnar með ís í formi að sleikja sólskinið. Akureyri hefur allt að bjóða þeim sem vilja njóta.

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri á Akureyri

Bæjarbúar

Íbúar Akureyrarbæjar voru 18.900 talsins 1. desember 2018 en voru 18.788 1. desember 2017 og hafði því fjölgað um 112 eða um 0,6%. Þar af eru Hríseyingar 169 og Grímseyingar 71. Karlar voru 9.457 og konur 9.443.

Frá 2. desember 2017 til 1. desember 2018 fæddust 198 börn en 138 bæjarbúar létust. Aðfluttir umfram brottflutta voru 52. Elsti íbúi bæjarins 1. desember 2018 var Þórður Árni Björgúlfsson, fæddur 2. maí 1918.



Aukin persónuvernd hjá Akureyrarbæ

Hinn 15. júlí 2018 gengu í gildi ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Sama dag var innleidd persónuverndarstefna hjá bænum sem gildir um sérhverja meðferð persónuupplýsinga í skilningi laganna, í allri starfsemi á vegum Akureyrarbæjar, þ.m.t. við meðferð starfsmanna, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna á persónuupplýsingum. Með stefnunni vill Akureyrarbær leggja áherslu á mikilvægi persónuverndar við alla vinnslu bæjarins á persónuupplýsingum eins og þær eru skilgreindar í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuverndarstefnuna er að finna á heimasíðu bæjarins ásamt fræðslu til almennings og skráðra aðila vegna vinnslu persónuupplýsinga hjá Akureyrarbæ.

Inga Þóll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður er persónuverndarfulltrúi Akureyrarbæjar.

Persónuverndarfulltrúi svarar m.a. rafrænum fyrirspurnum um vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinga og skráða aðila sem berast í gegnum beiðnaform íbúagáttar á heimasíðu Akureyrarbæjar, <https://ibuagatt.akureyri.is>.

Þau nýmæli eru m.a. í lögum að einstaklingar og skráðir aðilar eiga rétt á að fá staðfestingu frá Akureyrarbæ hvort verið sé að vinna persónuupplýsingar er varða þá sjálfa og ef svo er, rétt til

aðgangs að persónuupplýsingunum og upplýsingum um ýmis atriði varðandi vinnsluna, s.s. tilgang vinnslunnar, viðkomandi flokka persónuupplýsinga, viðtakendur eða flokka viðtakenda sem fengið hafa eða munu fá persónuupplýsingar í hendur, hversu lengi fyrirhugað er að varðveita persónuupplýsingar og hvort fyrir liggi réttur til að fara fram á það við Akureyrarbæ að láta leiðrétta persónuupplýsingar, eyða þeim, takmarka vinnslu eða andmæla vinnslu.

Á árinu 2018 bárust sex beiðnir um upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga til Akureyrarbæjar.



Bæjarstjórn og bæjarráð

Kosningar

Bæjarstjórnarkosningar fóru fram 26. maí 2018. Akureyrarkaupstað var skipt í 12 kjördeildir og voru tíu á Akureyri, ein í Hrísey og ein í Grímsey. Kjörstaðir voru í Verkmenntaskólanum á Akureyri, Hríseyjarskóla og Grímseyjarskóla. Á kjörskrá voru 13.702 en atkvæði greiddu alls 9.083 eða 66,29%. Utan kjörfundar kusu 1.161, en á kjördaginn sjálfan kusu 7.922, auðir kjörseðlar voru 319 og ógildir 37.

Í framboði voru sjö listar. Listarnir voru B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks, L-listi Lista fólksins, M-listi Miðflokks, P-listi Pírata, S-listi Samfylkingar og V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs. Hlutu þeir atkvæði og fulltrúa sem hér segir:

B-listi	1.530	atkvæði og 2 fulltrúa
D-listi	1.998	atkvæði og 3 fulltrúa
L-listi	1.828	atkvæði og 2 fulltrúa
M-listi	707	atkvæði og 1 fulltrúa
P-listi	377	atkvæði og engan fulltrúa
S-listi	1.467	atkvæði og 2 fulltrúa
V-listi	820	atkvæði og 1 fulltrúa

Bæjarstjórn og bæjarráð

Bæjarstjórn hélt 20 fundi á árinu. Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar var haldinn 12. júní. Þar var lesin upp yfirlýsing um samstarfssamning Framsóknarflokksins, L-listans, lista fólksins og Samfylkingarinnar um meirihlutasamstarf á kjörtímabilinu 2018 til 2022. Halla Björk Reynisdóttir var kjörin forseti bæjarstjórnar til eins árs, Hilda Jana Gísladóttir 1. varaforseti og Eva Hrund Einarsdóttir 2. varaforseti. Guðmundur Baldvin Guðmundsson var kjörinn formaður bæjarráðs og ásamt honum voru kosin í bæjarráð til eins árs Halla Björk Reynisdóttir varaformaður, Hilda Jana Gísladóttir, Eva Hrund Einarsdóttir og Gunnar Gíslason. Hlynur Jóhannsson og Sóley Björk Stefánsdóttir voru kjörin áheyrnarfulltrúar í bæjarráði til eins árs.

Bæjarráð hélt 41 fund á árinu. Fyrsti fundur nýs bæjarráðs var haldinn 24. júní.

Eiríkur Björn Björgvinsson lét af störfum sem bæjarstjóri eftir átta ára starf. Auglýst var eftir nýjum bæjarstjóra og var Ásthildur Sturladóttir ráðin í starfið.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa og hverfisnefndir og -ráð

Yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa og eru þeir haldnir að jafnaði tvisvar í mánuði og voru alls 13 á árinu. Viðtalstímarnir eru haldnir í Ráðhúsinu. Í viðtalstímunum eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka við erindum, fyrirspurnum og ábendingum íbúa bæjarins. Erindin eru færð til bókar og eru fundargerðir viðtalstímanna lagðar fram í bæjarráði þar sem erindunum er vísað áfram í þærkerfinu til úrvinnslu.


Hverfisnefndir voru starfandi í nær öllum hverfum bæjarins á árinu en afar misjafnt var hversu virkar þær voru. Hverfisnefndir geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu hverfi, annað hvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Á árinu voru einnig starfandi hverfisráð í Hrísey og Grímsey.

Búsetusvið

Búsetusvið veitir margvíslega þjónustu sem ætlað er að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkandi aldris, fötlun eða veikindum. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar 2018 voru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, sérstæk heimaþjónusta við aldraða og fatlað fólk, frekari liðveisla við fatlað fólk, búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk, skammtíma- og skólavistun fatlaðs fólks og ráðgjöf iðjubjálfa. Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk. Auk þess að veita íbúum Akureyrar þjónustu sinnir deildin ráðgjafþjónustu við íbúa Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps, samkvæmt samningum þar að lútandi.

Búsetusvið hefur á að skipa öflugu starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks fyrir stuðning. Búsetusvið starfar eftir hugmyndafræði Valdeflingar, þjónandi leiðsagnar og Skaðaminnskandi nálgunar. Í árslok voru fastráðnir starfsmenn sviðsins 291 í 211,6 stöðugildum. Af starfsmönnum sem voru í starfsprósentu voru 102 karlar í 82,4 stöðugildum og 189 konur í 129,2 stöðugildum. Karlar voru því í 39% stöðugilda og konur voru 61% stöðugilda. Hlutfall karla hefur aukist á síðastliðnum árum úr 34% árið 2014 í 39% árið 2018. Að auki voru 118 í tímavinnu á sviðinu, 58 í félagslegri liðveislu og 60 á öðrum kostnaðarstöðvum.


Kynjaskipting stöðugilda fastráðinna starfsmanna



Búsetusvið hefur þá stefnu að auka þekkingu allra starfsmanna jafnframt því að auka fagmönnum innan sviðsins. Í lok árs voru fagmenntaðir starfsmenn í 48,5 stöðugildum sem eru 23% af heildarstöðugildum.


Heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta eykst jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir skuli búa á eigin heimili í stað þess að flytja á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Þjónustan er margvísleg, frá því að vera minniháttar aðstoð við heimilishald upp í að vera mjög umfangsmikil þjónusta þar sem veitt er aðstoð við allar athafnir daglegs lífs og til þátttöku í samfélaginu. Fjöldi heimila sem fékk heimaþjónustu á árinu 2018 var 712 og á þeim heimilum bjuggu 938 einstaklingar. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvakt er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Hlutfallslega fleiri aldraðar konur eða 61% fengu heimaþjónustu en 39% aldraðra karla. Í töflunni hér að neðan er nánari skipting á hlutföllum þjónustuþega eftir aldri og kyni. Almenn félagsleg heimaþjónusta er veitt alla daga ársins. Athyglisvert er að frá 2010 hefur fjöldi einhleypa karla sem fengið heimaþjónustu aukist úr 62 árið 2011 í 127 árið 2018 eða um 98%. Einnig hefur á sama tíma verið 92% aukning í þjónustu við öryrkja eða úr 155 heimilum í 297 heimili.




Öryrkjum hefur fjölgað vegna langvinnra og áunninna sjúkdóma sem hefur áhrif á áherslur í þjónustu með teyðum eins og Ráðgjöfinni heim, Gránufélagsteypinu og nokkrum sérúrræðum en um 57% af tímum falla undir þennan flokk.

Fjöldi vinnustunda á ári eftir verkum



Þjónustan sem heimaþjónusta Akureyrar veitir er margþætt en helstu þáttum hennar má þó skipta niður í annars vegar þríf/ aðstoð við heimilisstörf og hins vegar persónulega þjónustu (öryggisinnlit, eftirlit með lyfjatöku, erindisrekstur, félagslegan stuðning og heimsendingu matar). Flestir þjónustutímar eins og sjá má á mynd hér að ofan eru hjá einstaklingum sem eru með bæði þríf og persónulega þjónustu.


Hlutfall 65 ára og eldri sem fengu heimaþjónustu 2018



Ráðgjöf iðjubjálfa

Búsetusvið býður upp á þjónustu iðjubjálfa. Markmið iðjubjálfunar er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Árið 2017 fékk 281 einstaklingur ráðgjöf sem er veruleg aukning frá árinu á undan. Af þjónustuþegum á árinu voru 67% konur sem er svipað kynjahlutfall og á síðastliðnum árum þrátt fyrir að þjónustubeiðnum hafi fjölgað verulega. Á síðastliðnum 10 árum hefur þjónustubeiðnum fjölgað úr 90 á árinu 2007 í 281 í ár eða um 210%.

Ráðgjöf iðjubjálfa 2015-2018




Búsetuþjónusta

Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári voru 111 einstaklingar í þjónustu, þar af búa 76 í búsetukjörnum, 25 konur og 50 karlmenn. Af þeim íbúum sem búa í búsetukjöri eru sex einstaklingar á áfangaheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir en þar er veittur stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Aðrir búa í íbúðakjöri þar sem nokkrar íbúðir eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Veittur er stuðningur eftir þörfum hvers og eins. Árið 2018 voru 3




einstaklingar í öryggisvistun í þar til gerðu úrræði. Íbúðir þeirra eru sérstaklega hannaðar fyrir þjónustuna auk þess sem starfsmannafjöldi tekur mið af henni. Þrjú herbergjasambýli eru starfrækt á vegum Akureyrarbæjar þar sem 15 einstaklingar búa en stefnt er að því að bjóða þeim búsetu í íbúðum.

Samsetning búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk



Veitt er sértæk heimaþjónusta á heimilum 28 einstaklinga, þar af eru 12 konur og 16 karlar. Einnig fengu 8 einstaklingar heimaþjónustu frá búsetukjarna, svokallaða utankjarnaþjónustu, 2 konur og 6 karlar.

Sértæk búsetuþjónusta, frekari liðveisla og utankjarnaþjónusta




Skammtímaþjónusta


Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tíma bundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða

áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 19 einstaklingar á árinu, 11 voru yngri en 18 ára en 8 fullorðnir. Undanfarnin ár hafa eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börn sem þurfa mikla þjónustu komið í staðinn. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2018 voru 1.601, þar af 208 neyðarvistunarsólarhringar. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13-17 virka daga fyrir börn/ungmennu á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6-9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útvera og vettvangsferðir. Árið 2018 nýttu alls 17 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu.

Skammtímaþjónusta



Skólavistun




Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslegan stuðning með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og styrkja viðkomandi einstaklinga í félagslegum samskiptum. Markmið er



að auka færni einstaklinga til að njóta menningar og félagslífs. 122 einstaklingar nutu þjónustu félagslegrar liðveislu til lengri eða skemmri tíma á árinu 2018. Til að koma til móts við biðtíma eftir liðveislu var boðið upp á hópliðveislu í Rósenborg fyrir drengi á aldrinum 10 til 16 ára í samstarfi við samfélags- og mannréttindadeild. Alls tóku 5 drengir þátt í þessari liðveislu í ár. Árið 2016 var í fyrsta skipti boðið upp á hópliðveislu fyrir stúlkur en þátttaka reyndist ekki nóg til að halda því áfram.

Félagsleg liðveisla



Ný þjónusta

Á árinu 2018 var haldið áfram með verkefnin sem fóru af stað árið 2017. Tvö þessara verkefna leggja áherslu á úrræði og afþreyingu yfir sumartímann fyrir börn annars vegar og fullorðna hins vegar. Þriðja verkefnið miðar að því að auka lífsleikni einstaklinga með verulegar stuðningsþarfir sem lokið hafa námi af sérbraut VMA. Einnig var jarðvegsvinna hafin við undirbúning fyrir byggingu nýs íbúðarkjarna með 6 íbúðum sem tekinn verður í notkun árið 2020.

Lífsleikni

Tilgangur verkefnisins er annars vegar að setja á fót úrræði fyrir hóp einstaklinga sem þarf stuðning þann hluta dagsins sem ekki býðst hæfing/vinna og hins vegar að útbúa markvissa þjálfun fyrir einstaklinga sem sótt hafa um búsetuúrræði til að búa þá undir sjálfstæða búsetu. Í upphafi verður þekking og hæfni þátttakendanna metin með Vineland (Adaptive Behavior Scales) en þetta mat tekur til samskiptaforms og samskiptahæfni, þekkingar á athöfnum daglegs lífs, félagsfærni og hreyfifærni. Matið gefur mynd af veikleikum og styrkleikum þátttakenda og þeim þáttum sem leggja þarf áherslu á í þjálfun. Matið yrdi síðan lagt fyrir aftur eftir 12 mánuði til að meta árangur þjálfunarinnar. Einnig verða skilgreind einstaklingsmiðuð markmið fyrir hvern og einn og þau metin reglulega.

Kappar sumarúrræði fyrir börn

Kappar er sumarúrræði fyrir fötluð börn á aldrinum 7-9 ára sem tilheyra ekki markhópi skammtímaþjónustunnar í Þórunnarstræti 99 en geta illa eða ekki nýtt sér almenn frístundatilboð. Markmið verkefnisins er að veita hópnum tómstundaþjónustu þar sem leitast er við að bjóða upp á afþreyingu sem er sniðin að þeirra þörfum.

Árið 2018 var um að ræða 30 börn og af þeim þáðu 14 börn boðið.

Boðið var upp á þjónustuna í 8 vikur.

Sumarúrræði fyrir fullorðna

Á meðan starfsemi dagsþjónustustofnunar í Skógarlundi, miðstöðvar virkni og hæfingar, lá niðri sumarið 2018 vegna sumarleyfa starfsmanna, var húsnæðið notað fyrir sumarúrræði fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga. Var fötluguð fólki og þá sérstaklega fastagestum Skógarlunda boðið upp á tómstundadagskrá sem miðaðist við áhugasvið og getu hópsins. Hæfingastöðin þjónustar viðkvæmasta skjólstæðingahópinn sem oft á erfitt með breytingar. Verkefnastjóri hélt utan um skipulag og ráðnir voru 3 starfsmenn í 4 vikur til að sinna verkefninu. Auglýst var eftir hæfileikafólki í tímavinnu við ýmis konar afþreyingu eins og að sjá um lifandi tónlist, einfaldan dans, slökun, bingó/F3, nudd og listsköpun.



Fjársýslusvið

Bæjarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2018 þann 12. desember 2017. Á árinu 2018 samþykkti bæjarstjórn 16 viðauka við fjárhagsáætlun ársins. Hrein áhrif viðaukanna voru 648 millj. kr. viðbótarrekstrarútgjöld.

Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar gekk vel á árinu 2018 þrátt fyrir mjög háa gjaldfærslu vegna breytinga á lífeyrisskuldbindingum og var Akureyrarbær rekinn með 377 millj. kr. afgangi sem var nokkru betri árangur en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Sjóðstreymi ársins var álíka og árið áður.

Samstæða Akureyrarbæjar, þ.e. Aðalsjóður, Framkvæmdamiðstöð, Fasteignir Akureyrarbæjar og Eignasjóður ásamt fyrirtækjum í eigu bæjarins, s.s. Félagslegar íbúðir, Strætisvagnar Akureyrar, Hafnasamlag Norðurlands, Norðurorka og Öldrunarheimilin var rekin með 377 millj. kr. afgangi þegar tekið hefur verið tillit til ríflega 1.024 millj. kr. gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu. Gjaldfærslan setur verulegan svip á niðurstöður ársreikningsins.

Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar var viðunandi og rekstrarniðurstaða ársins í meginatriðum eins og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnsliði og tekjuskatt var jákvæð um 1.618 millj. kr. en áætlun hafði gert ráð fyrir 1.564 millj. kr. rekstrarafgangi. Heildarniðurstaða var ívið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 377 millj. kr. afgangur en áætlun gerði ráð fyrir 230 millj. kr. jákvæðri niðurstöðu.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 3.219 millj. kr. sem var ríflega 800 millj. kr. hærra en áætlun hafði gert ráð fyrir og sambærileg fjárhæð og árið áður. Handbært fé frá rekstri nam 1.140 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals nettó 4.032 millj. kr. en fjármögnunarahreyfingar námu samtals nettó 2.559 millj. kr. Afborgun langtímalána nam 2.780 millj. kr. en ný langtímalán voru 5.396 millj. kr. Lækkun á handbæru fé á árinu nam 333 millj. kr. og nam handbært fé samstæðunnar í árslok 2.819 millj. kr. Veltufé frá rekstri árið 2018 í hlutfalli við tekjur nam 12,6% í samstæðunni og 8,5% í A-hluta. Árið voru hlutföllin 13,8% í samstæðunni og 10,7% í A-hluta.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda og hækkunar lífeyrisskuldbindinga hjá samstæðunni voru 11.299 millj. kr. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.563 sem er fjölgun um 36 stöðugildi frá árinu áður. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar í hlutfalli við rekstrartekjur voru 59,0%. Annar rekstrarkostnaður var 28,8% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 791 þús. kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 1.353 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2017 voru skatttekjurnar 747 þús. kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 1.273 þús. kr. á hvern íbúa.

Niðurstaða rekstrar A-hluta var neikvæð um 384 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu 341 millj. kr. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga nam 978 millj. kr. í A-hluta sem var 578 millj. kr. umfram áætlun.



Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir sveitarfélagsins í árslok 2018 bókfærðar á 54.232 millj. kr. en þar af voru veltufjármunir 5.603 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum námu samkvæmt efnahagsreikningi 29.437 millj. kr. en þar af voru skammtímaskuldir 4.052 millj. kr. Fjárhagur Akureyrarbæjar er traustur og nam skuldaviðmið samstæðunnar í árslok 75 % samkvæmt reglum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga en það var 95 % árið áður. Ástæður lækkunar skuldaviðmiðsins má rekja til breyttra reglna við útreikning skuldaviðmiðsins. Með sambærilegum útreikning árið áður var skuldahlutfallið 70 %. Skuldaviðmið í A hluta var 59 % í árslok en var 60 % árið áður miðað við núgildandi reglur um útreikninginn.

Veltufjárhlutfallið var 1,38 í árslok 2018 en var 0,86 árið áður. Bókfært eigið fé nam 24.796 millj. kr. í árslok en var 20.181 millj. kr. í árslok árið áður. Eiginfjárhlutfall var 46 % af heildarfjármagni en var 44 % árið áður.

Á árinu gaf Akureyrarbær (án Norðurorku) út 119.699 reikninga. Innheimta gekk vel og eru Akureyringar skilvísir nú sem endranær. 97 % allra reikninga var greiddur á eindaga eða næstu 30 dögum þar á eftir og 98 % allra reikninga var greiddur eigi síðar en 120 dögum eftir eindaga. 3.648 reikningar voru sendir í milliinnheimtu árið 2018 (4.455 árið 2017) og fjöldi krafna í lögfræðinnheimtu í lok árs 2018 var 88 en voru 187 í lok ársins áður.

Ársreikning bæjarins er að finna á
www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar/

Fjölskyldusvið

Nýmæli og þróunarverkefni

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga settu mark sitt á starfsemi sviðsins á árinu. Í samstarfi við bæjarlögmann var mikil greiningarvinna unnin og í framhaldinu einkenndist starfsemin af aðlögun og breytingum á meðferð persónu-greinanlegra gagna á sviðinu.

Innleiðing rafrænnar stjórnsýslu hjá sveitarfélaginu er mikilvægt tæki í því að bæta aðgengi að þjónustunni og stuðla að aukinni hagræðingu. Á síðasta ári var lagt upp með að koma í auknum mæli á framfæri fréttum og upplýsingum úr starfsemi sviðsins á vef sveitarfélagsins í þeim tilgangi að auka sýnileika og bæta upplýsingaflæði til íbúa. Rafrænum umsóknum og eyðublöðum hefur fjölgað í íbúagátt og er áfram unnið að því að gera enn betur. Næstu skref eru að tryggja jafnt aðgengi allra íbúa með því að próa verklag sem gerir öllum þjónustuþegum kleift að nota rafrænt aðgengi og fá leiðbeiningu þar um.

Samstarf er hafið milli fjölskyldusviðs og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um þróun verkferla í málefnum flóttafólks og hælisleitenda og er það vel þar sem æ fleiri einstaklingar sem eru í þeirri stöðu leita sér aðstoðar hjá félagsþjónustu. Tilraunaverkefni var komið á fót um tímabundna stöðu áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Verkefnið tókst vel og niðurstöður þarfragreiningar leiddu til þess að óskað var eftir auka stöðuheimild fyrir fastráðningu í þetta starf sem fékkst samþykkt í fjárhagsáætlun fyrir 2019. Við flutning sérfræðiþjónustu skóla í kjölfar stjórnkerfisbreytinga voru ákveðin samlegðaráhrif ekki lengur til staðar í þjónustu sviðsins og var ráðið í stöðu þroskaþjálfara í málefnum fatlaðra til að mæta þeim breytingum.

Ráðið var í nýja stöðu lögfræðings í ljósi æ fleiri beiðna um upplýsingar frá þjónustuþegum um meðferð og afgreiðslu sinna mála byggðar á ákveðnum upplýsingalaga og nýjum lögum um persónuvernd. Einnig hefur þörf fyrir lögfræðilegt álit í erfiðum málum í barnavernd og félagsþjónustu aukist.

Margvísleg samstarfsverkefni og úrræði í barnavernd eru í gangi á hverjum tíma og má þar helst nefna verkefnið „Meðan glugginn er opin“ sem er samstarfsverkefni lögreglunnar, félagsþjónustu og barnaverndar um viðbrögð við heimilisofbeldi. Verkefnið fór af stað sem tilraunaverkefni árið 2015 en er nú orðið fast verklag og fer málum fjölgandi ár frá ári. Eru aðilar sammála um gagnsemi þessa samstarfs. Skólasmiðjan kemur til móts við þarfar unglinga í ákveðnum áhættuhópi, unglinga sem hafa flosnað upp úr skóla og þurfa sérstakt úrræði utan síns skóla en Skólasmiðjan er samstarfsverkefni samfélagssviðs, fjölskyldusviðs og fræðslusviðs. Þá hefur nýtt verklag við greiningu og könnun mála í einstökum barnaverndarmálum, svokallað ESTER-greiningartæki, verið smám saman að festa sig í sessi hjá starfsmönnum barnaverndar. Þá er komin góð reynsla á samvinnu um MST-meðferð sem Barnaverndarstofa veitir á svæði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar og gífurleg fjölgun barna og fjölskyldna þeirra sem hafa notið þeirrar þjónustu á svæðinu með góðum árangri.

Á árinu var unnið að því í samstarfi fjölskyldusviðs, Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, Héraðsdóms Norðurlands eystra og Barnaverndarstofu að koma á fót útibúi Barnahúss á Akureyri til að koma betur til móts við þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa þjónustu að halda vegna kynferðisbrotamála. Áður en árið var liðið var útibú Barnahúss á Akureyri orðin staðreynd.

Askjan-fjölskyldustuðningur hefur það að markmiði að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra og á árinu var gerð gangskör að því að kynna úrræði fyrir fagfólki utan stofnunar, m.a. fyrir starfsfólki leikskóla. Í kjölfar stjórnkerfisbreytinga 2017 hefur þróast samstarf við fræðslusvið í þeim málum sem skarast milli sviða og hefur það gefist vel.

Innleiðing á straumlínustjórnun (LEAN management) hófst á vordögum 2017 hjá Plastiðjunni Bjargi-Íðjulundi (PBI) og er sú vinna enn í gangi. Markmiðin með innleiðingunni eru að auka skilvirkni, vinna að stöðugum úrbótum og draga úr sóun. Allir starfsmenn PBI taka þátt í innleiðingunni og hugmyndavinnunni.


Frá miðju ári hefur Skógarlundur tekið þátt í nýsköpunarverkefni á vegum velferðarráðuneytisins, Skógarlunda og Öldrunarheimila Akureyrar. Markmið verkefnisins er að gefa fólki með fjölþættar raskanir tækifæri til að stunda atvinnu á hinum svokallaða opna eða opinbera vinnumarkaði. Verkefnastjóri verkefnisins og þrír

fatlaðir þátttakendur eru frá Skógarlundi og hafa þessir fyrstu mánuðir verkefnisins gengið vel.

Þjónustan


Á árinu 2018 var tekið við 554 barnaverndartilkynningum og að auki var hafin könnun að frumkvæði nefndarinnar sjálfar í 12 málum á þessu ári.

Fjöldi tilkynninga til barnaverndar og fjöldi barna sem höfð voru afskipti af 2016-2018




Er það nokkur fækkun frá árinu á undan þegar 594 tilkynningar bárust nefndinni. Þetta er nokkur breyting frá þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár en á árinu 2017 fjölgaði tilkynningum um 78 á milli ára og þar áður um 66. Málum barna sem hafa verið til könnunar og meðferðar hjá nefndinni hefur þó ekki fækkað. En málefni 305 barna voru til könnunar og meðferðar á árinu, einu barni fleira en á árinu á undan auk þess sem málefni fjögurra ófæddra barna voru til meðferðar á árinu.

Hver tilkynnir?



Athygli vekur mikil fækkun tilkynninga frá lögreglu eins og sjá má á myndinni hér fyrir ofan og vekur það upp ýmsar hugleiðingar. En fækkun tilkynninga frá lögreglu milli ára eru tæplega 60 sem er nokkuð meiri fækkun tilkynninga en í heildina milli ára sem segir okkur að tilkynningum fjölgar í alvarlegri stöfnunum og einstaklingum. Ekki er þó að sjá fækkun á alvarlegri tilkynningum frá lögreglu. Nokkrar áhyggjur eru af fækkun tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum á árinu en nokkur fjölgun er í tilkynningum frá félagsþjónustu og ættingjum barns og foreldrum án forsjár.

Ástæður barnaverndartilkynninga 2016



Eins og á árinu 2017 er áberandi fjöldi tilkynninga undir flokkun vanræksla foreldra gagnvart barni þar sem mestur fjöldi tilkynninga, eða 176, varðar áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra.


Í árslok voru 18 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar sem er aukning frá því árinu á undan. Þá voru 9 börn í tímabundnu fóstri í lok ársins. Á árinu 2018 var í heildina 21 barn í vistun utan heimilis ýmist í tímabundnu fóstri eða í vistun á einkaheimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Þá fóru á árinu tvö börn í greiningar- og meðferðarvistun á Stuðla og í tveigang voru börn vistuð þar í neyðarvistun. Þá dvöldu tvö börn til meðferðar á langtíma meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu á árinu.

Á árinu var tekin ákvörðun um að gera kröfu fyrir dómi um forsjárviptingu vegna tveggja barna í umdæminu.

Á fjölskyldusviði er veitt bæði almenn félagsleg ráðgjöf og ráðgjöf vegna fötlunar. Ráðgjöfin er af ýmsum toga en markmið hennar er að styðja þá sem hana fá til sjálfshjálpar. Ýmsum úrræðum er beitt til að ná því markmiði og er eitt af því fjárhagsaðstoð.


Útgjöld til fjárhagsaðstoðar stóðu nánast í stað á milli ára. Heildarútgjöldin voru 119.295.947 kr. sem er um 600.000 kr. lægri en 2017. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar voru einnig færri eða 318 á móti 340 árið áður.

Þróun fjárhagsaðstoðar 2008-2018




Hlutfall þeirra sem fá fjárhagsaðstoð er fjórða árið í röð undir 2% af íbúafjölda sveitarfélagsins eða 1,68%. Eins og á síðasta ári voru einhleypir karlar stærsti hópurinn eða 37% en hlutfall einstæðra mæðra 30%.

Skipting fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð 2016-2018



Jafnmargir fengu aðstoð alla mánuði ársins og árið á undan eða 5 einstaklingar en þeir voru 11 árið 2016. Hlutfall yngri einstaklinga er nánast það sama eða 32% á móti 31% árið 2016. Hlutfallslega fækkar þeim sem eru yngri en 20 ára og voru 12% á móti 14% árið á undan.

Fjárhagsaðstoð 2015-2018 skipting eftir aldri



Akureyrarbær leigir út 342 félagslegar leiguíbúðir en í þeirri tölu er sértækt húsnæði ætlað fötluðu fólki. Leiguíbúðirnar eru ætlaðar

aðar fólki sem ekki getur aflað sér húsnæðis með öðrum hætti og uppfyllir skilyrði reglna um leiguíbúðir Akureyrarbæjar. Undanfarin ár hefur verið langur biðlisti eftir leiguíbúð hjá bænum en í lok árs var 121 umsækjandi á biðlista eftir leiguíbúð og auk þess biðu 19 eftir flutningi milli íbúða Akureyrarbæjar. Lengst var biðin eftir tveggja herbergja íbúð eða áætluð um 4 ár. Leigjendaskipti voru 42 á árinu sem er sambærilegt og verið hefur síðustu árin.

Á árinu 2018 barst 191 umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsóknir sem voru endurnýjaðar eru ekki teknar með í þeirri tölu. Árið á undan bárust 509 umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning en það ár var stuðningsformið að byrja og stór hluti þess hóps sem sótti um árið 2017 hlaut sérstakan húsnæðisstuðning á árinu 2018. Af 191 umsókn sem barst á árinu voru 133 (69,6%) samþykktar en 58 (30,4%) var sýnað sem var í sama takti og árið 2017. Útgjöld til þessa málaflokks á árinu voru 75.332.561 kr. sem var hækkan um 23.233.817 kr. frá árinu á undan þar sem stuðningsfjárhæðir voru hækkaðar verulega með breytingum á reglum sem tóku gildi 1. mars 2018, og einnig stækkaði hópur stuðningsþega verulega á árinu.

Markmið með stuðningsfjölskyldum í málaflokki fatlaðra er að létta álagi af fjölskyldum barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu voru 32 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa í mánuði. Alls voru veittir 978 sólarhringar í þessa þjónustu. Miðað við árið á undan er um verulega fjölgun sólarhringa að ræða og fleiri börn sem nutu þjónustunnar. Í árslok voru átta börn í bið eftir þjónustu og er ástæðan skortur á fjölskyldum sem eru tilbúnar að taka þetta hlutverk að sér.

Framfærundur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldusviðs er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir fötluð börn. Foreldrar barna með vægari hegðunar- og þroskaskanir sem eftir því leita fá aðstoð við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat. Í desember 2018 voru 172 börn á skrá hjá fjölskyldusviði með umönnunargreiðslur vegna fötlunar en það er sambærilegur fjöldi og síðustu ár.

Askjan-fjölskyldustuðningur veitir markvissa aðstoð til barna-fjölskyldna á heimili þeirra í formi fræðslu og ráðgjafar er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknar á heimili og hefur mikil eftirspurn verið eftir henni. Virk mál voru alls 52 og af þeim var hafin vinna í 33 á árinu. Vinnu lauk við 27 mál og voru fjórar fjölskyldur á biðlista í lok árs. Lengd mála var að meðaltali 7,1 mánuður þar sem stysta málið tók 2 mánuði en það lengsta meira en 24 mánuði.

Í Skógarlundi fengu 49 einstaklingar þjónustu á árinu 2018. Í árslok voru þeir 47 en 2 þjónustuþegar létust á árinu. Notendur í þjónustu Skógarlunda fengu allir þjónustu að hámarki fjórar klukkustundir á dag, utan einn sem fékk þjónustu í átta klukkustundir. Í árslok 2018 voru 20 starfsmenn í 16,34 stöðugildum við Skógarlund. Starfsstéttirnar sem störfuðu í Skógarlundi árið 2018 eru þroskajálfarar (þ.m.t. forstöðumaður), iðjuþjálfar, myndmenntakennari, félagsliðar, sérfræðingur með háskólamenntun, og almennir starfsmenn.

Starfið í Skógarlundi er og verður í stöðugri þróun. Þróunin tekur mið af þörfum þeirra sem sækja þjónustuna. Eins tekur þróunin alltaf mið af hugmyndum í fötlunarfræðum. Fylgst er með þróun og nýjungum í þjónustu við fatlað fólk. Þegar horft er til framtíðar almennt, eru kannski ekki fyrirjáanlegar stórtækar breytingar á starfsemi frá því sem verið hefur. Rétt er þó að taka það fram að í starfi með fötluðu fólki verður aldrei kyrrstaða. Unnið er að auknu flæði fatlaðra starfsmanna PBI og notenda þjónustu í Skógarlundi. Markmiðið er að fólk á PBI eigi þess kost að koma í Skógarlund og taka þátt í skapandi starfi og á móti bjóðist notendum með litla vinnugetu sem eru í Skógarlundi kostur á því að fara á PBI og sinna vinnutengdum verkefnum. Bannig fá fatlaðir starfsmenn PBI að kynnast skapandi starfi og geta í framtíðinni sótt sér aukna þekkingu og affreyningu (t.d. á Punktin) og notendur Skógarlunda fá að kynnast fjölbreyttari verkefnavinnu en kostur gegir á í Skógarlundi.

Verkefnastaða PBI árið 2018 var góð. Heildartekjur voru á árinu að fjárhæð án vsk 162,8 milljónir í stað 160,6 milljóna árið 2017 og 128,8 milljóna árið 2016. Um er að ræða 26,36% aukn-



ingu tekna á tveimur árum sem skýrist m.a. af aukningu á sölu og verðbreytingum. Framleiðsla á búfjármerkjum hefur gengið vel eins og undanfarin ár. Eftirspurn eftir raflagnaefni var stöðug og sala dýfðra kerta svo og útikerta var sú sama og á árinu 2017. Dreifing á kertum fer fram í góðu samstarfi við O.Johnson & Kaaber. Tækjabúnaður PBI er margur kominn til ára sinna og var úr sér genginn. Endurbætur og viðhald véla og tækja eru mikilvægar svo hægt sé að halda starfsemi í fullum gangi. Vegna góðrar fjárhagsstöðu var farið í almennt viðhald á búnaði, keypt var leiserskurðarvél, tölvur og húsgögn.

Rekstur Endurvinnslunnar hefur gengið vel og móttaka skilaskyldra drykkjarumbúða aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Bómullartuskum og efnum er safnað og unnir úr þeim tusku baggar til að selja t.d. verkstæðum og útgerðarfélögum. PBI hefur m.a. fengið dygga aðstoð frá Rauða Krossinum og Hjálpræðis-hernum við söfnun efna sem og frá einstaklingum og ýmsum stofnunum á Akureyri.

Í árslok 2018 voru alls 20 starfsmenn á PBI í 17,90% stöðugildum. Markmiðið með starfspjálfun og starfsendurhæfingu er að þjálfa einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði. Í starfsendurhæfingu og starfspjálfun voru 45 einstaklingar í tímabundinni ráðningu á árinu 2018, 18 karlar og 27 konur í 12 stöðugildum. Að lokinni starfspjálfun fékk einn af ofangreindum einstaklingum starf á vegum Atvinnu með stuðningi (AMS), einn fékk ótímabundna ráðningu á PBI og einn fór yfir á örorkuvinnusamning. Fjórir einstaklingar hættu vegna veikinda eða annarra ástæðna. Á árinu 2018 voru alls 20 einstaklingar í ótímabundinni vinnu. Karlar voru 8 og konur 12, sem er einum færri en 2017.





Fræðslusvið

Skóli er samfélag þar sem börn eru í fyrirrúmi. Allt starf skóla byggir á því að hver nemandi skiptir máli og honum þarf að mæta á hans eigin forsendum eins og kostur er. Þjónusta fræðslusviðs er stjórnendum og skólasamfélaginu til stuðnings í þeim verkefnum sem skólarnir sinna. Starfsfólk fræðslusviðs leggur metnað sinn í fagleg vinnubrögð, stuðning við skólaþróun og hvatningu til faglegra vinnubragða á öllum sviðum skólastarfs.

Alls starfa 17 starfsmenn á skrifstofu fræðslusviðs.

Skólaþjónusta

Skólaþjónusta fræðslusviðs veitir börnum í grunn- og leikskólum og fjölskyldum þeirra þjónustu, auk þess að veita ráðgjöf til starfsfólks skólanna. Hlutverk skólaþjónustu fræðslusviðs er margþætt og má þar nefna einstaklingsráðgjöf varðandi uppeldi, liðan og kennslu til leik- og grunnskólakennara, foreldra og barna. Skólaþjónustan sinnir einnig greiningum barna, en þær snúa m.a. að námi, hegðun, liðan, samskiptum, málþroska og/eða almennum þroska. Stór hluti þjónustunnar felur í sér teymisvinnu vegna barna með fatlanir og barna með hegðunarfrávik.

Skólaþjónustan vinnur markvisst að því að auka þátt forvarna og fræðslu ásamt því að leggja áherslu á fræðslu fyrir starfsfólk skóla um skipulögð vinnubrögð. Skólaþjónustan heldur ýmis námskeið fyrir börn og foreldra, sem og fræðslu fyrir foreldra barna á einhverfurofi. Unnið er að því að tryggja samfellu í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra ásamt því að lögð er áhersla á snemma tækni iðlutun og að þjónustan skili sér sem allra fyrst til barna, foreldra og skóla. Lögð er rík áhersla á þétt samstarf við önnur svið Akureyrarbæjar, s.s. fjölskyldu-, samfélags- og búsetusvið jafnframt því sem einnig hefur verið mikið samstarf við aðrar stofnanir s.s. Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Þroska- og hegðunarstöð og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Ásamt því að sinna börnum á leik- og grunnskólaaldri á Akureyri er í gildi samningur um þjónustu við nágrannasveitarfélögin Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtabakkahrepp og Svalbarðsstrandarhrepp.

Skólaárið 2017/2018 voru 2.992 börn í fjórtán grunnskólum á þjónustusvæðinu og 1.165 börn í fjórtán leikskólum. Unnið var með málefni 249 barna á leikskólaaldri (21,4%), 229 barna á Akureyri og 20 barna utan Akureyrar. Þetta er töluverð aukning frá því á síðasta skólaári (19,4%). Einnig var unnið með málefni 695 barna á grunnskólaaldri (23,2%), 630 úr skólum á Akureyri og 65 úr skólum utan Akureyrar. Er það mjög sambærilegt og á síðasta skólaári (23,9%).

Á skólaárinu bárust 540 nýjar tilvísanir, 191 vegna barna í leikskólum og 349 vegna barna í grunnskólum. Þá voru haldin fjögur námskeið á skólaárinu. Námskeiðið Klókir litlir krakkar, sem er fyrir foreldra barna með fyrstu einkenni kvíða, var haldið tvisvar sinnum og það sóttu foreldrar samtján barna. Námskeiðið Klókir krakkar var einnig haldið tvisvar, en það er fyrir börn og með hamlandi kvíða. Námskeiðið sóttu sextán börn og foreldrar þeirra.

Skólaárið 2016/2017 voru 2.975 börn í 14 grunnskólum á þjónustusvæðinu en 1.150 börn í 15 leikskólum. Fjöldi beiðna úr leikskólunum var 223 (206 mál komu úr leikskólum Akureyrarbæjar en 17 frá leikskólum utan Akureyrar). Fjöldi beiðna frá grunnskólum var 710 (639 mál úr skólum á Akureyri en 71 úr skólum utan Akureyrar).

PMTO – stuðningur við foreldra

Akureyrarbær býður foreldrum barna með hegðunarfrávik upp á námskeið og/eða meðferð byggða á raunprófuðum aðferðum PMTO (Parent Management Training – Oregon aðferðin). Á námskeiðum og í meðferðum eru foreldrum kenndar leiðir og aðferðir

stýðjandi foreldrafærni. Á árinu tóku alls 39 fjölskyldur þátt í PMTO meðferð og 68 foreldrar tóku þátt í foreldranámskeiðum. Haldin voru fimm foreldranámskeið sem skiptust í þrjú PMTO námskeið og tvö PTC námskeið. PMTO námskeiðin eru átta stunda námskeið fyrir foreldra til að fyrirbyggja alvarlega hegðunarferðleika og taka á vægari hegðunarvanda barna. Alls sátu 43 foreldrar PMTO námskeið ársins. PTC námskeið er fjórtán vikna meðferðarnámskeið fyrir hópa. Þau námskeið sátu alls 25 og fimm foreldrar 36 barna.

Fimm leikskólar og þrír grunnskólar vinna eftir leiðum SMT – stýðjandi skólafærni sem byggir á hliðstæðri hugmyndafræði og PMTO. Þar er lögð áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda m.a. með því að kenna og þjálfra félagsfærni, hvetja til æskilegrar hegðunar og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Á árinu luku 13 leik- og grunnskólakennarar sex daga grunnmenntun í PMTO.

Nemendur af erlendum uppruna

Á vorönn 2018 var kennurum erlendra nemenda boðið upp á námskeið sem var skipulagt sameiginlega af fræðsluviði og Miðstöð skólaþróunar við HA. Námskeiðið var í fimm skipti, fyrst 22. janúar og síðasta skiptið 19. mars. Þátttaka var mjög góð en um 40 kennarar voru skráðir til þátttöku. Unnið var með afmarkaðan þátt í hvert skipti en þeir voru:

- Menning og viðhorf
- Menningamót – fljúgandi teppi
- Tvítýngi og fjöltýngi
- Orðaforðavinna
- Notkun snjalltækja í námi og kennslu

Á vorönn 2018 fór fram móðurmálskennsla í pólsku og arabísku á Akureyri. Það er ánægjulegt þegar nemendur eiga þess kost að halda móðurmáli sínu við, bæta það og þróa. Það eru foreldrar nemenda sem standa að kennslu beggja tungumálanna en fræðsluviði styður við kennsluna með því að útvega húsnæði, sjá um ljósritun, úttegund kennslugagna o.fl. Mjög ánægjulegt var að pólski sendiherrann á Íslandi, Gerard Pokruszynski, kom í heimsókn í pólskutíma og færði nemendum pólskar bækur, bæði fyrir yngri og eldri nemendur. Þær bækur hafa nú verið skráðar inn í kerfi bókasafnanna og eru til útláns fyrir alla nemendur.

Í tengslum við Dag íslenskrar tungu, þann 16. nóvember var efnt til ritunarsamkeppni meðal erlendra nemenda grunnskóla bæjarins. Skipulag var í höndum MSHA, fræðsluviðs, alþjóðastofu og Amtsbókasafns. KEA var auk þess styrktaraðili verkefnisins.


Áhersla var lögð á að íslenska væri ekki aðeins námsgrein í skóla, heldur væri hægt að skapa margt skemmtilegt og spennandi með því að hugsa, tala og skrifa á íslensku. Úrslit voru kynnt á Amtsbókasafninu laugardaginn 17. nóvember og viðurkenningar afhentar. Auk þriggja aðalverðlauna fengu allir þátttakendur viðurkenningarskjal og inneignarkort til kaupa á íslenskri bók að eigin vali, hjá Pennanum/Eymundssyni.

Í febrúar 2018 voru alls 208 nemendur í grunnskólum Akureyrar sem áttu annað foreldri eða báða foreldra erlenda. Þetta er um 8,45 % af heildarfjölda nemenda grunnskólanna.

Um 62 % nemenda af erlendum uppruna í grunnskólum Akureyrar eru fæddir á Íslandi og um 47 % nemenda af erlendum uppruna eiga báða foreldra sína erlenda.

Alls tala nemendur grunnskólanna um 31 tungumál. Flestir nemendur eiga pólsku sem móðurmál, eða alls 33 nemendur. Aðrir fjölmennir málahópar eru tailenska og enska en 24 nemendur eiga hvort málanna sem upprunamál og 13 nemendur tala arabísku.

Tungumál nemenda grunnskólanna í febrúar 2018 eru 31 talsins



Fjöldi nemenda af erlendum uppruna er nokkuð mismunandi eftir skólum. Hlutfallið er hæst í Oddeyrarskóla en þar eru um 17 % nemenda af erlendum uppruna. Hlutfallið er hins vegar lægst í Giljaskóla en þar eru aðeins rúm 3 % nemenda af erlendum uppruna.

Upplýsingatækni

Árið 2018 var haldið áfram að bæta og uppfæra tölvukerfi skólanna.

Leikskólar

Árið 2018 var unnið að því að efla tækjakost leikskóla bæjarins jafnt og þétt en nokkuð misjafnt er hverjar áherslurnar eru í hverjum skóla fyrir sig. Tveir skólar nota android spjaldtölvur en aðrir nota nota iPad. Í leikskólunum er að mestu lokið við að endurnýja tölvubúnað, ásamt því að endurnýjaðir voru nokkrir skjávarpar og er því tækjakostur leikskólanna kominn í ágætan farveg. Á árinu var tekin ákvörðun um að skipta um umsjónarkerfi leikskóla og varð leikskólakerfið Karella fyrir valinu. Stjórnendur í leikskólum fegnu aðgang að Office 365 á árinu og eru m.a. farnir að nota það í samskiptum sín á milli.

Grunnskólar

Í grunnskólum var einnig unnið að því að uppfæra og viðhalda tækjakostinum. Keyptar voru nemendatölvur í nokkra skóla ásamt borð-, spjald- og fartölvum. Einnig voru endurnýjaðir skjávarpar ásamt því að sjónvörp hafa leyst skjávarpa af hölmum í nokkrum skólum. Í töflu 1 er að finna samantekt á tölvukosti leik- og grunnskóla bæjarins í árslok 2018.

Tafla 1

Stofnun	Borðtölvur	Fartölvur	Spjaldtölvur	Samtals
Iðavöllur	1	13	16	30
Naustatjörn	8	9	20	37
Lundarsel	8	3	9	20
Pálmholt	7	5	12	24
Kiðagil	7	1	20	28
Tröllaborgir	9	3	7	19
Hulduheimar	5	5	15	25
Krógaból	5	6	19	30
Hrísey	6	6	17	29
Grimsey	7	4	2	13
Hlíðarskóli	9	11	23	43
Oddeyrarskóli	41	115	52	208
Brekkskóli	91	85	35	211
Lundarskóli	50	338	91	479
Naustaskóli	28	205	73	306
Giljaskóli	49	84	134	267
Síðuskóli	101	143	72	316
Glerárskóli	68	98	76	242
ALLS:	500	1134	693	2327

Markþjálfun

Stjórnendur leik- og grunnskóla fengu reglulega hópmarkþjálfun á árinu 2018.

Grunnskólasterfði

Akureyrarbær statar af níu almennum grunnskólum, sjö á Akureyri, einum í Hrísey og öðrum í Grímsey. Auk þess er rekinn einn sérskóli, Hlíðarskóli.

Starfsfólk grunnskóla heldur uppi metnaðarfullu og fjölbreyttu starfi og leggur sig fram um að sinna öflugri skólaþróun. Mikið samstarf er á milli grunnskólanna og hittast stjórnendur þeirra reglulega og miðla reynslu sín á milli. Hver skóli hefur skapað sér sérstöðu með skólastefnu og áherslum í skólastarfinu.

Á Akureyri er skólalav þar sem því verður við komið. Breytingar á nemendafjölda í hverfum milli ára geta verið miklar, sem hefur áhrif á möguleika á innritun nemenda úr öðrum skólahverfum.



Nemendafjöldi í leik- og grunnskólum 1. október ár hvert

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Leikskólar	1.096	1.105	1.091	1.106	1.106	1.019	1.026	966
Grunnskólar	2.610	2.624	2.635	2.583	2.615	2.681	2.706	2.717
Heildarfj.	3.706	3.729	3.726	3.689	3.721	3.700	3.732	3.683

Leikskólastarfið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og í ágúst 2018 voru innrituð börn frá sautján mánaða aldri í leikskóla bæjarins. Hver leikskóli setur sér eigin skólanámskrá ásamt því að lögð er árlega fram starfsáætlun þar sem tilgreindar eru helstu stefnur og áherslur í starfi skólans.

Á Akureyri voru starfræktir níu leikskólar í október 2018. Af þeim eru átta skólar reknir af Akureyrarbæ en einn skóli er rekinn af Hjallastefnunni ehf. Þá eru einnig reknir sameiginlegir leik- og grunnskólar í Hrísey og Grímsey.

Í október 2018 voru um 95,1% barna á Akureyri á aldrinum 2-5 ára, (fædd 2013-2016) í leikskólum ásamt 24,8% barna af árgangi 2017, en haustið 2018 voru innrituð í leikskóla börn sem fædd voru í janúar, febrúar og mars 2017. Í október voru alls 966 börn í leikskólum bæjarfélagsins. Skólatími barnanna skiptist þannig að 910 börn voru með 7-8,5 tíma skóladag og 56 börn voru með 4-6,5 tíma skóladag. Börn með íslensku sem annað tungumál voru alls 85 frá 19 þjóðlöndum.

Í október störfuðu alls 276 kennarar/starfsmenn í leikskólum í um 246 stöðugildum. Hlutfall fagmenntaðra, þ.e. leikskólakennara og annarra háskólamenntaðra starfsmanna af heildarstöðugildum var 62,64% og í kennslu barna var hlutfallið 87,15%.

Skólaárið 2018-2019 var starfrækt leikskóladeildin Lautín í húsnæði Glerárskóla. Var þetta annað ár Lautarinnar innan skólans. Lautín tilheyrir leikskólanum Tröllaborgum og voru þar alls 20 börn.

Skólaleikur

Skólaleikur, samstarfsverkefni leik- og grunnskólanna, var starfræktur frá 7.-20. ágúst 2018. Markmið með skólaleik er að foreldrum barna af elsta árgangi leikskóla, gefst tækifæri til að innrita börn sín í „skólaleik“ í frístundahúsnæði grunnskólanna í tvær vikur fyrir grunnskólabyrjun. Tilgangurinn er m.a. að gefa börnunum tækifæri til að aðlagast grunnskólanum og nýjum bekkjarfélögum áður en hefðbundið skólastarf hefst, jafnframt sem innritun yngri barna í leikskóla er flýtt. Skólaleikur er skipulagður af og mannaður með starfsfólki úr leik- og grunnskólum, auk þess sem starfsfólk grunnskólans sá um mótuneyti og ræstingu á meðan á skólaleik stóð. Verkefnið sjálft tóks vel og í könnun sem lögð var fyrir foreldra við lok verkefnisins kom fram að foreldrar voru almennt mjög sáttir með hvernig til tókst. Meðal grunnskólakennara kom einnig fram ánægja með að aðlögun barna var að mestu lokið þegar hefðbundið skólastarf hófst.

Ytra mat skóla

Árlega eru nokkrir skólar á landinu teknir út í ytra mati á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og fékk Naustaskóli mat að þessu sinni. Ytra mat á skólastarfi er skólanum mikilvægt tæki til umbóta.

Skólahúsnæði

Skólabyggingar eru ekki eingöngu nýttar til hefðbundins skólastarfs þar sem þær eru einnig notaðar í þágu samfélagsins s.s. í tengslum við íþróttamót, fundahöld og fleira. Leitast er við að fara vel með fjármagn og skapa sem besta aðstöðu fyrir börn og starfsfólk í skólanum.

Áætlanir gera ráð fyrir að nýr leikskóli rísi á lóð Gerárskóla og verði tekinn í notkun haustið 2021. Gert er ráð fyrir að í skólanum verði nými fyrir allt að 144 börn.

Dagforeldrar

Í lok árs 2018 voru alls 29 dagforeldrar á Akureyri, 28 konur og einn karlmaður. Þá dvöldu þar alls 132 börn og niðurgreiddi Akureyrarbær daggæslu fyrir 131 barn, en eitt barn var með skráð lögheimili utan Akureyrarbæjar. Af þessum hópi var 121 barn gífra foreldra og foreldra í sambúð og 10 börn einstæðra foreldra.

Á árinu 2018 voru sjö ný leyfi veitt til daggæslu barna í heima-húsi, tveir dagforeldrar fóru í fæðingarorlof á miðju ári og sjö dagforeldrar létu af störfum á árinu. Þá er vert að geta þess undir lok

ársins voru undirbúnar leyfisveitingar til daggæslu barna í heima-húsi og þrír nýir dagforeldrar tóku til starfa í byrjun árs 2019.

Námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn 17. október og nýttu 28 dagforeldrar sér fræðsluna. Stórt endurnenntunarnámskeið í skyndihjálpi var meginefni dagskrárinnar og í lok dags var fyrirlestur um hamingjuna sem sóttur var með starfsfólki í leikskólum Akureyrarbæjar. Námskeiðsdagur er haldinn árlega og er skipulagður af fulltrúa fræðsluviðs og fulltrúum dagforeldra.

Tónlistarskólinn

Starfsemi Tónlistarskólans á Akureyri var afar fjölbreytt á árinu 2018. Auk hefðbundinna tónleika, útskrifta og annarra fastra þátta í skólastarfinu settu ýmsir stærri viðburðir svip á skólastarfið. Af þessum viðburðum má nefna 75 ára afmæli Tónlistarfélagsins, tónsmíðakeppni nemenda, sínfóniutónleika Council Rock North Orchestra frá Pensilvaníu, svæðistónleika Nótunnar, Eurovision sýningu í Hamraborg, Þjóðlistahátíðina Vöku, auk heimsóknar og námskeiða listamanna á borð við Grétu Salóme, Beatur, Sólku Sól, Karl Olgeirsson, Dimmubræður og Hauk Gröndal. Tónlistarskólinn tók svo á móti nokkur þúsund nemendum af landinu öllu á landsmót blásara og landsmót strengjaleikara á haustönn 2018.

Nemendur skólans hlutu þrjár af sjö viðurkenningum á svæðis-keppni Nótunnar og tveir af píanónemendum, þeir Björn Helgi Björnsson og Eysteinn Ísídór Ólafsson, komust í úrslit í píanókeppni EPTA. Fór Björn með sigur af hólmi í sínum flokki. Nemendur á námsbraut skapandi tónlistar gáfu út fjölda allan af lögum á streymisveitur sem og í formi geisladiska og fór einn þeirra, Birkir Blær Óðinsson með sigur af hólmi í söngkeppni framhaldsskólanna á árinu. Tónleikar nemenda voru vel á annað hundrað og tóku nemendur 51 áfangapróf á árinu auk ársprófa, tónleikaprófa og annars hefðbundins námsmats. Allir grunn- og leikskólanemendur bæjarins heimsóttu Tónlistarskólann í söngvaflóði tvisvar á árinu og sungu af hjartans list í Hamraborg við undirleik og söng landsþekktra listamanna og kennara tónlistarskólans. Kennarar Söngvaflóðs heimsóttu síðan alla skóla bæjarins vikulega allt skólaárið í samvinnu við starfsfólk leik- og grunnskóla og kenndu nemendum ljóð og lög sem tengjast íslenski menningu og menningararfi.

Skólinn stóð í umfangsmikilli samstarfs- og þróunarvinnu í samstarfi við alla leik- og grunnskóla á Akureyri sem og alla framhaldsskóla á svæðinu frá Tröllaskaga til Húsavíkur. Starfsfólk skólans skrifaði og hrinti af stað þremur nýjum framhaldsnámskrám í klassískri tónlist, rytmískri tónlist og skapandi tónlist með það fyrir augum að gera nemendum, sem hyggjast gera tónlist að aðalstarfi, kleift að ljúka stúdentsprófi með allt að 114 einingum í tónlist við sinn framhaldsskóla. Verkefnið hefur nú þegar laðað framhaldsskólanemendur til bæjarins og nýtt við það þá miklu sérþekkingu og glæsilegu aðstöðu sem í skólanum býr til þess að styðja við menningar- og atvinnulíf á svæðinu. Innritaði skólinn 13 nemendur á þessa nýju námsbraut haustið 2018. Skólinn endurhannaði svo heimasíðu sína á árinu og hrinti af stað kynningaráætlun sem ætlað er að vekja athygli á hinu öflugna menningar- og menntastarfi sem unnið er á Norðurlandi.

Deildir	Fjöldi			Hlutfall	
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Skrifstofa fræðsluviðs	3	14	17	17,6%	82,4%
Leikskólar	14	278	292	4,8%	95,2%
Grunnskólar	105	407	512	20,5%	79,5%
Tónlistarskólinn	25	17	42	59,5%	40,5%
Samtals fræðslumál	147	716	863	17,0%	83,0%

Kynjasambætting og kynjuð fjárhagsáætlanagerð

Haustið 2018 var kynjaskipting starfsmanna í skólakerfinu þessi:

Engum dylst að verulega hallar á karlkennara í leik- og grunnskólum. Vegna kynjahallans var tekin ákvörðun um að í auglýsingum eftir starfsfólki í leik- og grunnskólum verði karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um störf.

Rekstur

Rekstur fræðslu- og uppeldismála var um 0,4% innan áætlunar ársins 2017 eða um 26 m.kr. Sameiginlegur kostnaður var um 5,5% innan áætlunar eða um 10,8 m.kr. sem skýrist fyrst og

fremst af viðbótartekjum. Þá var rekstur leikskóla og daggæslu um 12,5 m.kr. innan áætlunar eða um 0,6 %. Rekstur grunnskóla var á áætlun og rekstur Tónlistarskólans var um 1,6 % innan áætlunar eða um 4,4 m.kr.

Rekstrarupplýsingar grunnskóla úr Skólavoginni fyrir Akureyrarbæ árið 2017.

Rekstrarupplýsingar (allar kostnaðartölur í þús. kr.)

	Landið	Akureyri
Fjöldi nem. á hvern starfsm. við kennslu	10,0	11,0
Fjöldi nem. á hvern kennara	12,7	13,4
Fjöldi nem. á hverja stjórnunarstöðu	92,8	123,9
Fjöldi nem. á hvern almennan starfsm.	23,2	18,4
Hlutfall starfsm. við kennslu með réttindi	93,1 %	99,0 %
Árlegur launakostnaður á hvern nem.	1.220	1.084
Annar árlegur kostnaður á hvern nem.	573	466
Árlegar sértekjur skólans á hvern nem.	93	117
Árlegur kostnaður (nettó) á hvern nem.	1.340	1.125
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvern nem.	1.433	1.242
Meðalárslaun starfsm.	7.938	7.245
Innri húsaleiga á hvern nemanda.	339	309

Rekstrarupplýsingar leikskóla úr Skólavoginni fyrir Akureyrarbæ árið 2017.

Rekstrarupplýsingar (allar kostnaðartölur í þús. kr.)

	Landið	Akureyri
Fjöldi barna á hvert stöðug. við uppeldis- og mennt.störf/kennslu	4,0	4,1
Fjöldi barna á hvert stöðug. leikskólakennara	15,4	8,1
Fjöldi barna á hvert stöðug. uppeldismenntaðs starfsfólks	9,2	6,2
Fjöldi barna á hvert stöðug. við almenn störf	51,3	55,1
Fjöldi barna á hvert stöðug. við leikskólann í heild	3,7	3,8
Hlutf. starfsfólks við uppeldis- og menntastörf sem eru leikskólakennarar.	31,2 %	55,8 %
Hlutf. starfsfólks við uppeldis- og menntastörf með aðra uppeldismentun	19,1 %	12,5 %
Hlutf. starfsfólks við uppeldis- og menntastörf án uppeldismentunar	49,6 %	31,7 %
Hlutfall heilsdagsígilda	102,0 %	98,7 %
Árlegur launakostnaður á hvert barn	1.836 þ.kr.	1.614 þ.kr.
Annar árlegur kostnaður á hvert barn	524 þ.kr.	426 þ.kr.
Innri leiga á hvert barn	241 þ.kr.	190 þ.kr.
Árlegar tekjur leikskólans á hvert barn	344 þ.kr.	447 þ.kr.
Árlegur kostnaður (nettó) á hvert barn	1.766 þ.kr.	1.427 þ.kr.
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvert barn	2.109 þ.kr.	1.874 þ.kr.
Meðalárslaun á starfsfólk í leikskólum	6.672 þ.kr.	6.086 þ.kr.





Samfélagssvið

Samfélagssvið skiptist í þrjár deildir; forvarna- og frístunda-deild, íþróttadeild og Akureyrarstofu. Undir sviðið heyra æskulýðs- og forvarnamál, Vinnuskólinn, atvinnuáttak, tómstundir, íþróttamál, félagsmiðstöðvar unglunga og eldri borgara, handverksmiðstöð, jafnréttismál og önnur mannréttindamál. Akureyrarstofa annast ferðamál, atvinnumál, menningarmál og kynningarmál. Sviðið er frístundaráði og stjórn Akureyrarstofu til ráðgjafar varðandi stefnumótandi ákvarðanir í þeim málaflokkum sem undir það heyra og annast framkvæmd þeirra. Hlutverk sviðsins er að veita bæjarbúum, bæjarfulltrúum, forstöðumönnum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um málaflokka sviðsins. Miðstöð sviðsins er í Rósenborg sem áður var Barnaskóli Akureyrar.

Forvarna-og frístundadeild

Félagsmiðstöðvar Akureyrar, Félag

Á Akureyri eru starfræktar fimm félagsmiðstöðvar sem allir grunn-skólar sveitarfélagsins hafa aðgang að. Allt starfsfólk Félag vinnur að sameiginlegum markmiðum og þjónustar aldurshópin 10-16 ára. Þeir skólar sem eru utan Akureyrar fá þjónustu í formi námskeiða, fræðslu og ráðgjafar. Hríseyjarskóli og Hlíðarskóli fá reglubundna þjónustu en Grímseyjarskóli fær þjónustu eftir aðstæðum.

Umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna starfa sem forvarna- og félagsmálaráðgjafar hjá Akureyrarbæ og sjá því einnig um framkvæmdaáætlun forvarna fyrir 0-25 ára samhlíða starfinu í félagsmiðstöðvunum.

Börn og unglingar í bænum geta sótt þá félagsmiðstöð sem þau kjósa óháð sínum heimaskóla. Ópið er fjögur kvöld í viku í mis-munandi félagsmiðstöðvum fyrir unglunga. Að auki er fjölbreytt klúbbastarf fyrir alla aldurshópa sem dreifist á alla virka daga. Í öllum grunnskólum er kennd valgrein, félagsmálafræði, fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Auk þessara hefðbundnu starfa hafa umsvif Félag aukist síðustu ár og má þar meðal annars nefna Skóla-smíðju, starfstengt nám og fleiri sértæk verkefni. Reynt er að sjá til þess að í starfinu séu umsjónarmenn hópa af báðum kynjum til að tryggja börnum og unglungum aðgang að sterkum kynjafyrir-myndum. Einnig er áhersla lögð á að framboð verkefna hjá félagsmiðstöðunum sé sem jafnast til beggja kynja.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar sinna fjölbreyttri forvarna- og lífsleikni-fræðslu fyrir skóla yfir vetrartímann og fyrir vinnuskóla á sumrin. Einnig halda þeir utan um framkvæmdaáætlun forvarna-stefnu sem gerð er til tveggja ára í senn og nær yfir aðgerðir sem framkvæmdar eru í forvarnaskyni. Að auki leita þau leiða til að vekja athygli á forvarna- og lýðheilsutengdum málum í samfélaginu með til dæmis pistlum í miðlum sveitarfélagsins, með út-

gáfu dagatals svo eitthvað sé nefnt. Samtals heimsóknir í félagsmiðstöðvar Akureyrar á árinu 2018 voru um það bil 17 þúsund. Ekki er mögulegt að mæla alla þátttöku. Ekki er greinanlegur munur á þátttöku milli kynja.

Ungmennahúsið

Ungmennahúsið er upplýsinga- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk frá 16 ára aldri. Segja má að starfsemin skiptist í tvær meginlínur, ráðgjöf og stuðning undir merkjum Virkisins og svo menningu og listir. Starfsfólk Ungmennahússins hjálpar ungu fólki að koma góðum hugmyndum í framkvæmd og veitir aðstöðu til fjölbreytilegra verkefna. Í Ungmennahúsinu eru starfandi ýmsir hópar og klúbbar s.s. Hinsegin Norðurland, AFS og spilaklúbbar. En alltaf er rými fyrir fleira fólk og fleiri verkefni. Boðið er upp á ráðgjöf og stuðning fyrir ungt fólk um fjölbreytt mál svo sem vegna atvinnu, skóla eða heilsufarsmála. Ýmis konar námskeið eru í boði og fjölbreytt úrræði undir hatti Virkisins sem er samstarfsverkefni fjölmargra stofnana sem vinna með ungu fólki og er staðsett í Ungmennahúsinu. Einnig veitir Ungmennahúsið ráðgjöf og aðstoð vegna tækifæra sem felast í erlendu samstarfi í gegnum Evrópu unga fólksins. Öll þjónustan er gjaldfrjál. Samtals voru heimsóknir í Ungmennahúsið árið 2018 um það bil 5.000 yfir 9 mánaða tímabil en yfir sumarmánuðina breytist starfsemin og einungis skapandi sumarstörf eru í boði. Ekki er öll þátttaka eða heimsóknir skráðar. Aðeins hallar á kvenkynið en hlutfallið er rétt um 60 % karlkyn og 40 % kvenkyn.

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn færðist yfir til samfélagssviðs vorið 2018 og var það mikil áskorun að taka við verkefninu stuttu áður en ungmenni sjálf áttu að hefja sína vinnu. Samhlíða þessari ákvörðun tók bæjarstjórn ákvörðun um að 17 ára ungmenni tilheyrðu Vinnuskólanum en ekki atvinnuáttaki líkt og verið hefur í mörg ár. Þessi ákvörðun tryggði 17 ára ungmennum boð um jafnmarga tíma í vinnu og 16 ára eða samtals 240 tíma.

Yfir sumarið voru ráðnir 3 verkstjórar og 14 flokksstjórar.

391 ungmenni sótti um vinnu hjá Vinnuskólanum en 352 ungmenni þáðu vinnuna. Skiptingin á milli aldurs var þannig að 14 ára voru 184 og 15 ára voru 168. Meirihluti 14 og 15 ára unglunga vann á sjö starfsstöðum sem voru við grunnskóla bæjarins. Aðeins eitt starfstímabil var í boði líkt og undanfarin ár. Tímabilið var frá 11. júní til 14. ágúst eða í 9 vikur.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig þátttakan var í þeim fjór-um árgöngum sem stóð til boða að fá vinnu í Vinnuskólanum, hlutfall þátttöku miðað við fjölda barna í árgangi og hlutfall skil-aðra vinnustunda á árgang.

Líkt og árið á undan tóku 14 ára starfsmenn Vinnuskólans þátt í Sjávarútvegsskóla Norðurlands eða Fjölmíðlaskóla Rósenborgar. Óhætt er að segja að mikil ánægja hafi verið með báða skólana og starfsmenn víðað að sér fjölbreyttri þekkingu á þessum mjög svo ólíku atvinnugreinum. Voru þessi tvö námskeið stærst en einnig er boðið upp á fjölbreytta fræðslu s.s. vinnusíðferði, samskipti, erindi frá vistorku og fjármálafræðsla.

Atvinnuáttak, sumarvinna fyrir 18-25 ára

Beim sem sækja um í atvinnuáttak Akureyrarbæjar er útveguð vinna hjá ýmsum stofnunum og félagasamtökum hjá bænum.

Sumarið 2018 sóttu 90 einstaklingar um starf í sumarvinnu fyrir 18-25 ára. Af þeim hófu 72 störf. Einhverjir náðu ekki að vinna

	2018			
	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára
Fjöldi nemenda:	295	262	269	280
Þáttaka:	184	168	73	32
Hlutfall:	62,4 %	64,1 %	27,1 %	11,4 %
Tímar í boði:	105	180	240	240
Hámarks tímalfj.				
m.v. þáttöku:	19.320	30.240	17.520	7.680
Rauntímar unnir:	14.215	11.970	9.970	4.234
Hlutfall:	73,6 %	39,6 %	56,9 %	55,1 %
Laun - dagvinna:	551	629	826	1.437
Dagv. m/orlofi:	607	693	910	1.583
Laun f/tímabil:	63.735	124.740	218.400	379.920

út samning sinn en þeir höfðu yfirleitt fengið boð um aðra vinnu en einnig voru dæmi um að heilsa einstaklinganna gerði það að verkum að þeir voru óvinnufærir.

Boðið var upp á vinnu í 5 vikur, 35 stunda vinnuviku eða 175 vinnustundir í það heila yfir sumarið fyrir hvern einstakling.

Mjög vel gekk að finna vinnustaði fyrir þennan aldurshóp og reyndar kom upp sú staða fljótlega um sumarið að ekki var hægt að útvega öllum vinnustöðunum starfsfólk. Flestir umsækjendur gátu valið milli tveggja til þriggja staða. Alls voru vinnustaðirnir 16 sem er aðeins færri en síðasta sumar. Íþróttafélögin voru áberandi, annars var um mjög fjölbreytt úrval vinnustaða að ræða. Má þar nefna Íðnaðarsafnið, Hamra, Rósenborg, Lystigarðinn og íþrótt- og útivistarsvæði bæjarins.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Vinna við innleiðingu Barnasáttmálans hélt áfram á árinu 2018. Sem dæmi um áhrif vinnunnar má sjá að nú á ungmennaráð bæjarins áheyrnarfulltrúa í bæði fræðslu- og frístundaráði. Á degi barnsins þann 20. nóvember stóðu ungmenni fyrir viðburði á Amtbókasafninu þar sem m.a. var vakin athygli á stöðu ungmenna með andleg veikindi í skólakerfinu, sjálfsvíg meðal ungs fólks og reynslu flóttabarna af skólakerfinu.

Unnið var að aðgerðaáætlun sem lögð verður fyrir Bæjarstjórn Akureyrar í upphafi árs 2019. Verkefnið barnvænt sveitarfélag er tveggja ára ferli sem í raun lýkur aldrei. Á tveggja ára fresti er safnað saman gögnum um börn og þannig verður til heildstætt gagnasafn um stöðu barna og mun aðgerðaáætlun ávallt byggja á þeim. Þannig verður sífellt rýnt í breytingar í samfélaginu, niðurstöður nýrra rannsókna og tryggt að það verði haft að leiðarljósi sem er börnum fyrir bestu.

Íslenska ríkið lögfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2013. Eftir lögfestinguna krafðist barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna þess að stjórnvöld gerðu markvissa áætlun um innleiðingu hans. Sveitarfélögin hafa megnið af nærþjónustu við börn á sínu borði og því er nauðsynlegt að þau innleiði sáttmálann í vinnu sína. Akureyrarbær er fyrsta sveitarfélagið til að leggja upp í þessa vegferð og hefur UNICEF á Íslandi stutt dyggilega við bakið á þeim starfsmönnum sem leitt hafa verkefnið.

Punkturinn, Víðilundur og Bugðusiða

Punkturinn, handverksmiðstöð, starfaði með hefðbundnu sniði á árinu. Fjöldi og innlit þeirra sem sóttu tómstundastarf barna og fullorðinna var rétt rúmlega 18 þúsund sem er svipað og síðustu ár. Boðið var upp á opna aðstöðu til handverksíðkunar auk styttri námskeiða fyrir börn, unglinga og fullorðna. Í boði voru fjölbreytt námskeið sem þátttakendur sýndu áhuga og voru vel sótt. Allar upplýsingar um starfsemi Punksins má finna heimasíða hans www.punkturinn.akureyri.is.

Félagsmiðstöðvar eldri borgara eru tvær; í Víðilundi 22 og að Bugðusiðu 1. Starfsemin er mjög fjölbreytt og í stöðugri mótun í samvinnu við notendaráð eldri borgara. Þeir sem hafa náð 60 ára aldri eru velkomnir. Markmiðið er að tryggja og viðhalda andlegri, félagslegri og líkamlegri færni þeirra til að njóta efri árána eftir vilja og getu hvers og eins. Árið 2018 var lögð mikil áhersla á heilsueflingu, t.d. jóga, leikfimi, linudans, göngu og slökun. EBAK, Félag eldri borgara á Akureyri, hefur skrifstofuaðstöðu og fundarherbergi í Bugðusiðu 1 og nýtur styrks frá Akureyrarbæ til að ráða einn starfsmann. Í desember var gerður nýr samningur við EBAK sem hefur í för með sér ýmsar breytingar eins og t.d. opnun yfir hluta sumarsins.

Aðsókn er góð en þó sækja fleiri starfseminu í Víðilundi en í Bugðusiðu. Fjöldi þeirra sem sótti félagsmiðstöðina í Bugðusiðu var rétt tæplega 20 þúsund á árinu en rúmlega 22 þúsund sóttu félagsmiðstöðina í Víðilundi. Fólk les blöðin, fær sér kaffisopa eða sækir annað félags- og tómstundastarf sem er í boði. Ýms námskeið eru í boði í handverki auk ýmissa annarra námskeiða sem snýr að hreyfingu eða hugleiðslu eða fólk kemur bara til að spjalla og njóta samveru í góðum félagskap.

Þríeykið hélt tónleika í Víðilundi og flutti tónlist eftir þá bræður Jón Múla og Jónas Árnasyni sem tókst svo vel að ákveðið var að halda aðra tónleika og var fullur salur í bæði skiptin.

Þorralblót eru haldin í Víðilundi og Bugðusiðu og mjög vel sótt. Aðventuskemmtun er haldin hvert ár í byrjun desember. Handverksmarkaður var haldin í maí í félagsmiðstöðinni í Víðilundi.







Íþróttadeild

Íþróttamál

Í upphafi árs 2018 hækkaði frístundastyrkur fyrir 6-17 ára börn á Akureyri í 30.000 kr. á barn. Nýting frístundastyrksins var tæp 79% árið 2018. Alls notuðu 2.579 börn og unglingar frístundastyrkinn með einhverju móti árið 2018. Frístundastyrkurinn var notaður fyrir alls 74.423.181 kr. sem samsvarar að meðaltals styrkuppþæð þessara 2.579 barna og unglinga var 28.857 kr. Kynjaskipting á notkuninni er 49,8% drengir og 50,2% stúlur. Flestar skráningar eru hjá Íþróttafélaginu Þór, Knattspymufélagi Akureyrar og Fimleikafélagi Akureyrar sem eru með um 52,4% allra skráninga.

Ný íþróttastefna Akureyrarbæjar og ÍBA var samþykkt í bæjarráði í febrúar 2018. Íþróttastefnan á að vera leiðarljós og aflvaki fyrir bæjaryfirvöld, forystumenn íþróttahreyfingarinnar og aðra íbúa til framfara og góðra verka á sviði íþróttamála og lýðheilsu. Á grundvelli hennar mun frístundaráð og stjórn ÍBA byggja aðgerðaáætlanir sínar til lengri og skemmri tíma. Stefnuna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Veturinn 2017-2018 voru skrifstofur ÍBA, ÍSÍ og SKÍ fluttar frá Glerárgötu upp í Íþróttahöll. Á vordögum var nýr nudd- og legupottur vígður í Sundlaug Akureyrar og lokið var við lóðarfrágang á sundlaugarsvæðinu þar sem settir voru upp tveir ærslabelgir, grænt gervigrasleiksvæði og sólbaðsaðstaða. Sett var nýtt talnalásakerfi í alla skápa í búningasklefum Sundlaugar Akureyrar. Í upphafi sumars var skipt um dúk í eldra sundlaugarkarinu. Yfir sumarið var opnunartími í Sundlaug Akureyrar lengdur um helgar.

Í Hlíðarfjalli var sumaropnun um helgar í Fjarkanum fyrir

fjallahjólreiðamenn og göngufólk. Reynslan og nýtingin var góð og verður verkefninu fram haldið sumarið 2019. Jarðvegsframkvæmdir vegna nýrrar notaðrar stólalýftu hófust í Hlíðarfjalli sumarið 2018. Ekki tókst að ljúka framkvæmdum og uppsetningu lyftunnar árið 2018 og verður verkið klárað 2019.

Framkvæmdir við nýtt gólf í Íþróttasal Íþróttamiðstöðvar Glerárskóla frestuðust um ár en skipt var um körfuboltakörfur í salnum. Í Íþróttamiðstöð Giljaskóla var sett upp nýtt anddyri inn í íþróttamiðstöðina. Nýir skor- og tímaklukkuskjái voru settir upp í Íþróttahöllinni og í Skautahöllinni. Um sumarið fékk Hnefaleikafélag Akureyrar úthlutað norðursal Íþróttahúss Laugargötu undir sína starfsemi. Á skólalóð Naustaskóla reis utanhúss körfuboltavöllur. Gervigras var endurnýjað á tveimur sparkvöllum, við Brekkuskóla og Oddeyrarskóla.

Íþróttamannvirki bæjarins eru sjö íþróttahús, fjórar sundlaugar, skiðasvæðið í Hlíðarfjalli, knattspyrnuhöll, reiðhöll, skautahöll og tvær stúkubýggingar. Auk þess tekur íþróttadeild þátt í rekstri sjö sparkvalla, þriggja hjólabrettasvæða og útikörfuboltavallar með öðrum deildum bæjarins og kemur að rekstri knattspyrnugrasvalla, golfvallar og aksturssvæðis í formi rekstrarstyrks.

Heimsóknir og aðsókn í íþróttahús bæjarins er svipuð milli ára þar sem grunnskólar og aðildarfélög ÍBA eru áberandi í mannvirkjunum, en árið 2018 sóttu um 330 þúsund manns Íþróttahöllina og 115 þúsund Íþróttahús Glerárskóla annars vegar og Íþróttamiðstöð Giljaskóla hins vegar. Í Íþróttahús Síðuskóla koma um 104 þúsund gestir árlega. Rúmlega 4 þúsund heimsóknir eru í Íþróttahúsið við Laugargötu. Talning í Hlíðarfjalli byggir á seldum einingum, sama á við um sundlaugar bæjarins að viðbættum grunnskólanemum og iðkendum sundfélagsins, sjá töflu 1.

Tafla 1 - Heimsóknir í íþróttamannvirki

Mannvirki	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Hlíðarfjall	65.156	53.571	65.333	48.524	65.034	75.714	60.435	64.457
Íþr.miðstöðin í Hrísey	10.403	10.447	10.328	9.865	12.423	13.198	10.500	12.500
Sundlaug Akureyrar	431.044	388.963	365.364	349.614	362.536	352.401	323.292	330.000
Sundlaug Glerárskóla	84.000	83.500	82.000	74.000	62.000	60.000	58.000	58.000
Sundlaugin í Grímsey	1.307	1.666	1.408	1.231	1.960	1.466	2.200	2.000



Í töflu 2 sést yfirlit yfir helstu seldu einingar í Sundlaug Akureyrar.

Tafla 2 - Einingar	2018	2017	2016	2015
12 mánaða kort fullorðinna	812	782	840	724
10 miða kort fullorðinna	2.940	2.535	2.188	1.841
30 miða kort fullorðinna	756	659	544	755
1 miði fullorðinna	68.093	56.063	59.376	56.439
12 mánaða kort 67 ára og eldri	452	442	443	341
1 miði 67 ára og eldri	4.772	4.365	4.193	2.958
12 mánaða kort barna	1.038	1.110	908	955
10 miða kort barna	570	434	364	359
1 miði barna	50.048	41.607	33.193	31.030
Samtals	129.481	106.556	102.049	95.402

Stærstu kostnaðarliðir íþróttamála er húsaleiga til umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar, sem var 867 milljónir á árinu og styrkir í formi húsaleigu til aðildarfélaganna ÍBA sem námu 381 milljón. Lausafjárleiga og leiga til eignarsjóðs var 63 milljónir á árinu.

Aðildarfélag ÍBA standa fyrir og koma að mörgum fjölbreyttum árglegum íþróttaviðburðum í íþróttamannvirkjum bæjarins, s.s. knattspyrnumótum og Andrésar Andarleikunum. Auk þess fara margvíslegir aðrir viðburðir fram í íþróttamannvirkjum bæjarins, s.s. tónleikar, listasýningar, veislur, ráðstefnur og fundir. Af íþróttaviðburðum ársins ber helst að nefna að Bikarmót SKÍ á gönguskiðum fór fram í Hlíðarfjalli í febrúar, öldungablakmót BLÍ, Öldungur, fór fram á Akureyri í lok apríl þar sem spilað var í KA heimilinu og í Boganum. Aldursmeistararnót Íslands í sundi fór fram í Sundlaug Akureyrar í júní. Í september var haldið Norðurlandamót í lyftingum í Íþróttahöllinni. Nokkur íþróttafélög fögnuðu stórafmæli á árinu 2018; KA varð 90 ára, Létir varð 90 ára, Eik varð 40 ára og UFA 30 ára.

Árið 2018 birti ÍSÍ iðkendatölur byggðar á upplýsingum frá 2017. Alls voru 7.295 iðkendur skráðir hjá aðildarfélögum ÍBA árið 2017, þar af voru 62% karlar og 38% konur. Fjöldi iðkenda 17

ára og yngri innan vébanda ÍBA var samtals 3.790, þar af voru 56% drengir og 44% stúlkur. Fjöldi iðkenda 18 ára og eldri var samtals 3.505, þar af voru 70% karlar og 30% konur. Um 64% af öllum iðkendum eru skráðir í fimm aðildarfélög ÍBA.

Íþróttadeild heldur utan um heilsuefandi samfélag og stendur fyrir ýmsum viðburðum, t.d. var í maí líkt og undanfarin ár farið í samstarf við aðila og félög sem vinna að heilsuefingu og íþróttum, fyrir „Akureyri á iði“ þar sem íbúum Akureyrar stóð til boða fjölbreytt hreyfing og heilsuefning öllum að kostnaðarlausu.

Þriðja árið í röð var öllum grunn- og framhaldsskólanemendum á Akureyri boðinn frír aðgangur að sundlaugum og í Hlíðarfjalli í einn dag í vetrarfríi skóla á Akureyri í mars.

Í samstarfi við ÍBA og ÍSÍ stóð íþróttadeild fyrir fræðslufyrirlestri í desember sem haldinn var í Háskólanum á Akureyri fyrir iðkendur og foreldra.

Á haustdögum var farið í jafnréttisúttekt á meðal aðildarfélaganna ÍBA og dansskóla þar sem athuguð var þjónusta við drengi og stúlkur sem taka þátt í skipulögðum íþróttastarfi. Niðurstöður úttektarinnar munu liggja fyrir á vordögum 2019.

Í upphafi vetrar var skipað í stýrihóp Heilsuefandi samfélags með fulltrúum frá frístundaráði, ungmenntaráði, fræðsluviði, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og velferðarsviði.

Endurnýjaður var samstarfssamningur við Vini Hlíðarfjalls, svo og Skíðasamband Íslands á árinu. Frístundaráð gerði 3ja ára rekstrarstyrktarsamning við Skíðafélag Akureyrar vegna Andrésar Andar leikanna.

Í gegnum samstarfssamning við Akureyrarbæ úthlutar ÍBA rekstrarstyrkjum til aðildarfélaganna sinna en að auki veitir frístundaráð landsliðsmönnum aðildarfélaganna ÍBA styrk í formi árskorts í sundlaugar Akureyrarbæjar. Alls veitti frístundaráð styrki og framlög fyrir um 202 milljónir á árinu í formi byggingastyrkja, ýmissa styrkja og afrekssjóðs. Hæstu styrktarframlögin eru til aðildarfélaganna vegna rekstrarsamninga um rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar.

Á athöfninni Íþróttamaður Akureyrar í janúar 2019 voru Viktor Samúelsson og Hulda B. Waage, bæði úr Kraftlyftingarfélagi Akureyrar, útnefnd íþróttakarl og íþróttakona Akureyrar 2018. Á sömu



athöfn voru Árna Óðinssyni, fyrrverandi formanni bórs, og Hrefnu G. Torfadóttur, fyrrverandi formanni KA, veittar heiðursviðurkenningar frístundaráðs.

Frístundaráð og Afrekssjóður taka saman upplýsingar um fjölda Íslandsmeistara og landsliðsmanna aðildarféлага ÍBA árlega og veita viðurkenningar í samræmi við þær upplýsingar, sjá töflu 3.

Tafla 3						
Ár	Íslandsmeistarar			Landsliðsmenn		
	Fjöldi	KVK	KK	Fjöldi	KVK	KK
2018	190	44 %	56 %	108	53 %	47 %
2017	243	52 %	48 %	114	41 %	59 %
2016	301	41 %	59 %	101	40 %	60 %
2015	270	34 %	66 %	102	36 %	64 %
2014	154	38 %	62 %	86	45 %	55 %
2013	162	33 %	67 %	102	38 %	62 %
2012	224	53 %	47 %	107	41 %	59 %
2011	162	32 %	68 %	96	40 %	60 %

Jafnréttismál

Í byrjun árs 2016 samþykkti bæjarstjórn nýja jafnréttisstefnu ásamt aðgerðaáætlun til þriggja ára.

Þær kröfur eru gerðar til jafnréttisáætlana sveitarfélaga að í þeim komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum og að þær innihaldi framkvæmdaáætlun um hvernig leiðréttu skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

Akureyrarbær hefur einnig skyldum að gegna samkvæmt jafnréttislögum sem vinnuveitandi og ber því að gera í jafnréttisáætlun sérstaklega grein fyrir hvernig vinna skal að því að störf flokkast ekki í sérstök kvenna- og karlastörf, hvernig launajafnrétti skuli tryggt, gæta þess að störf séu opin báðum kynjum og bæði kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Ennfremur að gera ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldulíf og atvinnu og koma í veg fyrir kynbundna og kynferðislega áreitni.

Sérstakar kröfur eru einnig gerðar til sveitarfélagsins vegna skólastarfs og íþróttar- og tómstundastarfs og tekur jafnréttisstefnan mið af því. Allar deildir og stofnanir bæjarins skulu taka mið af jafnréttisstefnunni.

Á árinu 2018 veitti frístundaráð jafnréttisviðurkenningar eftir að hafa auglýst eftir tilnefningum. Samkvæmt jafnréttisstefnunni er hægt að veita viðurkenningar í þremur flokkum; til einstaklinga, til fyrirtækja eða til félaga/félagasamtaka. Eftirtaldir aðilar fengu jafnréttisviðurkenningu á árinu 2018; Andrea Hjálmsdóttir, lektor í félagsfræði við HA, fyrir störf sín að jafnréttismálum og Öldrunarheimili Akureyrar fyrir markvissa vinnu við að innleiða kynjasambættingu inn í starfsemi sína og afnema staðalímyndir kynjanna.

Á haustmánuðum 2018 var ákveðið af frístundaráði að ráðast


í könnun á jafnréttisstarfi íþróttar- og tómstundafélaga og verða niðurstöður tilbúnar á vormánuðum 2019.

Akureyrarbær hefur verið í norrænu samstarfi um jafnréttismál á undanförunum árum og á árinu 2018 var ákveðið að taka þátt í norrænu samstarfsverkefni sem er leitt af háskólanum í Agder í Noregi. Rannsaka á kynferðislega áreitni meðal starfsfólks í heilbrigðisgeiranum og munu starfsmenn Öldrunarheimilanna, starfsmenn í heimaþjónustu og starfsmenn í búsetukjörunum taka þátt í þessari rannsókn. Samstarfsveitarfélögin eru Arendal í Noregi og Eskilstuna í Svíþjóð. Þetta er þriggja ára verkefni og verða niðurstöður kynntar á vormánuðum 2020.


Samkvæmt jafnréttislögum skal þess sérstaklega gætt að kynjahlutfall í ráðum og nefndum á vegum sveitarfélaga sé sem jafnast og ekki undir 40 % þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Á meðfylgjandi myndum má sjá hvernig kynjaskipting er í ráðum og nefndum Akureyrarbæjar að loknum kosningum vorið 2018 og skiptingu formannsembættu á milli kynja.

Kynjahlutfall í ráðum og stjórnnum eftir kosningar 2018



Formennska í ráðum og stjórnnum





Akureyrarstofa

Akureyrarstofa er heimahöfn menningar-, markaðs-, kynningar- og ferðamála hjá Akureyrarbæ. Amtsbókasafnið, Héraðsskjalasafnið og Listasafnið á Akureyri tilheyra rekstri Akureyrarstofu og hún annast samskipti við sjálfstæðar menningarstofnanir sem njóta verulegs stuðnings bæjarins. Jafnframt annast hún viðburðahald fyrir bæinn og samskipti við fjöldamarga skipuleggjendur viðburða í bænum. Miðpunktur starfseminnar er Akureyri en Akureyrarstofa hefur náð samstarf við aðila sem vinna á stærri svæðum s.s. Markaðsstofu Norðurlands og Atvinnuþróunarfélög Eyjafjarðar. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er rekin af Akureyrarstofu og annast upplýsingagjöf til ferðamanna þegar þeir eru komnir til Akureyrar, auk þess að svara fyrirspurnum alls staðar að úr heiminum.


Ferða- og markaðsmál

Ferðaþjónustan heldur áfram að vaxa og dafna. Nýting gisti- rýma á hótélum og gistiheimilum hefur aukist um 4 % milli ára, á þetta eingöngu við um skráð gistirými í þessum tveimur flokkum. Vísbendingar eru um talsverða aukningu á framboði Airbnb en talið er að í bænum hafi um 400 aðilar verið með rúmlega 1.500 rými árið 2018, eftir að hin svokallaða 90 daga regla tók gildi í ársbyrjun 2017 en í henni felst að einstaklingum er heimilt að leigja út lögheimili sín og eina aðra fasteign sem er í þeirra eigu til allt að 90 daga á hverju almanaksári án þess að lúta sömu reglum um leyfi og gjöld og gilda um atvinnurekstur. Lítið hefur verið um nýja gististaði en hins vegar hafa nokkrir staðir bætt við sig til að auka framboð gistirýma. Nokkrir nýir veitingastaðir og barir opnuðu á árinu og afþreyingarúrval hélt áfram að aukast. Ferðaskipuleggjendum fjölgaði með áherslu á allt frá ljósmyndaferðum til jeppaferða, gönguferðum með heimsóknum í heimahús til hjóla- og „Hop on – hop off“ ferða, auk þess sem boðið var upp á ýmsar nýjungar hjá rótgrónum fyrirtækjum.


Hvalaskoðun hefur gengið mjög vel en á árinu voru tvö stærstu fyrirtækin sameinuð í eitt. Mikið er um hnúfubak í firðinum og voru ferðir í boði allan veturinn frá Akureyri.

Gistinætur 2016-2018

Öll gisting á Akureyri



Meðalfjöldi og nýting herbergja á hótélum og gistiheimilum á Akureyri 2011-2018



Ferðamannavegur um Norðurland sem Akureyrarstofa hafði frumkvæði að er í góðum farvegi og er stýrt af Markaðsstofu Norðurlands. Leiðin ber heitið „Norðurstrandarleiðin“ eða „Arctic Coast Way“ og var breska ráðgjafaskrifstofan „Blue Sail“ fengin til ráðgjafar varðandi þróun á upplifun, afþreyingu og matarmenningu á árinu. Stefnt er á að leiðin verði vígð 8. júní 2019.

Mikið hefur verið unnið í úrbótum á vinsælum ferðamanna- stöðum í bænum á árinu. Vinna við breytingar og stækkun Listasafnsins á Akureyri var lokið í ágúst 2018. Áfram var unnið í Strandstignum við Drottningarbrautina og lokið við smíði

Samkomubúarinnar fyrir framan leikhúsið og hún vígð í byrjun sumars. Í Hlíðarfjalli hófust framkvæmdir við nýja stólaftyftu á árinu, verkefni sem stendur til að ljúka 2019. Boðið var upp á sumar- opnun um helgar í Fjarkanum fyrir fjallahjólreiðamenn og göngu- fólk sem heppnaðist vel. Framkvæmdum við Sundlaug Akureyrar lauk á árinu. Nýja kennileitið fyrir heimskaupsbauginn í Grímsey var flutt samanber hreyfingu baugsins á sumarsólstöðuhátíðinni.

Ný gönguleið var lögð meðfram efri hluta Glerár, vestan megin árinna upp að nýju stíflunni í dalnum eða um 7 km leið og mun tengjast öðrum stígum meðfram ánni á árinu 2019. Einnig var vígður nýr hjóla- og göngustígur milli Hrafnagils og Akureyrar sem Eyjafjarðarsveit sá um að láta gera. Hannað var nýtt kort af bænum með helstu þjónustubáttum og áhugaverðum stöðum. Sett voru upp „sjálfu-umferðarljós“ með rauðu hjarta við Hof fyrir ferðamenn í þeirri von að draga þá frá myndatöku við gatnamót. Auk þess sem sett voru upp 6 nýjar söguvörður á árinu í samstarfi við Norðurorku sem segja sögu Oddeyrarinnar meðfram Strandgötunni og tengja þannig við aðrar söguvörður sem fjalla um miðbæinn og innbæinn.

Skipulag almenningssamgangna var með svipuðu sniði og verið hefur. Ferðum Strætó milli Akureyrar og Reykjavíkur fækkaði um eina á fimmtudögum yfir vetrartímann. Ekki tókst að leysa samtengingu Strætó og ferja til og frá Hrísey og Grímsey og þurftu farþegar því að bjarga sér eftir öðrum leiðum sem er bagalegt fyrir ferðaþjónustuna í eyjunum. Aukin tíðni ferjusiglinga til Grímseyjar eða 5 brottfarir á viku yfir sumartímann, 3 á haustin og 4 eftir áramótin fram á vorið, var haldið áfram, en dregið var úr flugi yfir hásumarið og flýgur Norlandair einungis 5 daga vikunnar í júlí og ágúst í stað daglega eins og áður var.

Farþegum með Strætó á Norðurlandi (leið 56, 78 og 79) hélt áfram að fækka eða um 1,4 % milli ára eða um 161 farþega og var fækkunin mest 25 % í september en mest var aukningin í mars eða 31 %. Alls ferðaðust um 11.459 manns með Strætó árið 2018 á móti 11.620 árið 2017. Á leið 57 milli Akureyrar og Reykjavíkur vantar gögn fyrir alla mánuðina nema júní til ágúst. Þá fóru alls um 29.581 farþegar árið 2018 á móti 38.227 árið 2017 sem er fækkun um 22,6 %.

Árið 2017 hóf Air Iceland Connect að bjóða upp á beint innanlandsflug milli Keflavíkurflugvallar og Akureyrar í tengslum við milli- landaflug í Keflavík. Í lok febrúar 2018 var tilkynnt að fluginu yrði hætt um vorið sem var mikið áfall þar sem ferðaskrifstofur og heildsalar voru farnir að sýna þessu flugi áhuga. Ákvörðuninni var síðan breytt seinna um árið og hófst tengiflug að nýju til Keflavíkur í október 2018 og er í boði 4 daga vikunnar.

Í janúar 2018 hóf breska ferðaskrifstofan Super Break beint flug til Akureyrar frá ýmsum stöðum í Bretlandi. Þetta var í fyrsta sinn sem boðið var upp á beint flug hingað frá Bretlandi. Mikill áhugi var á þessum ferðum þannig að alls var boðið upp á 14 ferðir á tímabilinu janúar til mars 2018 og var nýting flugsæta um 90 %. Í framhaldinu ákvað ferðaskrifstofan að setja upp fleiri ferðir að ári og hófu ferðir til Akureyrar að nýju í desember 2018. Í lok árs 2018 var síðan tilkynnt að hollensk ferðaskrifstofa myndi hefja beint flug til Akureyrar í maí 2019 og fljúga yfir sumarið.

Vaðlaheiðargöng voru opnuð fyrir umferð í desember 2018 og stýttist leiðin austur við það um 15 km, auk þess að vera mikil samgöngu- og öryggisbót fyrir svæðið.

Akureyrarstofa var þátttakandi í fjálmörgum verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu og markaðssetningu bæjarins. Stofan heldur utan um markaðsáttakið Komdu norður, er með fulltrúa í vinnu- hópum Norðurstrandarleiðarinnar og lagði fyrir hönd Akureyrar- bæjar fjármagn til reksturs flugklasans AIR66 og til Markaðsstofu Norðurlands, samtals tæpar 19 m.kr. Flugklasinn stefnir að bættari markaðssetningu Akureyrarflugvallar og beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll en Markaðsstofan annast m.a. markaðssetningu á landshlutanum erlendis í samstarfi við Íslandsstofu.

Akureyrarstofa vinnur að ýmsum verkefnum í samstarfi við ferðaþjónustuaðila í Grímsey og Hrísey. Fengist hafa styrkir í nokkur verðug verkefni, m.a. markaðsáttak fyrir Grímsey og hönnun minjagrips fyrir kvenfélagið í Grímsey. Akureyrarstofa hefur að auki á sinni könnu útgáfu upplýsingabæklinga fyrir ferðafólk hvort tveggja fyrir Grímsey og Hrísey. Þessir bæklingar eru uppfærðir árlega. Undir lok ársins voru unnar nýjar umsóknir í Uppbyggingar- sjóð Norðurlands eystra fyrir markaðssetningu Hríseyjar og Gríms- eyjar árið 2019 sem fengust samþykktar.

Ársskýrsla bæjarins var gefin út af Akureyrarstofu og var ein- göngu aðgengileg á rafrænu formi eins og síðustu ár. Þeir sem þess óskuðu gátu fengið hana útprentaða í þjónustuanddyri Ráð-

hússins. Eins og áður var gefinn út stór og gagnmerkur upplýsinga-bæklingur um Akureyri á ensku í samstarfi við fyrirtækið MDR. Upplag bæklingins var 30.000 eintök árið 2018. Akureyrarstofa hefur einnig umsjón með hönnun og birtingu almennra auglýsinga um ágæti bæjarins fyrir alls kyns aðra bæklinga og blöð. Gjarnan eru þær birtar undir slagorðinu „Komdu norður“.

Vefumsjón með Akureyri.is hefur færst frá Akureyrarstofu til stjórnsýslusviðs en áfram er ritstjórn forsiðunnar í höndum verkefnastjóra upplýsinga- og kynningarmála. Árið 2018 voru lögð drög að miklum endurbótum og nýju útliti ferðamannasíðunnar Visitakureyri.is og standa vonir til að sú vinna klárast vorið 2019. Fyrir utan að annast vefsíðunnar Akureyri.is og Visitakureyri.is, heldur Akureyrarstofa úti a.m.k. fimm síðum á samfélagsmiðlinum Facebook: Síðunni „Akureyrarbær“ sem er hugsuð sem upplýsinga-síða fyrir bæjarbúa, „Komdu norður“ sem er fyrir íslenska gesti, „Visitakureyri“ fyrir erlenda ferðamenn og sérstökum síðum fyrir bæði Hrísey og Grímsey sem ætlað er að höfða sérstaklega til erlendra ferðamanna, auk þess að vera með sér síðu fyrir ferðapjónustuaðila á Akureyri. Einnig hefur Akureyrarstofa umsjón með þremur síðum á Instagram, einni fyrir Akureyrarbæ, annari fyrir Hrísey og þeirri þriðju fyrir Grímsey. Loks hefur verið stofnuð tístíða á Twitter fyrir Akureyrarbæ.

Haustið 2018 var haldin vegleg ferðakaupstefna á Akureyri, Vestnorden 2018, en síðast var sú kaupstefna haldin hér árið 2010. Tókst viðburðurinn vel, um 600 aðilar skráðir til leiks frá alls 30 löndum, þar af um 370 að sýna og bjóða fram vöru eða þjónustu og hátt í 200 að kynna sér og kaupa það sem í boði er. Mót-taka var í Hofi en kaupstefnan sjálf í Íþróttahöllinni.

Akureyrarstofa kynnti þar að auki bæinn sem áfangastað fyrir ferðamenn með þátttöku á Mid Atlantic ráðstefnunni. Þetta starf virðist ætla að skila góðum árangri því áhugi erlendra ferðaskrifstofa hefur aukist mikið og voru fulltrúar Akureyrar þétt bókaðir á fundi á sýningunni þar sem kostir bæjarins voru kynntir. Akureyrarstofa hefur einnig átt tvo fulltrúa á Mannamótum, árlegum viðburði sem haldinn er í Reykjavík til að kynna landsbyggðina fyrir ferðaaðilum á höfuðborgarsvæðinu.

Menningarmál

Þann 2. mars var undirritaður samningur Akureyrarbæjar og Menningarfélags Akureyrar (MAK) um stuðning sveitarfélagsins við starfsemi félagsins næstu þrjú árin. MAK heldur áfram rekstri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, framleiðslu á leiklist undir merkjum Leikfélags Akureyrar og rekstri fyrirmyndarvettvangs fyrir lista- og menningarviðburði í Menningarhúsinu Hofi og Samkomuhúsinu á Akureyri.

Samningurinn felur í sér nokkur tímamót þar sem framlög til starfseminnar hækka umtalsvert og er meginmarkmiðið að styrkja og efla starf atvinnuleikhússins. Framlög til samningsins eru á yfirstandandi ári 243,1 m.kr. og er það hækkan um 50 m.kr. frá síðasta ári. Hækkunin byggir annars vegar á samstarfssamningi ríkisins og Akureyrarbæjar um menningarmál en úr honum koma tæpar 23 m.kr. og hins vegar á auknu framlagi úr bæjarsjóði upp á ríflega 27 m.kr. Á árinu 2019 verður framlagið að lágmarki 261 m.kr. og 270,6 m.kr. á árinu 2020. Að auki greiðir Akureyrarbær MAK 4,2 m.kr. í sérstakan tónlistarsjóð sem félagið mun reka í nafni bæjarins, 2 m.kr. fyrir rekstur almenningssalerna og 1 m.kr. fyrir fundaraðstöðu fyrir bæjarstjórn í Hömrum.

Samningurinn felur einnig í sér þau tímamót að fest er í sessi til næstu þriggja ára það fyrirkomulag að MAK reki undir einum hatti þá starfsemi sem Leikfélag Akureyrar, Menningarfélagið Hof og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands höfðu áður með höndum. Allur sá rekstur verður alfarið á höndum MAK. Starfsemi félaganna þriggja breytist, þau verða bakhjarlar starfseminnar hvert á sínu sviði og virkja áhugafólk til þátttöku í viðburðum og stefnumótun. Stjórnir félaganna munu hafa ráðgefandi hlutverk og þær skipa hver sinn fulltrúa í stjórn MAK.

Þann 14. maí undirrituðu Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri á Akureyri og Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra nýjan samning ráðuneytisins og Akureyrarbæjar um framlag ríkisvaldsins til menningarmála í bænum til næstu þriggja ára.

Meginmarkmið samningsins er að efla hlutverk Akureyrar í lista- og menningarlífi á Íslandi.

Með stuðningi ríkisins við atvinnustofnanir á sviði leiklistar, myndlistar og tónlistar er Akureyri eflað sem þungamiðja öflugs menningarstarfs utan höfuðborgarsvæðisins og atvinnumennsku á sviði lista. Styrkja á þá innviði sem felast í öflugum menningarstarfi og fjölbreyttum menningarkostum fyrir íbúa og listafólk.

Ríki og bær leggja þannig sín lóð á þær vogarskálar að efla búsetukosti á Norður- og Austurlandi.

Stuðningur ríkisins beinist að eftirtöldum meginverkefnum samningsins:

- Starfsemi atvinnuleikhúss undir merkjum Leikfélags Akureyrar.
- Starfsemi sinfóníuhljómsveitar undir merkjum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.
- Efla Menningarhúsið Hof sem vettvang sviðslista og tónlistar.
- Starfsemi Listasafnsins á Akureyri.

Heildarskuldbinding samningsins er 599.747.000 kr. á samningstímanum. Framlag ráðuneytisins er 195.000.000 kr. árið 2018. Framlagið hækkar árið 2019 og verður 199.875.000 kr. og árið 2020 verður framlagið 204.872.000 kr.

Lengi hefur verið talað um að halda Barnamenningarhátíð á Akureyri og fyrir tilstuðlan áhugafólks um barnamenningu í bænum var hátíðin haldin í fyrsta skiptið árið 2018 í apríl mánuði. Akureyrarstofa aðstoðaði við hátíðina sem var dagana 16.-22. apríl. Fjöldi stofnana kom að hátíðinni og ber þar helst að nefna Menningarfélag Akureyrar, Barnabókasetur Íslands, Amtsbókasafnið á Akureyri, Minjasafnið á Akureyri, Listasafnið á Akureyri, Rósenborg, Skálfélag Akureyrar og Tónlistarskóla Akureyrar. Dagskráin var afar fjölbreytt þrátt fyrir stuttan undirbúning og hófst hún á opnum fundi um barnamenningu í Hofi sem átti að höfða til stjórnsmálaflokka í bænum og sýna mikilvægi barnamenningar á Akureyri. Þetta hafði áhrif og árið 2019 eyrnamerktu Akureyrarbær fjármagn til að styðja við verkefni tengd Barnamenningarhátíð á Akureyri 2019.

Sumardaginn fyrsta fór fram Vorkoma Akureyrarstofu í Hofi og var þar tilkynnt niðurstaða stjórnar Akureyrarstofu um starfslaun listamanna 2018-2019. Líkt og fyrri ár studdist stjórnin við álit fag-hóps og fyrir valinu varð myndlistarkonan Björg Eiríksdóttir. Einnig var veitt viðurkenning úr Húsverndarsjóði fyrir Aðalstræti 4, Gamla apótekið, og viðurkenningu byggingarlistaverðlauna hlaut Jón Geir Ágústsson arkitekt fyrir þann hluta ævistarfs hans sem snýr að Akureyri. Jafnframt veitti frístundaráð tvær jafnréttisviðurkenningar fyrir framlag til jafnréttismála á Akureyri. Viðurkenningarnar hlutu Öldrunarheimili Akureyrar og Andrea Sigrún Hjálmsdóttir. Stjórn Akureyrarstofu veitti að auki heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs og er hún veitt einstaklingum sem hafa með framlagi sínu stutt við og auðgað menningarlíf bæjarins. Í ár voru tveir einstaklingar fyrir valinu: Birgir Sveinbjörnsson fyrir framlag sitt til miðlunar sögu og menningar á Íslandi öllu og Rósa Kristín Júlíusdóttir fyrir mikilsvert og óeigingjarnt framlag til myndlistar og myndlistarkennslu á Akureyri.

Menningarsjóður Akureyrar auglýsti eftir umsóknum um verkefnastyrki og samstarfssamninga. Um 40 verkefni fengu styrk, flest þeirra tengd tónlist og myndlist en einnig voru verkefni tengd heimildamynda- og handritsgerð áberandi. Nýir samstarfssamningar voru 6 talsins en fyrir voru í gildi 8 slíkir samningar. Stjórn Akureyrarstofu ákvað að prufukeyra nýja hugmynd og styrkti Alexander Kristjánsson Edelstein, ungan og efnilegan píanóleikara, yfir sumarið til að hann gæti lagt meiri stund á æfingar og minnkað við sig sumarvinnu. Þessi hugmynd féll í góðan jarðveg í bæjarfélaginu og ákvað stjórn Akureyrarstofu að árið 2019 yrði til nýr styrkur innan Menningarsjóðsins sem heitir Sumarstyrkur ungra listamanna. Markmiðið styrksins er að viðkomandi geti dregið úr sumarvinnu með námi og þess í stað lagt stund á list sína bæði með æfingum og viðburðum.

Undanfarin sex ár hefur Akureyrarstofa verið samstarfsaðili menningarverkefnisins Ungskáld sem í ár var ritlistasmiðja og ritlistakeppni fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. Metaðsók var á ritlistasmiðjuna sem Snæbjörn Ragnarsson og Guðrún Eva Mínervudóttir stjórnðu. Ritlistakeppnin sló öll þáttökumet og bárust alls 82 verk í keppnina sem er tvöfalt meira en árið 2017. Verkið „Án titils“ eftir Önnu Kristjónu Helgadóttur hlaut fyrsta sætið og verkið „Tækifærin“ varð í öðru sæti en það er einnig eftir Önnu Kristjónu. Í þriðja sæti var verkið „Dagur á veginum“ eftir Söndru Marín Kristinardóttur.

Sumarhátíðirnar Jónsmessuhátíð, Listasumar og Akureyrarvaka voru stór partur af sumrinu. Þessi níu vikna menningarhátíð innihélt rúma 220 fjölbreytta viðburði um allan bæ. Jenný Lára Arnórsdóttir leikstjóri, leikari og framleiðandi var ráðin verkefnastjóri hátíðanna sem þóttu takast mjög vel. Líkt og árið áður var mikil áhersla lögð á sýnileika og fjölbreytni sem skilaði sér í góðri þátttöku bæjarbúa og gesta.

Amtsbókasafnið

Þau ánægjulegu tíðindi gerðust í starfi Amtsbókasafnsins að nokkurra ára samdrætti í fjölda útlána var snúið við og útlán jukust um 2% þegar allt var talið. Sérstaklega var gott að sjá útlán bóka aukast um 5% milli ára, en svo voru hástökkvarar eins og útlán á spilum sem jukust um 202% og notkun á rafbókasafninu um 141%. Einnig fjölgaði gestum safnsins um tæplega 4.000 eða 4%. Þess má geta að hver Akureyringur fær að meðaltali 7,7 safngögn að láni á hvert, en sambærilegar tölur eru 4,2 í Reykjanessbæ, 4,5 í Kópavogi, 5,4 í Reykjavík og 6,2 í Hafnarfirði svo nefnd séu fimm stærstu sveitarfélög landsins.

Haldnar voru sex sýningar í anddyri Amtsbókasafnsins á árinu 2018. Í janúar og febrúar stóð yfir sýning á tréskúlpúrum Hreins Halldórssonar alþýðulistamanns. Í kjölfar sýningar var haldin vel sótt smíðja þar sem listamaðurinn kenndi börnum að smíða sína eigin tréskúlpúra úr endurunnum efnivið. Í maí voru til sýnis mót-orhjóla frá Mótörhjólasafni Íslands. Farandsýningin Kona á skjön: Um ævi og störf Guðrúnar frá Lundi stóð yfir á Amtsbókasafninu í júní og júlí. Bækur Guðrúnar eru meðal þeirra vinsælustu í útlánum og því vakti sýningin afar ánægjuleg viðbrögð á meðal gesta safnsins. Í ágúst tók við sýning á vegum listamanna úr hópnum Artmoney Nord. Listamenirnir sem koma frá ýmsum löndum, hafa það að markmiði að skapa og kynna sinn eigin gjaldmiðil sem nýtist til listaverkakaupa víða um heim. Í september og október stóð yfir sýning á verkum hollenska listamannsins Salman Ezzamouy sem þá hafði verið gestalistamaður Gilfélagsins. Þann 1. desember opnaði sýningin Bæjarbragur: Í upphafi fullveldis. Um var að ræða samstarfsverkefni þriggja safna: Amtsbókasafns, Héraðsskjalasafns og Minjasafns og var hún liður í dagskrá afmælisnefndar aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands og naut styrks frá fullveldissjóði. Á sýningunni voru til sýnis ljósmyndir sem sýna bæjarbrag á Akureyri í upphafi fullveldis ásamt upplýsingum sem unnar voru upp úr skjölum og bókum frá sama tímabili. Sýning sem kallaði á samstarf þriggja safna, veitti íbúum og gestum bæjarins tækifæri á að fræðast um söguna, samfélagið og fullveldishugtakið.

Ýmsir viðburðir voru haldnir á Amtsbókasafninu á liðnu ári. Þar má til dæmis nefna að Amtsbókasafnið tók þátt í barnamenn-ingarhátíð sem haldin var í fyrsta sinn á Akureyri. Fram fór ljóðasmiðja á safninu þar sem áhugasömum gafst tækifæri á að skapa klippi- og myrkvunarljóð úr afskrifuðum bókum. Ljóðasmiðjan fór einnig fram í félagsmiðstöðvum bæjarins og voru ljóðin hengd upp til sýnis í sýningarrými Amtsbókasafnsins. Á sumardaginn fyrsta voru valin ljóð, sem samin voru í smíðjunum, lesin upp af ungmennum í Davíðshúsi, í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri og félagsmiðstöðvarnar. Í júní og júlí tók Amtsbókasafnið þátt í Listasumri. Sem liður í þeirri dagskrá fóru fram alþjóðlegir þriðjudagar á tímabilinu 26. júní til 21. ágúst, þar sem íbúar af erlendum uppruna kynntu heimaland sitt á safninu. Markmiðið með alþjóðlegum þriðjudögum var að færa ólíka menningarheima saman, rjúfa einangrun og vekja athygli á heiminum í kringum okkur. Í júlí var í annað sinn haldið upp á Potterdaginn mikla í tengslum við afmæli skáldsagnarpersónunnar vinsælu Harry Potter. Þá heimsóttu um 1.700 manns safnið á einum degi. Í nóvember tók Amtsbókasafnið þátt í hátíðinni Jónas með hreim, sem haldin var í tengslum við Dag íslenskrar tungu. Hátíðin var haldin í samstarfi við ýmis önnur sagn, stofnanir, hópa, samtök og einstaklinga í bænum. Á Amtsbókasafninu fór fram sögustund með hreim þar sem lesin var upp bók á pólsku. Auk þess fór fram upplestur og verðlaunaafhending vegna ljóða- og smásögukeppni grunnskólabarna af erlendum uppruna. Amtsbókasafnið bauð upp á ýmsar smíðjur fyrir börn á árinu 2018. Má þar nefna endurvinnslusmíðu með listakonunni Jonnu, smíðjur í tengslum við öskudag, páska og slím. Auk þess stóð yfir opið tilraunaverkstæði á safninu í tengslum við bókasafnsdaginn þann 7. september sem þá var tileinkaður vísindum. Umhverfismál eru ofarlega á baugi í safnstarfi Amtsbókasafnsins. Í því samhengi voru haldnir ýmsir skiptimarkaðir með fatnað, leikföng og spil. Norræna spilavikin fór fram 5.-11. nóvember. Markmið vikunnar var að kynna spil og spilamenningu í sinni fjölbreyttustu mynd. Að því tilefni var boðið upp á ýmsa spilatengda viðburði víðsvegar um bæinn.

Auk þeirra sérstöku viðburða sem nefndir hafa verið fyrir börn og ungt fólk þá er stöðugt og umfangsmikið starf fyrir börn á safninu árið um kring. Á veturna eru sögustundir fyrir börn á hverjum fimmtudegi og einn laugardag í mánuði. Auk þess er mikið um heimsóknir barna úr leikskólum og grunnskólum bæjarins en einnig fer barnabókavörðurinn í heimsóknir í skóla og leikskóla og kynnir starfsemi safnsins fyrir nemendum.

Á sumrin stendur safnið í samvinnu við Minjasafnið fyrir lestrarnámskeiði. Námskeiðið nefnist Sumarlestur - Akureyri, bærinn minn og er haldið í júní. Námskeiðið er í boði fyrir börn sem eru að ljúka 3. og 4. bekk. Markmið námskeiðsins er að börnin lesi sér til ánægju, efla lestrarfærni og kynnist bænum sínum. Alls tóku 46 börn þátt í sumarlestrinum árið 2018.


Einnig er vert að nefna tvö samstarfsverkefni sem safnið tók virkan þátt í. Annars vegar er ritlistasamkeppni ungmenna á aldrinum 16 til 25 ára. Það verkefni er unnið í samvinnu Akureyrarstofu, Ungmennahússins í Rósenborg, framhaldsskólanna á Eyþings svæðinu og Amtsbókasafnsins. Alls bárust 82 verk í keppnina. Hins vegar er verkefnið Siljan á vegum Barnabókasets Íslands sem safnið tekur þátt í. Siljan er myndbandasamkeppni fyrir alla grunnskólanema í 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Myndböndin sem keppa eiga að fjalla um barna- eða unglingabók sem gefin hefur verið út á íslensku á síðustu tveimur árum.

Héraðsskjalasafnið

Árið 2018 komu 689 gestir á Héraðsskjalasafnið en það var heldur færra en árið þar á undan. Með í þessari tölu eru hópar skólabarna og frá Starfsendurhæfingu Norðurlands sem komu í heimsókn og fengu stutta kynningu á safninu. Hlutföll karla og kvenna voru svipuð og verið hefur undanfarin ár en 72% gestanna voru karlar og 28% konur.

Lán á skjölum úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal voru 2.246 skjalanúmer en það var 26% lækkun frá árinu 2017. Munar þar mestu að síðla árs 2017 var lokið við að skrifa sögu Einingar-Íðju og á árinu 2018 var ekki unnið að sambærilegum rannsóknarverkefnum sem byggja á skjölum safnsins. Auk útlána eru skjöl notuð við afgreiðslu og svörun fyrirspurna og eru þau not skjalanna ekki reiknuð með í útlánstöðum. Útlánatölur einar og sér segja því ekki nema hluta sannleikans.

Aukning á safnkosti 2011-2018



Á síðustu átta árum hafa 615,6 hillumetrar bæst við skjöl safnsins í 828 afhendingum. Nokkuð er misjafnt hve mikið kemur á hverju ári en á árinu 2018 voru afhendingarnar 84 og hillumetrarnar 122. Af þessum 122 hillumetrum voru 65 þeirra fullfrágengin skjöl, þ.e. skráð og í viðeigandi umbúðum og er það er stórt skref til batnaðar. Afhendingarnar skiptust þannig að 63 voru frá einkaaðilum og 21 frá opinberum og þar með skilaskyldum aðilum.

Héraðsskjalavörður sótti 25. norrænu skjaladagana, sem haldnir voru í Reykjavík í maí. Meðal þess sem tekið var fyrir á þinginu má nefna rafræna skjalavörslu, notendapjónustu, einkaskjalasöfn, aðfangastefnu, varðveislu og grisjun, miðlun efnis og hlutverk skjalasafna í samfélaginu o.fl. en þessi efni endurspeglja þarfa umræðu um hlutverk og starfsemi opinberra skjalasafna.

Í september fór skjalavörður, ásamt fleira fólki frá héraðsskjalasöfnum, í kynnisferð til Edinborgar. Heimsótt voru annars vegar National Archives of Scotland og Historic Environment Scotland hins vegar en báðar þessar stofnanir varðveita mikið af skjölum og menningarverðmætum Skota.

Ráðstefna og fræðslufundur Félags héraðsskjalavarda voru haldin á Sauðárkróki í október og tóku skjalaverðir þátt í því. Að þessu sinni var fjallað um ljósmyndir og varðveislu þeirra, nýju perónuverndarlögin, heimildir skjalasafna til gjaldtöku, vinnuumhverfi skjalavarda og réttindi og skyldur héraðsskjalasafna.

Norræni skjaladagurinn 2018 var haldinn annan laugardag í nóvember og bar að þessu sinni yfirskriftina 2018 - Litbrigði lífsins. Héraðsskjalasafnið lagði til efni á sameiginlegan vef skjaladagsins en þar var lagt út frá dagbókum sem haldnar voru árið 1918 og tilvitnanir notaðar til þess að draga fram margvísleg litbrigði mannlífsins við Eyjafjörð á því ári.

SÖNGVAFLÓÐ

TÓNLISTARSKÓLANS Á AKUREYRI



Á 100 ára afmæli fullveldisins 1. desember var opnuð sýningin Bæjarbragur: Í upphafi fullveldis, sem var samstarfsverkefni Amtsbókasafnsins, Héraðsskjalasafnsins og Minjasafnsins. Sýningin var liður í dagskrá afmælisnefndar aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands og naut styrks úr fullveldissjóði. Samanstóð sýningin af stækkuðum ljósmyndum frá Minjasafninu og textaspjöldum, sem unnin voru upp úr skjölum Héraðsskjalasafnsins og úr bókakosti Amtsbókasafnsins.

Afram var unnið að því verkefni að gera safnkost Héraðsskjalasafnsins aðgengilegan á vef safnsins enda hafði fengist til þess styrkur frá Þjóðskjalasafni Íslands, líkt og árin tvö á undan. Myndaðar voru hreppsþækur úr sveitarfélögum á safnsvæðinu og voru það u.þ.b. 1.800 myndir eða 3.600 bladsíður. Einnig voru mynduð manntöl frá Akureyri sem ná yfir árin 1902-1926. Það voru 48 þækur. Hvort tveggja er búið að birta á vefnum og er notendum aðgengilegt. Samtals er búið að mynda og birta á vefnum 27.838 myndir af skjölum, úr 161 bók. Það er afrakstur síðustu 3ja ára.

Listasafnið á Akureyri

Listasafnið á Akureyri fagnaði 25 ára afmæli á Akureyrarvöku með opnun í stækkuðu og endurbættu húsnæði þar sem gamla mjólkursamlagsbyggingin og Ketilhúsið eru orðin ein heild. Fyrri hluta ársins voru aðeins sýningar í Ketilhúsinu en frá 28. ágúst var allt safnið opið.

Alls voru settar upp 17 sýningar í safninu á árinu 2018. Sýningarnar skiptust í 6 lengri einkasýningar og 3 styttri einkasýningar. Fjórar samsýningar voru settar upp þar af ein útisýning í til efni af 100 ára fullveldi Íslands. Einnig voru tvær nemendasýningar og sýningar á sögu húsnæðis í Gilinu auk A! Gjörningahátíðar.

Alls voru gestir safnsins á árinu 14.803. Þar af voru íslendingar 10.639 og erlendir gestir voru 3.164.

Leiðsagnir um sýningar á íslensku og ensku voru alla fimmtu daga og 18 þriðjudagsfyrirlestrar í samvinnu við VMA, Gilfélagið, HA og Myndlistarfélagið voru á dagskránni. Auk þess var tekið á móti um 170 skóláhópum frá leikskólum, grunn- og framhaldsskólum og einnig háskólanemum og myndlistarskólanemum. Einnig var boðið upp á samtal við listamenn og sýnendur sögðu frá verkum sínum. Fjölskylduleiðsagnir eru nýjung í starfsemi safnsins sem hefur mælst vel fyrir og nokkrar listasmiðjur voru haldnar í tengslum við sýningar.

Með opnun á nýju safni hófst sala á árskortum og 356 árskort voru seld á seinni hluta ársins. Mikil aukning var á fjölda gesta síðustu mánuði ársins.

Listasafnið hefur nú upp á að bjóða 12 mismunandi sýningar-rými og ávallt eru í gangi fimm til átta sýningar í einu. Safnið er opið alla daga kl. 10-17 yfir sumarmánuðina, maí-september, og kl. 12-17 yfir vetrarmánuðina, október-apríl. Auk þess er safnið opið fyrir hópa utan almenna opnunartímans.

Minjasafnið

Minjasafnið á Akureyri sinnir menningarþjónustu við íbúa og gesti og stuðlar að því að gera mannlíf og menningu svæðisins blómlega fyrir íbúa, gera bæinn eftirsóknarverðan til búsetu og áhugaverðan fyrir ferðamenn. Hlutverk safnsins er margþætt og felst í að varðveita gripi og ljósmyndir sem safninu eru gefnir, safna og skrá markvisst, varðveita gripi, sinna rannsóknum og miðla í formi sýninga og safnfræðslu. Auk þess veitir safnið eigendum sínum þjónustu á sviði vörslu menningarminja. Eigendur safnsins eru auk Akureyrarbæjar, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.

Starfsemi safnsins fór fram í safnhúsinu við Aðalstræti, Nonnahúsi, Davíðshúsi, Minjasafnskirkjunni, minjastaðnum Laufási og varðveislumiðstöð safngripa á Naustum. Auk þess er Minjasafns-garðurinn í eigu og umsjón safnsins.

Gestir safnanna hafa aldrei verið fleiri eða 40.272. Hlutfall erlendra gesta á sýningar eykst milli ára og er 94 % í Laufási, 59 % í Minjasafninu, 72 % í Nonnahúsi og 17 % í Davíðshúsi.

Hlutverk safnsins í ferðaþjónustu eykst með hverju árinu sem og faglegar kröfur en á sama tíma dregst starfsmannafjöldi saman. Hann var 7,9 stöðugildi á árinu 2018 og er sá sami og hann var árið 2007 þegar þjónustustigið var töluvert lægra. Færri starfsmenn sinna nú grunnþáttum safnsins en áður eða 5 talsins en 15 manna vaskur hópur bætist við á sumrin við móttöku gesta.

Sýningar Minjasafnsins voru opnar 361 dag ársins. Nonnahús var opið frá 1. júní til 1. október og í Laufási var opið frá maí fram í október. Þar hefur vetrarferðamennska einnig vaxið milli ára. Þjónusta við gesti eykst því með hverju árinu. Starfsemin er hins vegar ekki bundin við móttöku gesta.


Minjasafnið á Akureyri varðveitir þriðja stærsta safnkost á landinu. Hann samanstendur af 2.987.448 ljósmyndum og 35.000 gripum sem íbúar svæðisins hafa gefið safninu síðastliðna áratugi. Í ár var stærsta einstaka gjöfin 507.555 stafrænar ljósmyndir Skapta Hallgrímssonar en tekið var við 94 gripum. Varðveislumiðstöð safngripa á Naustum er nú fullnýtt.

Stærsta verkefnið felst í að skrá og ljósmynda þennan menningarsögulager og auka aðgengi almennings að honum á sarpur.



is. Safnið hefur nú skráð 9.764 gripi og 17.990 ljósmyndir. Á árinu voru skráðir og ljósmyndaðir 287 gripir og unnið að því að gera eldri ljósmyndir stafrænar. Þá voru upplýsingar unnar úr aðfangabókum ljósmyndara. Notkun á Sarpi hefur aukist mikið og árlega berast um 200 ábendingar og upplýsingar frá notendum um ljósmyndir og gripi sem er aðstoð sem er þegin með þökkum.

Gestafjöldi 2012-2018



Minjasafnið stóð að viðamiklu fræðslustarfi. Helsta markmið safnfræðslu er að veita innsýn í sögu og menningu svæðisins. Árið 2018 voru gestir í safnfræðslu 3.921 í 178 hópum af öllum skólastigum og ýmsum þjónustustofnunum Akureyrarbæjar. Ýmis félagsamtök fengu starfsfólk safnsins til að halda erindi hjá sér. Aldurshópurinn er því afar breiður eða frá 2ja ára til 95 ára. Einn af föstum punktum í fræðslustarfi safnsins er sumarnámskeiðið Sumarlestur - Akureyri bærinn minn. Námskeiðið hefur verið haldið í samstarfi við Amtsbókasafnið á Akureyri síðan 2001 og er nú fyrir 3. og 4. bekk grunnskóla.

Starfsfólk safnsins stóð að ýmsum rannsóknum og varðveislu á ljósmyndum og gripum safnsins. Stærsta rannsókn undanfariinna ára er fornleifarannsókn á Gásum en unnið er að úrvinnslu hennar í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands. Í tengslum við rannsóknina stóðu sveitarfélög á svæðinu að uppbyggingu á Gásum sem ferðamannastað. Hlutverk Minjasafnsins hefur verið að halda utan um uppbygginguna fyrir hönd Gásakaupstaðar ses. Þá hefur safnið einnig séð um framkvæmd Miðaldadaga á Gásum sem er einn fjölsóttasti viðburður fjarðarins.

Sýningarstarf safnsins hefur dregist saman undanfarin ár vegna fækkunar starfsfólks og aukinnar þjónustu við ferðamenn. Árið 2018 voru sýningar safnsins:

- Land fyrir stafni! Íslandskortasafn Schulte hjónanna.
- Jólakveðjur og jólasveinar. Sýningin var í senn fræðslusýning fyrir skóla og ætluð almennum safngestum.
- Skátar á Akureyri í 100 ár sem unnin var árið 2017 í samstarfi við Skátafélagið Klakk og Þjóðminjasafn Íslands.
- Grunnssýning safnsins er sem áður Akureyri bærinn við Pollinn sem er afar vel sótt af erlendum gestum.
- Bæjarbragur: Í upphafi fullveldis. Samsýning á Amtsbókasafninu á Akureyri í samvinnu við Amtsbókasafnið og Héraðsskjalasafnið.

Safnið stóð að eða tók þátt í 28 viðburðum á árinu. Þeirra viðamæstur var Miðaldadagar á Gásum sem var þriggja daga hátíð með 100 þátttakendum og 1.358 gestum.

Í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands voru haldnir þrír viðburðir í Laufási í samvinnu við Glímusamband Íslands, Þjóðháttafélagið Handraðann og Dansfélagið Vefarann. Minjasafnið stóð einnig að málstofu í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Aukinn áhugi er á íslenska búningnum og var haldinn fjölsóttur þjóðbúningadagur á Minjasafninu í september í samvinnu við Heimilisíðnaðarfélagið. Á þjóðhátíðardaginn var boðið upp á aðstoð við að klæða sig í þjóðbúning í samvinnu við Handraðann. Markmið beggja viðburða var og verður að auka notkun á búningnum og þekkingu á honum.

Viðburðaröðin Allar gáttir opnar fór fram eins og áður í Davíðshúsi en nú var áherslan á að veita ungu listafólki vettvang til að koma list sinni og færni á framfæri og urðu viðburðirnir 13 talsins.

Söfn í Eyjafirði hafa árum saman átt í klasasamstarfi og hefur Minjasafnið á Akureyri leitt það starf og dregið vagninn frá upphafi. Söfnin standa fyrir Eyfirska safnadeginum sem er nú haldinn á sumardaginn fyrsta. Í ár bauð safnið upp á námskeið í Nonnahúsi í myndasögugerð undir handleiðslu Árna Jóns Gunnarssonar teiknara. Skrímslagrímusmiðja var í Minjasafninu og í Davíðshúsi var boðið upp á Smáljódaleika og upplestur á ljóðum ungmenna úr ljóðasmiðju á Amtsbókasafninu.

Á adventunni var boðið upp á notalega jólastund í Nonnahúsi



og Minjasafninu í samvinnu við Handraðann og verður það árlegur viðburður framvegis.

Í júní voru vígðar sex söguvörður á Strandgötu. Starfsfólk safnsins hefur unnið ótulllega að þessu verkefni ásamt Akureyrarstofu og Umhverfis- og mannvirkjasviði.

Menningarfélag Akureyrar

Sýningin Kvenfólk, eftir Hund í óskilum hélt áfram í Samkomuhúsinu og tók Borgarleikhúsið verkið til sýninga í nóvember í samstarfi við Mak. Sýningin fékk frábæra aðsókn og dóma. Í mars var verkið Sjeikspír eins og hann leggur sig í leikstjórn Ólafs Egilssonar frumsýnt. Leiklistarskóli LA var með námskeið fyrir börn í 3.-10. bekk. Um 40 börn voru á vorannar námskeiðunum og rúmlega 90 á haustönn, og því ríflega helmingis fjölgun nemenda í skólanum sem er afar ánægjuleg þróun. Jenný Lára Arnórsdóttir var ráðin skólalastjóri LLA haustið 2018 og voru ráðnir þrír kennarar við skólann. Í mars var Marta Nordal ráðin leikhússtjóri og lagði strax áherslu á að fá fólk í leikhúsið og nota Samkomuhúsið sem aðalíverustað LA. Í september var samstarf milli SN og LA þegar fuglakabarettinn „Krúnk krúnk og Dirrindi“ var sett upp en þar voru hljóðfæraleikarar á sviði alla sýninguna og tóku virkan þátt í því að búa til hljóðmyndina. Daníel Þorsteinsson samdi tónlistina og stjórnaði en höfundur ljóða var Hjörleifur Hjartarson. Kabarett eftir Joe Masteroff, í leikstjórn Mörtu Nordal, var frumsýndur í október í Samkomuhúsinu og fékk frábæra dóma og viðtökur og var sýnt fyrir fullu húsi út árið og halda sýningar áfram 2019. Kabarett var annað samstarfsverkefni SN og LA á árinu. Í desember kom Stúfur hinn óstöðvandi í Samkomuhúsið og var öllum börnum í þriðja bekk grunnskóla á Akureyri boðið á sýninguna.

Á árinu voru fjöldamargir og afar vel sóttir tónleikar og viðburðir í Menningarhúsinu Hofi, þ.á m. tónleikar Pálma Gunnars, Óskars Péturssonar, tónleikaútfærsla á Grease og Moulin Rouge, Dúndurfréttir með Dark Side of the Moon, Metropolitan Flute Orchestra, heiðurstónleikar George Michaels, Við eigum Samleik, Karlakór Eyjafjarðar með tónleika og ball, Flamenco tónleikar með dansi, Landsmót íslenskra lúðrasveita, Halloween Horror show með Grétu Salóme auk klassískra tónleika eins og Lýra og söngur, Kyngimögnum kvenskáld auk tónleika Láru Sóleyjar og Hjalta. Jólátónleikarnir voru á sínum stað, Norðurljósin, Heima um jólin og Þorláksmessu-

tónleikar Bubba. Auk þess voru viðburðir eins og Þjóðlistahátíðin Vaka, harmonikkuböll Harmonikkufélags Akureyrar, dragsýning Hinsegin Norðurland, barnaleiksýningin Galdrakarlinn í Oz á vegum leikhópsins Lottu, stuttmyndasýningin Saman og Saman með Sögu Jónsdóttur, Sunnu Borg og Kjartani Darra Kristjánssyni, bíosýning á myndinni Eiðurinn fyrir eldri bekk grunnskóla á Akureyri svo eitthvað sé nefnt. Tónlistarfélag Akureyrar hélt að meðaltali eina tónleika í mánuði í Hömrum, nemendasýningar Steps Dance Center og Dansstúdíó Alice voru í Hofi bæði um jól og að vori. Útskrift Verkefnaskólans á Akureyri hefur farið fram bæði að vori og um jól um nokkurra ára skeið. Leikfélög beggja framhaldsskólanna á Akureyri settu upp uppfærslur sínar í Hofi; LVMA með Ávaxtakörfuna og LMA með Love Star. Auk þess voru báðir skólar með söngkeppni sína í Hofi.

Eftirfarandi styrkþegar Tónlistarsjóðs héldu tónleika sína á árinu: Margrét Árnadóttir með Vorljóð í Hömrum, hljómsveitin Volta með útgáfutónleika í Samkomuhúsinu og Guðrún Ösp með Þrælásöngva í Hömrum.

Sjö Barnamorgnar voru haldnir í Hofi með stuðningi Norðurorku: Zumba fyrir börn með Evu Reykjalin, Á vit ævintýranna með Ástu Sighvats og vinum hennar, Búkolla brúðuleikhús og námskeið í brúðugerð, Stórval - listasmiðja fyrir börn í tengslum við sýningu á verkum Stórvals, Flippaðir furðufuglar - brúðugerðarnámskeið í tengslum við sýningu Menningarfélagsins Krunk, krunk og dirrendi, Guttí og Selma & ævintýrabókin eftir Pétur Guðjónsson og Krílasöngvar með Sigrúnu Mögnu. Það voru um 430 börn ásamt foreldrum/forráðamönnum sem sóttu Barnamorgna. Frítt er inná Barnamorgna.

MAK tók þátt í nokkrum samstarfsviðburðum, meðal annars; List fyrir alla - Dúó og Stemma, þar sem 1.300 grunnskólabörn á Akureyri og nágrenni komu til að njóta. Sögustund Þjóðleikhússins, og var þangað boðið 617 börnum á aldrinum 5 og 6 ára. Al – Gjörningalistahátíð í samstarfi við Listasafnið á Akureyri. Norðurljósin, jólátónleikar fyrir 6 ára börn í grunnskólum Akureyrar.

Ákveðið var að halda áfram góðu samstarfi frá síðasta sumri við Listasumar og úr urðu 7 viðburðir sem hölt í 400 manns sóttu. Það voru dansgjörningurinn Ekki hreyfa þig - Urður Sahr, Grasrótarrokk, kvikmyndasýning - Stórveldið (tvö kvöld í tengslum við myndlistasýningu Stórvals), Ömur ásamt Dægurlagamolum - Valmar



Váljaots, Brynleifs Hallssonar og Erlu Dóru Vogler, Helga Kvam, Þórhildur Örvarsdóttir og Jón Pálmi Óskarsson með Einu sinni á ágústkvöldi og Jónína Björt ásamt vinum með Sumarkvöld.

Opnunarátið Listasumars var að þessu sinni í Hofi en þá var einnig opnun á myndlistarsýningu á verkum Stórvals í Hamragili og Leyningi. Í tengslum við Listasumar fékk Bílaklúbbur Akureyrar aðstöðu til að vera með fornbílasýningar á hverjum miðvikudegi vestan við Hof.

Akureyravaka í Hofi var vel sótt en 2.400 gestir komu í húsið. Boðið var upp á tónleika með TUSK, leiðsögn um myndlistarsýningu Stórvals, Vísindasetrið var á sínum stað auk þess sem Villi vísindamaður var með sýningu.

Barnamenningarhátíð var haldin í apríl í fyrsta sinn á Akureyri og átti Menningarfélagið stóran þátt í því frumkvæði. Í Hofi var m.a. boðið upp á Zumba fyrir alla í Hamragili með Evu Reykjalin, opna tónleika í samvinnu við Tónlistarskólann á Akureyri, boðið upp á skákkennslu og þátttöku í sumarskáknoti með Skákfélagi Akureyrar, auk þess tóku valdir íþróttapjálfarar sporið með Evu Reykjalin og dönsuðu Zumba með krökkum á öllum aldri.

Boðið var upp á leiðsögn um Hof, sex fimmtudaga frá Jónsmessu fram að verslunarmannahelgi.

Opið hús var í byrjun september þar sem dagskrá nýs starfsárs Menningarfélagsins var kynnt með ýmsum hætti og sala hófst á áskriftarkortum.

Fjöldi margar veislur, stórar og smáar, ásamt árhátíðum og veislum í tengslum við stærri fundi og ráðstefnur voru í húsi ásamt jólahlaðborði 1862 Nordic Bistro. Skráðir fundir í húsinu voru 203, þar af 9 innlendir og alþjóðlegar ráðstefnur og 17 heilsdagsfundir. Í maí var fyrsti bæjarstjórnarfundurinn haldinn í Hömrum skv. samningi milli Akureyrarbæjar og Menningarfélagsins en fyrirkomulagið er til þriggja ára.

LÝSA - rokkhátíð samtalsins var haldin í annað sinn á Akureyri dagana 7. og 8. september en hátíðin gekk áður undir nafninu Fundur fólksins. Hátíðin er unnin í samvinnu við Almannaheill og Akureyrarbæ. Viðburðir sem félagasamtök, stofnanir og stjórna-málaflokkar stóðu fyrir, voru rúmlega 60 og sóttu um 1.500 manns hátíðina þá tvo daga sem hún stóð yfir. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setti hátíðina.

Fimm myndlistarsýningar voru haldnar í Hamragili og Leyningi eftir listamennina Ingunni Fjölu Ingþórsdóttur, Guðmund Ármann Sigurjónsson, Brynhildi Kristinsdóttur, Habbý Ósk og Stórval.

MAK seldi um 8.000 aðgöngumiða á eigin viðburði og aðrir viðburðahaldarar seldu um 21.000 aðgöngumiða. Alls komu um 300.000 gestir í Hof 2018.

Árið 2018 var enn á ný metár varðandi fjölda og stærð viðburða hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hljómsveitin tók þátt í 27 verkefnum á árinu. Upptökur á tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti undir merkjum SinfoniaNord stóðu yfir allt árið. Meðal verkefna voru „Vikings“ fyrir History Channel, „Informer“ á vegum BBC, „How it Ends“ fyrir Netflix og Hollywoodhyllingsmyndin „Jacobs Ladder“. Þá var lokið við tónlist fyrir íslensk/belgísku myndina „Lói þú flýgur aldrei einn“ en tónlistin hlaut mikið lof auk tilnefninga til verðlauna á árinu.

Í byrjun árs tók SinfoniaNord þátt í Phantom of the Opera sem sýnd var fjórum sinnum í Hörpu undir stjórn Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar. Í byrjun febrúar lagðist hljómsveitin í viking og ferðaðist til Færeyja þar sem Gítarkonsert nr. 1 eftir Guðmund Pétursson, Eg skar mitt navn eftir Þránd Bogason og Völuspá eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson voru frumflutt af sameinuðum hljómsveitum Íslands og Færeyja. Stjórnandi var Berharður Wilkinsson og hlaut hljómsveitin mikið lof fyrir.

Páskatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar í mars voru umfangsmiklir en þá flutti hljómsveitin Matteusarpassíu J.S.Bachs í Hofi ásamt einvala liði einsöngvara á borð við Kristín Sigmundsson, Hannah Morrison, Valdemar Villadsen, Odd Arnþór Jónsson og Elmar Gilbertsson. Sameinaður kór Hymnódíu og Kammerkórs Norðurlands söng en tónleikarnir voru líka haldnir í Hallgrímskirkju þar sem fullt var út úr dyrum. Þar var einnig útvarpað beint frá tónleikum á Rás 1. Stjórnandi var Hörður Áskelsson.

Brasstrío SN lék verk eftir Poulenc, Bizet, Hull, Mozart og Bach á kammertónleikunum Vor í Vagaskógi í maí. Um sumarið tók hljómsveitin þátt í fullveldishátíðinni á Þingvöllum. Þar flutti lúðraflokkur hljómsveitarinnar tvö lúdragjöll eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson. Verkin voru sérstaklega pöntuð af ríkisstjórninni fyrir hátíðina.

Í ágúst voru þrjár sýningar í Hörpu á kvikmyndinni „Lord of the Rings - The Two Towers“ við lífandi undirleik 230 tónlistarmanna. SinfoniaNord sá um að manna hljómsveitina og sá um alla umsýslu.

Í september var samstarf milli SN og LA þegar fuglakabarettinn „Krúnkrún og Dirrindi“ var sett upp. Í sama mánuði voru tónleikar Snorra Heimissonar og Hönnu Dóru Sturludóttur í Hömrum sem voru léttir kammertónleikar þar sem sönglögum Atla Heimis var gert hátt undir höfði auk þess sem Snorri útsetti sérstaklega þjóðlög frá Norðausturlandi fyrir tónleikana.

Í október tók hljómsveitin þátt í tónleikunum Celebrating David Bowie í Hörpu. Þetta var þjónustuverkefni SinfoniaNord. Í október var haldið upp á 100 ára lýðveldisafmæli Eistlands þar sem leikin voru verk eftir eistneska höfundum þ.á m. Risto Laur sem búsettur er á Akureyri. Stjórnandi var Erki Pekk sem er virtur stjórnandi um allan heim, sérstaklega í óperuheiminum og einleikari var sellóleikarinn Indrek Leivategija.

Í nóvember hélt hljómsveitin tónleika sem tileinkaðir voru íslenskum kvenhöfundum og frumflutti meðal annar verkið „Ólaf Liljurós“ eftir Jórunni Viðar, Hrímm Önnu Þorvaldsdóttur var flutt ásamt forleik í C-dúr eftir Fanny Mendelssohn. Stjórnandi var Hallfríður Ólafsdóttir. Í sama mánuði tók hljómsveitin þátt í tónleikum Todmobile og skosku stórstjórnunar Midge Ure í Hörpu og var það þjónustuverkefni SinfoniaNord.

Þann 1. desember 2018 var haldið upp á 100 ára fullveldi Íslands. Þá frumflutti hljómsveitin fullveldis kantötu eftir Michael John Clarke í tilefni dagsins. Fjöldi nema við TA kom við sögu og söngstjórnur á borð við Stefán Jakobsson og Þórhildi Örvarsdóttur léku stórt hlutverk.

Tónleikagestir SN voru rúmlega 14.000 á árinu. Þá eru ekki taldir með áheyrendur á sýningum af Kabarett og ekki þeir sem hlustuðu á beinar útsendingar frá fullveldishátíðinni og Matteusarpassíunni um páskana sem skiptu þúsundum.

2018 var langstærsta ár Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá upphafi á öllum sviðum. Þar má nefna tíðni verkefna, stærð þeirra og gæði, en hljómsveitin fékk afar góða gagnrýni fyrir bæði Matteusarpassíuna og The Two Towers. Hljómsveitin hefur aldrei leikið inn á eins mörg upptökuverkefni og aldrei þjónustað eins marga viðburðarhaldara. Það verður áskorun að halda þessum árangri við á komandi árum og treystir SN/SinfoniaNord á framsýni stjórnmalamanna á Norðausturlandi varðandi aukinn stuðning við þessa starfsemi sem hefur svo sannarlega unnið sér sess á Akureyri sem uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra á Akureyri.



Skipulagssvið

Hlutverk skipulagssviðs er að sjá um skipulags- og byggingarmál Akureyrarbæjar til samræmis við ákvæði laga- og reglugerða, aðalskipulag Akureyrar og aðrar stefnur bæjarsins t.d húsnæðisáætlun og umhverfis- og samgöngustefnu. Sjá um úthlutun og skráningu lóða og fasteigna, landupplýsingakerfi Akureyrarbæjar, umferðar- og umhverfismál, auk annarra verkefna.

Leiðarljós sviðsins er að vinna að hagsmunum bæjarbúa með vandaðri og faglegri vinnu; nota byggingareftirlit sem neytenda-vernd til að tryggja gæði bygginga; skapa fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi; leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja; byggja á viðmiðum umhverfisverndar, verndun vistkerfa og sjálfbærni; stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða; tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu eða óhöflegt álag á vistkerfi í sveitarfélaginu; vinna að því að bæta starfsumhverfi til að auka vellíðan starfsfólks á skipulagssviði.

Skipulagsráð hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflökkum sem undir það heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Sýn skipulagsráðs og meginmarkmið byggir á leiðarljósi sem sett er fram í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, en áhersla er lögð á sátt um útfærslu samþykkttra skipulagshugmynda, skilvirka afgreiðslu erinda og opna stjórn-sýslu. Skipulagsráð vinnur að þéttingu byggðar með áherslu á grænar lausnir, margs konar atvinnustarfsemi og fjölbreyttan samgöngumáta.

Sviðsstjóri skipulagssviðs er framkvæmdastjóri skipulagsráðs og sér einnig um daglegan rekstur skipulagssviðs en þar starfa níu manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagssvið.

Skipulagsráð hélt 27 fundi á árinu 2018 og umfjallanir voru 689 (voru 667 árið 2017 á 30 fundum). Byggingarfulltrúi (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 45 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og voru umfjallanir 474 (528 árið 2016 á 45 fundum).

Skipulagsmál

Helstu skipulagsverkefni sem lokið var við árið 2018:

- Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030
- Deiliskipulag Melgerðisáss og Skarðshlíðar – þétting byggðar
- Deiliskipulag 3. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda
- Deiliskipulag Hesjuvalla
- Að auki tóku gildi 29 breytingar á deiliskipulagi víðsvegar um Akureyri, flestar í Hagahverfi

Önnur skipulagsverkefni í vinnslu 2018:

- Deiliskipulag fyrir Holtahverfi - nýtt íbúðarsvæði við Krossanesbraut
- Deiliskipulag Tryggvabrautar og athafnasvæðis norðan hennar að Glerá
- Gerð stígaskipulags fyrir Akureyri
- Rammaskipulag fyrir íbúðarsvæði vestan Borgarbrautar og norðan Síðubrautar
- Deiliskipulag fyrir Grímsey
- Stefnumörkun um gististaði á íbúðarsvæðum
- Undirbúningur að staðarvalsgreiningu fyrir nýjar heilsugæslu-stöðvar í samráði við Heilbrigðisstofnun Norðurlands
- Endurskoðun deiliskipulags B-áfangs Krossaneshaga - breyting úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði
- Breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis Rangárvalla

Samkvæmt stefnu skipulagsráðs er lögð áhersla á neðangreind verkefni á kjörtímabilinu:

- Þéttingu byggðar í góðri samvinnu og samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila
- Uppbyggingu í miðbæ Akureyrar og á hafnarsvæði í nágrenni við Hof
- Uppbyggingu á þróunarsvæðum á Oddeyri þar sem m.a. verður heimilt að byggja íbúðir á núverandi athafnasvæðum



- Endurskoðun deiliskipulags íþróttasvæða í samræmi við íþróttastefnu Akureyrarbæjar
- Tryggja nægjanlegt og fjölbreytt framboð lóða innan sveitarfélagsins, bæði íbúða- og atvinnulóða
- Koma á rafrænni stjórnsýslu í allri stjórnsýslu skipulags- og byggingarmála
- Endurskoða ýmsar verklagsreglur s.s. um lóðaveitingar, stöðuleyfi fyrir gáma, götu- og torgsölu, skilti og lokanir gatna

Byggingarmál

Á árinu var úthlutað 14 lóðum fyrir íbúðarhús. Á þessum lóðum er gert ráð fyrir skv. deiliskipulagi að byggja 114 íbúðir að lágmarki. Aðrar úthlutaðar lóðir voru 7.

Lausar íbúðarlóðir:

Um það bil 20 einbýlishúsaloðir voru í auglýsingu um áramót, þar af sjö í Hrísey. Sjö einbýlishúsaloðir að auki teljast byggingarhæfar en eru ekki í auglýsingu vegna endurskoðunar skipulags og 22 einbýlishúsaloðir hafa verið skipulagðar í Hagahverfi og munu koma á markaðinn á næstunni.

Engin raðhúsaloð var í auglýsingu um áramót, 15 raðhúsaloðir koma á markaðinn á næstunni í Hagahverfi, í þessari tölu eru lóðir sem skilgreindar eru F/R, val um raðhús eða fjölbýli.

3 fjölbýlishúsaloðir voru í auglýsingu um áramótin, en 2 lóðir til viðbótar í Hagahverfi munu koma á markaðinn á næstunni.

Þrettán atvinnuhúsaloðir voru í auglýsingu um áramót sem voru byggingarhæfar, fimm til viðbótar með fyrirvara um byggingarhæfi og fimmtán eru til skipulagðar en hafa hvorki verið auglýstar né gerðar byggingarhæfar.

Sautján lóðir undir sumarhús voru í auglýsingu í Hrísey.

Engin lóð er laus til úthlutunar í Grímsey enda er þar ekkert deiliskipulag í gildi.

Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2018 (tölur í svigum eru frá árinu á undan):

Íbúðarhús

Hafin var smíði 124 íbúða (258) árið 2018. Þar af voru einbýlishús 7 (8), 3 raðhús með 11 (4) íbúðum og 14 fjölbýlishús með 106 (246) íbúðum. Skráðar voru fullgerðar 187 (177) íbúðir á árinu þ.e. 9 (4) einbýlishús, 10 (13) íbúðir í raðhúsum og 168 (160) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Í árslok voru fokheld og lengra komin í byggingu 89 (92) einbýlishús, 65 (66) íbúðir í raðhúsum og 264 (234) íbúðir í fjölbýlishúsum. Skemmra á veg komin en fokheld í byggingu voru í árslok 5 (4) einbýlishús, 6 (4) íbúðir í raðhúsum og 128 (220) íbúðir í fjölbýlishúsum. Hafnar framkvæmdir við íbúðabyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar o.fl. námu 15.185 m² (23.684) og 49.359 m³ (74.119).

Annað húsnæði

Hafnar framkvæmdir á árinu: Hafnarstræti 73, innrétting gisti- staðar; Njarðarnes 12, iðnaðar- og geymsluhúsnæði; Óseyri 33, hreinsistöð fyrir fráveitu; Rangárvellir 2, hús 7 stækkun; Ægisnes 2, iðnaðar- og skrifstofuhús; Sjávargata 1 Hrísey, viðbygging; Hróka- land 4, 6, 8, 10, 12, frístundahús; Hvassaland 2, 4, 6, 8, 10, frístundahús; Krossanes 2, síló; Hlíðarfjall, stöðalyfta og stjórnstöðvar. Auk þessa hafa verið hafnar framkvæmdir við ýmsar smærri viðbyggingar og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

Tekið í notkun eða fullgert á árinu:

Austurvegur 45, viðbygging frístundahús; Austurvegur 46, frístundahús; Draupnigata 2 viðbygging verslunarhús; Frostagata 6a, viðbygging; Gata sólarinnar 1, 3, 5, 7, 9, frístundahús; Glerárvirkjun, stöðvarhús; Glerárvirkjun, stífla; Goðanes 14, geymslu- húsnæði; Kaupvangsstræti 8-12, viðbygging; Rangárvellir 2, hús 8; Sjafnarnes 2, steypustöð; Sjávargata 4, fóðursíló; Sjávargata 4, spennistöð; Strandgata 29, viðbygging gistihús; Ægisnes 3; starfs- mannaaðstaða; Holtaland 1,3, frístundahús;

Önnur hús í byggingu á árinu:

Eyjarlandstún SAK, viðbygging; Gleráreyrar 1, Glerártorg; Óseyri 16, breytingar.

Hafnar framkvæmdir við annað húsnæði námu 5.714 m² (5.228) og 24.610 m³ (27.582).




Stjórnsýslusvið

Stjórnsýslusvið veitir ýmsa ytri og innri þjónustu sem og stöð-þjónustu við önnur svið sveitarfélagsins. Á sviðinu eru reknar þrjár deildir; launadeild, mannauðsdeild og upplýsinga- og þjónustudeild. Innan sviðsins er sinnt launa- og kjaramálum, mannauðsmálum og skjalamálum sveitarfélagsins auk þjónustu og upplýsingagjafar til bæjarstjóra, bæjarfulltrúa, ráða og nefnda, bæjarbúa, fyrirtækja, stofnana, stjórnenda og annarra starfsmanna. Stjórnsýslusvið er leiðandi hvað varðar umbætur á sviði gæðamála, rafrænnar stjórnsýslu og þjónustu.

Launþegar og stöðugildi


Árið 2018 var fjöldi launþega alls 3.408. Þar af voru karlar 1.139 og konur 2.269. Mynd 1 sýnir hlutfallslega skiptingu launþega eftir kyni, 67 % launþega voru konur og 33 % launþega voru karlar.

Mynd 1. Fjöldi launþega



Fjöldi stöðugilda í apríl 2018 var 1.452,7. Mynd 2 sýnir fjölda stöðugilda innan hvers sviðs. Flest stöðugildi eru á fræðslusviði og því næst hjá Öldrunarheimilum Akureyrar og búsetusviði en fjöldi stöðugilda er svipaður innan þeirra sviða.

Mynd 2. Fjöldi stöðugilda apríl 2018




Mynd 3 sýnir fjölda stöðugilda í apríl 2018 innan sviða skipt eftir kyni. Á samfélagssviði og skipulagssviði er hlutfall kvenna og karla nálægt því að vera jafnt.

Viðverukerfi

Innleiðing á rafræna vakt- og viðverukerfinu Vinnustund hélt áfram á árinu 2018. Á árinu var lögð áhersla á að taka allar stimpilklukkur úr notkun og í staðinn skilgreina símastimplun og vefstimplun með tölvum. Hlutfall starfsmanna sem nýtti sér Vinnustund hækkaði frá árinu 2017 og nýir vinnustaðir fóru að nýta sér kerfið. Á árinu 2018 var fjöldi starfsfólks sem skráður var í kerfið 2.138 eða 93 % alls starfsfólks. Mynd 4 sýnir hver staðan var í lok árs 2018.

Mynd 3. Kynjahlutfall í apríl 2018




1 Ath. í gögnum sem birtast á mynd tvö eru ekki tölur frá bæjarstjórn, bæjarráði, starfsmönnum nefnda, tilsjón, sumavinnu fatlaðra og vinnuskólanum.

Af heildarfjölda starfsfólks Akureyrarbæjar í árslok 2018 (2.311) voru rúm 7 % (173) utan kerfis. Með tilkomu kerfisins fara allir starfsmenn í viðveruskráningu, og fá meðal annars yfirsýn yfir vinnuskyldu sína og viðveru. Starfsfólk í vaktavinnu fær tækifæri til þess að setja fram óskir að vaktaskýrslu sinni.


Árið 2018 var áfram unnið að endurskoðun á vinnulagi og því að finna leiðir til einföldunar fyrir alla sem koma að kerfinu og gera það notendavænna. Nýjungar eins og staða orlofs starfsmanna, skráning á akstursgreiðslum og vefstimplun eru þættir sem bættu st við virkni Vinnustundar.

Mynd 4. Hlutfall starfsmanna í Vinnustund



Innleiðing á Vinnustund hófst fyrst haustið 2013 en innleiðing á vaktahluta kerfisins hófst í byrjun árs 2014. Þetta hefur verið nokkuð löng vegferð en í heildina má segja að innleiðingin hafi gengið vel. Mynd 5 sýnir yfirlit yfir innleiðingu á kerfunum á þessum fimm árum, og hver breytingin hefur verið árin 2013-2018, myndin sýnir fjölda starfsmanna í Vinnustund innan hvers árs árin frá 2013-2018.


Mynd 5. Fjöldi starfsmanna í Vinnustund árin 2013-2018



Fjöldi birtra atvinnuauklýsinga og umsóknir um auðlýst störf

Fjöldi birtra atvinnuauklýsinga á árinu 2018 var 315 og er það örlítill fækkun frá árinu 2017. Birtum atvinnuauklýsingum hefur


Mynd 6. Fjöldi birtra atvinnuauðlýsinga árin 2016-2018



fjölgað frá árinu 2016 og í samanburði þeirra tveggja ára hefur þeim fjölgað um 18 %. Mynd 6 sýnir heildarfjölda atvinnuauðlýsinga samanburðarárin þrjú.

Mynd 7 sýnir fjölda atvinnuauðlýsinga innan hvers mánaðar árin 2016, 2017 og 2018. Fjöldi auðlýstra starfa hefur nokkurn veginn staðið í stað á milli áruna 2017 og 2018 en líkt og mynd 7 sýnir þá má sjá jafnari dreifingu auðlýsinga yfir tólf mánuði ársins 2018 heldur en á hinum samanburðarárunum tveimur. Það vekur sérstaka athygli að fjöldi auðlýstra starfa í maí er rúmlega 46 % færri en samanburðarárið á undan og tæplega 32 % færri en árið 2016 og það þrátt fyrir að fjöldi auðlýstra starfa haldist að mestu leyti.


Mynd 7. Fjöldi birtra atvinnuauðlýsinga innan hvers mánaðar árin 2016-2018



Heildarfjöldi umsókna jókst frá árinu 2017 og árið 2018 voru þær 5.091. Mynd 8 sýnir samanburð heildarfjölda umsókna árin 2016, 2017 og 2018.

Þrátt fyrir að atvinnuauðlýsingum hafi fjölgað frá árinu 2016 þá hefur umsóknum um auðlýst störf fækkað frá sama ári. Á milli áruna 2016 og 2017 fækkaði umsóknum um rúm 9 % og í samanburði áruna 2016 og 2018 hefur þeim fækkað um tæp 6,5 %.


Mynd 8. Heildarfjöldi umsókna innan áruna 2016-2017




Mynd 9 sýnir fjölda umsókna innan hvers mánaðar samanburðarárin og það má sjá áberandi breytingu þegar litið er til maí-, ágúst- og desembermánaðar. Árin tvö á undan hafa flestar umsóknir borist í maí en árið 2018 er fjöldi þeirra svipaður og í ágúst, og fjöldi umsókna innan þess mánaðar og desember hefur aukist frá því sem hefur verið. Árið 2018 sést meiri dreifing umsókna innan mánaða yfir árið líkt og við sjáum meiri dreifingu umsókna yfir árið í fjölda auðlýstra starfa.

Heildarfjöldi umsókna (mynd 8) nær yfir umsóknir vegna auðlýstra starfa, atvinnu með stuðningi (AMS) og umsóknir ungmenna í Vinnuskóla Akureyrarbæjar. Af 5.091 umsóknum voru 4.460 þeirra vegna auðlýstra starfa að undanskildum umsóknum vegna AMS (34) og Vinnuskóla (531). Mynd 10 sýnir fjölda þeirra umsókna eftir kyni og sjá má að konur eru mikill meirihluti umsækjenda.


Mynd 9. Fjöldi umsókna innan hvers mánaðar árin 2016-2018



Mynd 10. Fjöldi umsókna 2018 e. kyni (utan Vinnuskóla og AMS)



Mynd 11. Fjöldi umsókna um Vinnuskólann 2018 e. kyni



enda eða 72 % og karlar eru 28 % umsækjenda.

Heildarfjöldi umsókna í Vinnuskólann var 531. Á mynd 11 má sjá þær umsóknir innan hvers aldurshóps eftir kyni. Líkt og myndin sýnir þá eru stelpur hlutfallslega færri heldur en strákar innan allra aldurshópa en minnsti hlutfallslegi munur er í yngsta hópnum.


Fræðsla

Fjöldi miðlægra námskeiða á vegum stjórnendafræðslunnar var 39 á árinu 2018. Við val og skipulagningu á námskeiðum var stuðst við þarfagreiningu stjórnendafræðslunnar sem lauk í byrjun árs 2018. Heildarfjöldi þeirra sem sótti þau námskeið sem í boði voru var 622 og er það 49 % aukning á þátttöku milli ára, 71 % þeirra sem sóttu námskeið voru konur og 29 % karlar. Mynd 12 sýnir fjölda þátttakenda á milli ára og eftir kyni.

Tilkynningar um námskeið fá annars vegar þeir sem eru á póstlistanum Póstlistinn Fræðsla (279) og hins vegar Ráðnir stjórnendur (82). Myndir 13 og 14 sýna skiptingu eftir kyni innan póstlistanna tveggja.


Haustið 2018 var ákveðið að fara af stað með kynningar á stefnum Akureyrarbæjar og voru fjórar stefnur kynntar á árinu; atvinnustefna, mannauðsstefna, jafnréttisstefna og forvarnastefna. Fleiri stefnur verða kynntar á vorönn 2019 og eru kynningarfundirnir opnir öllum íbúum og öðrum áhugasömum.

Mynd 12. Fjöldi þátttakenda






Mynd 13. Póstlistinn fræðsla



Mynd 14. Ráðnir Stjórnendur



Íbúagátt

Íbúagáttin á heimasíðu Akureyrarbæjar var tekin í notkun í maí 2017. Í íbúagáttinni geta bæjarbúar og aðrir notað íslykil eða rafræn skilríki til innskráningar og sótt þar rafrænt um ýmsa þjónustu á vegum bæjarins, skilað inn ýmsum gögnum og fylgst með afgreiðslu erinda sinna. Auk þess er þar hægt að sjá álagningarseðil fasteignagjalda og beintenging er við Mentor úr gáttinni.

Íbúagáttin er ódúgúð og eiga umsóknaförmin að skalast vel niður á snjallsíma og spjaldtölvur.

Tafla 1 sýnir fjölda umsóknaförma í íbúagátt árin 2017 og 2018 og hvernig þau skiptast á svið. Á árinu 2017 voru 20 umsóknaför sett inn í íbúagáttina og á árinu 2018 bættust við 22 til viðbótar. Í árslok 2018 voru því 42 umsóknaför í íbúagáttinni.

Íbúagáttin er ódúgúð að festa sig í sessi og stöðugt bætist við þá þætti sem hægt er að sækja um og afgreiða í gegnum gáttina. Fjöldi umsókna í gegnum íbúagátt fór úr 21 árið 2017 í 1.212 árið 2018. Sjá má dreifingu umsókna eftir sviði í töflu 2.



Tafla 1: Fjöldi nýrra umsóknaforma í íbúagátt árin 2017 og 2018

	Fjöldi nýrra umsóknaforma 2017	Fjöldi nýrra umsóknaforma 2018	Fjöldi umsóknaforma alls í desember 2018
Búsetusvið	3	0	3
Fjársýslusvið	3	0	3
Fjölskyldusvið	3	8	11
Fræðslusvið	0	0	0
Samfélagssvið	4	2	6
Skipulagssvið	1	0	1
Stjórnsýslusvið	1	10	11
Umhverfis- og mannvirkjasvið	4	2	6
Öldrunarheimili Akureyrar	1	0	1
Heildarfjöldi	20	22	42

Tafla 2: Fjöldi umsókna í íbúagátt árin 2017 og 2018

	Fjöldi umsókna 2017 alls	Fjöldi umsókna 2018 alls
Búsetusvið	2	16
Fjársýslusvið	2	16
Fjölskyldusvið	0	253
Fræðslusvið	0	0
Samfélagssvið	0	62
Skipulagssvið	0	0
Stjórnsýslusvið	5	838
Umhverfis- og mannvirkjasvið	12	25
Öldrunarheimili Akureyrar	0	2
Heildarfjöldi	21	1212



Umhverfis- og mannvirkjasvið

Umhverfis- og mannvirkjasvið er þjónustufyrirtæki sem hefur umsjón með framkvæmdum og viðhaldi við húseignir, götur, gangstéttir, stíga, græn svæði og umhirðu og hreinsun í bæjarlandinu. Auk þess fellur undir sviðið rekstur Slökkviliðs- og brunavarna, Strætisvagna Akureyrar og ferliþjónustu.

Fasteignir - nýframkvæmdir

Naustaskóli

Framkvæmdir við suðurlóð hófust haustið 2017 og var unnið eins lengi og aðstæður leyfðu. Framkvæmdir hófust á ný vorið 2018 og lauk þeim í lok árs 2018. Á haustdögum var einnig lokið við gerð 12 nýrra bílastæða sem nýtast bæði skólanum og leikskólanum Naustatjörn.

Hlíðarskóli

Undirbúningur við verkefnið hófst vorið 2018 en í því fólst að innrétta skemmu (um 160 m² rými) sem skóla, þrjár lokaðar kennslustofur, borðstofu/sal, eldhús og snyrtingar. Ganga frá lóð og dreina, endurbæta brunavarnarkerfi í eldri hluta, fara yfir þakið og mála húsið. Framkvæmdir hófust í júní. Framkvæmdum lauk í lok árs.

Sundlaug Akureyrar

Þrjár nýjar og glæsilegar rennibrautir voru teknar í notkun í júní 2017. Áfram var unnið að uppsteypu og fullnaðarfrágangi á nýjum nuddpotti og fosslaug vestan við lendingarlaug og lauk þeim framkvæmdum um vorið og pottarnir og garðurinn voru formlega opnaðir í júlí 2018. Endurnýjun girðingar lauk svo í nóvember 2018.

Listasafnið á Akureyri

Listasafnið á Akureyri var starfrækt í tveimur húsum í Kaupvangsstræti 8-12, annars vegar í Ketilhúsinu og hins vegar í Mjólkursamlaginu. Listasafnið var opnað 29. ágúst 1993 á annarri hæð Kaupvangsstrætis 12, þar sem áður var Mjólkursamlag KEA. Ketilhúsið er nýtt af Listasafninu. Á árinu 2011 kom fram hugmynd um að tengja saman Listasafn og Ketilhús. Markmiðið var að gera sýnilegt að um eina stofnun væri að ræða og eins var talið að með því móti væri hægt að hagræða í rekstri safnsins.

Tilboð í verkið voru opnuð í apríl 2017 og var safnið opnað formlega lok ágúst 2018, en öðrum frágangi lauk undir lok árs 2018. Áætlað er að fara í frágang á baklóð árið 2019.

Leiguíbúðir - nýframkvæmdir

Leiguíbúðir

Hönnun á 6 íbúða húsi við Klettaborg 43 var kláruð á árinu og verða framkvæmdir boðnar út og stefnt er að því að taka íbúðirnar í notkun sumarið 2020. Keyptar voru inn 7 íbúðir á almennum markaði á árinu 2018, fimm íbúðir í Akursíðu 2 og 4 og tvær íbúðir í Stekkjartúni 32. Unnið var að hönnun tveggja íbúða á neðstu hæð í Keilusiðu 3 og 5.

Fasteignir – viðhald

Leikskólar

Á árinu voru helstu verkefnir í leikskólum málun, uppfaersla malarleiksvæða með gúmmí fallvarnarefni, ný snjóbræðslakerfi, endurnýjun gólfefna og lýsingar, endurbætur á starfsmannarýmum og eldhústækjum.

Grunnskólar

Helstu viðhaldsverkefni í skólum voru endurbætur á leiksvæðum og lóðum, gólfhita í forstofu ný gólfefni, endurbætur á þaki, endurnýjun á myndavélum og útilýsingu, endurnýjun eldhústækja, hússtjórnarkerfa, hitakerfa og rafmagnstaflna.

Menningarmannvirki

Við Listasafnið var unnið að utanhúss viðgerðum og málun. Á Sigurhæðum var farið í að laga timburklæðingu á suður- og austurhlíð hússins ásamt því að skipta um tvo glugga og endurnýja gler. Styrkur barst frá Húsafriðunarnefnd vegna framkvæmdanna. Í Hofi var unnið við brunakerfi og lyftu.

Íþróttamannvirki

Í íþróttamannvirkjum var aðallega unnið við endurbætur á búnaði sundlauga. Ný lyfta var sett í Reiðhöllina, byggt við anddyri íþróttahúss Giljaskóla, unnið að endurbótum á raflögnum og snyrtingum í Hlíðarfjalli, sett upp skiptitjald í Íþróttahúsi Lundarskóla.

Öldrunarmannvirki

Unnið var við málun innanhúss, múrviðgerðum utanhúss, unnið að endurnýjun brunakerfis og endurnýjun eldhústækja. Haldið var áfram að endurnýja uppþvottavélar og laga eldhús í sameiginlegum rýmum. Unnið var við uppsetningu á innihurðum vegna brunamála í Hlíð.

Leiguíbúðir

Unnið var að miklum endurbótum í níu íbúðum auk hefðbundins viðhalds ásamt leiguskiptum.

Götur og stígar - nýframkvæmdir

Naustahverfi 7. áfangi (Hagar)

Hagar er stærsta verkefnið í gatnaframkvæmdum næstu árin. Um er að ræða hefðbundna gatnagerð og lagningu lagna veitustofnana og ná framkvæmdir yfir árin 2018 og 2019. Lokafrágangur hverfisins getur þó tekið 5-10 ár sem mun ráðast af uppbyggingarhraða.

Framkvæmdin var boðin út í lok árs 2017 og hófust framkvæmdir í ársbyrjun 2018. Hluti lóða varð byggingarhæfur í ágúst 2018 og aðrar lóðir ættu að verða byggingarhæfar skv. verkáætlun í júní og desember 2019.

Naustahverfi eldri áfangar

Unnið var við frágang á götum, gangstéttum og grænum svæðum í hverfinu. Framkvæmdum við þessa áfanga ætti að ljúka á árunum 2019 og 2020.

Austurbrú frágangur

Frágangur við malbikun götu, hellulögn gangstétta ásamt lýsing hófst á árinu og mun vera haldið áfram með frágang á næstu árum og fer framkvæmdahraði eftir því hvernig til tekst með uppbyggingu á lóðum.

Malbikun

Í malbikun var aðallega unnið í Naustahverfi 7. áfanga (Hagar), einnig var malbikaður götustubbur í Kaldbaksgötu og á Krókeyri.

Samkomubrú

Ákveðið var á vordögum 2017 að fara í smíði brúar á Drottningarbrautarstíg austan við Leikhúsið. Verkið var að mestu leyti unnið á árinu. Byrjað var á vinnu við undirstöður og grjótvörn árið 2017 en smíðavinna og frágangur á svæðinu fór fram árið 2018. Aðalbyggingarefni er harðviðarstaurar úr basalocus sem bera uppi brúna en að öðru leyti er hún byggð úr azobe harðvið. Þá eru bogadregnar stífur við handrið brúarinnar og þakklæðning úr lerki. Brúin er lýst upp með LED-lýsingu í staurum í handriði með sama sniði stígurinn beggja vegna. Einnig er LED-lýsing undir handlistum og þaki brúarhússins. Brúin var vígð í ágúst og mætti fjölmenni á vígsluna þar sem brúnni var gefið nafnið Samkomubrú.

Drottningarbrautarstígur

Vinna við stíginn sem liggur frá „Hjartarplani“ við flugvöllinn og að sveitarfélagamörkum með tengingu upp í Kjarnaskóg hófst árið 2017 og fólst í undirbyggingu stígsins. Vinna við malbikun og frágang ásamt uppsetningu á gangbrautarþverun yfir Eyjafjarðarbraut var unnið á árinu. Eyjafjarðarsveit vann einnig við stíg sem nær frá sveitarfélagamörkum og inn á Hrafnagil og luku þeir við malbikun haustið 2018. Þá er orðin til um 12 km löng samfelld malbikuð stígaleið frá miðbæ Akureyrar og inn á Hrafnagil.





Malbikaðar götur - viðhald

Unnið var að yfirbræðslu gatna og stíga samkvæmt áætlun í hverfum bæjarins.

Götu- og gangbrautalýsing - endurnýjun

Árið 2017 hófst vinna við endurnýjun gatna- og gangbrautarlýsingar. Um er að ræða endurnýjun vegna kvikasilfursljósa og annarra tegunda og er verið að skipta þessum ljósum út fyrir LED-ljós sem eru mun ódýrari í rekstri og viðhaldi. Í árslok 2016 var endurnýjun á gatnalýsingu boðin út og var samið við Lettneska fyrirtækið Vizulo um kaup á led lömpunum. Árið 2019 verður lokið við að skipta út kvikasilfursljósum að stærsta hluta.

Umferðaröryggi

Áfram var unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið í og úr skóla. Haft var samráð við skipulags- og skólayfirvöld. Áfram var unnið að endurbótum á þjóðvegi 1 í samstarfi við Vegagerðina. Lokið var að mestu við framkvæmdir við Síðuskóla sem fólust í því að bæta við gangstéttum og bæta gönguveranir yfir stærri götur í hverfinu. Finfrágangur verður kláraður sumarið 2019. Unnið var að LED-væðingu gatnalýsingar og skipt út kvikasilfursluktum. Sett var upp sérstök gangbrautarlýsing með LED-ljósum á nokkrum stöðum í bænum. Áhersla verður lögð á að lýsa fleiri gangbrautir á árinu 2019 til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Gerðar voru hraðamælingar í hverfum bæjarins og verða niðurstöðurnar notaðar til að meta hvernig tekst til með lækkun umferðarhraða.

Bílastæði

Austurbrú

Bílaplan við Austurbrú var malbikað og frágengið að mestu leyt í árinu. Eftir er að merkja bílastæðin og klára gróðurbed sem afmarkar bílastæðin frá Drottningarbrautinni en þeirri vinnu mun ljúka vorið 2019. Með þessu orðu til um 90 stæði og þar af 2 stæði fyrir hreyfihamlaða.

Umhverfis- og heinlætismál

Akureyrarbær stendur framarlega í umhverfismálum þannig að tekið er eftir. Stefnan er að gera enn betur og vera áfram í forystu meðal íslenskra sveitarfélaga. Umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarbæjar, sem var samþykkt í bæjarstjórn í lok árs 2016, er mikil

vægt stjórnæki í þeirri vinnu. Í stefnunni er að finna 48 metnaðarfull markmið, flest á ábyrgð umhverfis- og mannvirkjasviðs. Eitt af mikilvægari markmiðum í stefnunni er fræðsla og upplýsingagjöf til bæjarbúa sem og stöðugt upplýsingaflæði en það ætti að auðvelda bæjarbúum að taka upp umhverfisvænan lífsstíl. Meðal verkefna úr stefnunni sem unnið var að árið 2018 má nefna verkefni sem tengjast betri loftgæðum. Í dag eru upplýsingar um svifryk aðgengilegar á rauntíma hverju sinni á heimasíðu bæjarins og götur bæjarins eru sópaðar og þvegnar eftir þörfum. Akureyrarbær tók þátt í Evrópsku nýtnivíkunni í fyrsta sinn 2018 en verkefnið er samevrópskt og hefur það að markmiði að draga úr myndun úrgangs með því að hvetja fólk til að nýta hluti betur og lengja með því líftíma þeirra.

Akureyrarbær sá alfarið um viðhald og umhirðu grænna svæða, svo sem slátt og hirðingu, útplöntun sumarblóma, trjá- og runnagróður og klippingar á trjám og runnum og fleira á árinu.

Í ræktunarstöð bæjarins voru ræktuð um 30.000 sumarblóm. Síðustu ár hefur verið dregið úr gróðursetningu sumarblóma í hverfum bæjarins en áherslan lögð á miðbæjarsvæðið. Í ræktunarstöðinni voru ræktaðar bæði trjá- og runnplöntur af ýmsum tegundum til útplöntunar í bæjarlandið ásamt skógarplöntum. Lítið gekk í baráttunni við óæskilegan gróður svo sem skógarkefíl, lúpínu og tröllahvönn á Akureyri en ljóst er að gera þarf stóratæk ef ekki á illa að fara, bæði á Akureyri og í Hrísey. Nauðsynlegt er að vinna aðgerðaáætlun fyrir næstu ár.

Matjurtargarðar voru líkt og undanfarin ár starfræktir í tengslum við ræktunarstöðina og var aðsóknin heldur minni en undanfarin ár. Skólar og leikskólar hafa aftur á móti í síauknum mæli leigt sér garða eða útbúið eigin garða og fengið forræktaðar plöntur hjá ræktunarstöðinni. Þá voru ræktaðar matjurtir fyrir öldrunarheimilin í Hlíð og Lögmanshlíð.

Útplöntun í græna trefilinn var sett í bið vegna vinnu við nýtt skógaræktarskipulag en því er nú lokið og verður hafist handa við útplöntun 2019. Lionsklúbburinn Hængur fékk úthlutað svæði til útplöntunar sunnan gamla úðunarstaðarins á Glerárdal og hóf útplöntun á haustmánuðum.

Lýstigarðurinn var rekinn með hefðbundnum hætti og ýmsir viðburðir voru í garðinum s.s. hluti dagskrár 17. júní og Akureyrarvöku, einnig aðventustund í desember auk leiksýninga. Lókið var við endurgerð á læk í garðinum ásamt ýmsu viðhaldi. Framleiddar voru rúmlega 8.000 plöntur og þeim síðan plantað viðs vegar um garðinn. Gömlu salernin voru opnuð formlega á Akureyrarvöku með sýningu á gömlum myndum úr garðinum.



Í Kjarnaskógi var endurbýggingu Kjarnakots, salernishússins í Kjarna lokið, og lögð var nettenging í bæði Kjarnakot og nýja salernishúsið við Birkivöll ásamt uppsetningu öryggismyndavéla. Strandblaksvellirinn í Kjarna njóta mikilla vinsælda og skipt var um sand í eldri vellinum sumarið 2018. Þá var unnið að hinum ýmsu viðhaldsverkefnum vítt og breitt um skógin.

Fuglatalning fór fram í fólkvangnum í Krossanesborgum og er þetta í fimmta skiptið sem Akureyrarbær stendur að þessari vöktun á fuglalífi en fyrst var talið 1998. Talið er á fimm ára fresti. Einnig fór fram fuglatalning í Naustaflóa en þar er talið á tveggja ára fresti. Allar skýrslurnar eru aðgengilegar á vef bæjarins.

Rekstur opinna leiksvæða og boltavalla var með hefðbundnu sniði og rekstrarskoðanir framkvæmdar reglulega. Nýtt fallvarnarundirlag var sett á tvö leiksvæði á árinu ásamt ýmsu viðhaldi.

Rekstur jarðeigna og dýraeftirlits var hefðbundinn en það annast eftirlit og skráningu hunda, katta og búfjár. Jarðeignir og dýraeftirlit annast enn fremur vöktun og eyðingu á rottum, vargfugli, ref, mink og kanínum. Átak hefur verið í gangi við að stemma stigu við útbreiðslu kanína og verður því haldið áfram næstu ár.

Jarðeignir og dýraeftirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallgírðingu, landamerkjagírðingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Einnig að halda utan um útgáfu búfjárleyfa og leigu beitarlanda.

Farið var í hreinsunaráttak á Akureyri í maí og stóð það fram í nóvember. Góður árangur náðist í að fjarlægja númeralaugar bifreiðar, fjölmargir fyrirtækjoeigendur tóku til á lóðum sínum og óæskilegir hlutir voru fjarlægðir af fjölmörgum stöðum í bæjarlandinu. Samvinna var við hestamannafélagið um hreinsun í báðum hesthúshverfum.

Alheimshreinsunardagurinn var haldinn um land allt laugardaginn 15. september. Ákveðið var að hreinsa strandlengju bæjarins og á fyrirfram ákveðnum stöðum var hægt að skilja eftir söfnunarpoka.

Heimilisúrgangur frá íbúum Akureyrar hefur haldist svipaður síðustu árin. Almennit sorp sem fór í urðun á Sölvabakka var rúmlega 215,6 kg að meðaltali á hvert heimili á Akureyri á árinu 2018 og minnkaði um 3,8 kg á milli ára. Lífrænn úrgangur sem fer til jarðgerðar í Moltu hefur lítilega minnkað á milli ára og er nú um 101,1 kg að meðaltali á hvert heimili samanborið við 103,9 kg árið 2017. Skil á gámasvæði og grenndarstöðvar jókst á milli ára.

Sorþirðugjaldið árið 2018 var 38.643 krónur á hverja fast-

eign. Þetta var lítileg hækkun frá fyrra ári. 11 grenndarstöðvar eru staðsettar á Akureyri auk gámasvæðis í Réttarhvammi.


Í Hrísey var unnið að því að setja upp afgirt gámasvæði og er áætlað að þeim framkvæmdum ljúki á árinu 2019.

Akureyrarbær hefur um langt skeið lagt áherslu á að vera leiðandi sveitarfélag í umhverfismálum og því ánægjulegt að sjá að íbúar Akureyrarbæjar meta árangur sveitarfélagsins góðan ef marka má niðurstöður könnunarinnar sem lögð var fyrir árið 2018.

Í öllum þeim spurningum sem lagðar eru fyrir íbúa og varða umhverfismál er Akureyrarbær í einu af þremur efstu sætum þeirra 19 sveitarfélaga sem taka þátt í könnuninni og í fyrsta sæti þegar spurt er um hvernig sveitarfélagið stuðli að umhverfisvænum samgöngum.

Þegar íbúar voru spurðir hversu vel eða illa þeir telja sveitarfélagið standa sig í að stuðla að flokkun á sorpi meðal íbúa voru 86 % íbúa á því að sveitarfélagið stæði sig vel (sjá mynd).

Akureyrarbær hyggst áfram leggja áherslu á umhverfismál og vill gera sífellt betur í þeim mikilvæga málaflokki.



Umhverfismiðstöð

Undir Umhverfismiðstöð heyrir áhaldahús, malbikunarstöð og Strætisvagnar Akureyrar ásamt ferliþjónustu. Starfsmenn Um-

hverfismiðstöðvar vinna ýmis verk sem tengjast verklegum framkvæmdum og ýmiss konar viðhaldi og umhirðu sem oft er árstíðabundin, snjómokstur og hálkuvarnir yfir veturinn en gatnagerð, malbikun, sláttur og hirðing á opnum svæðum yfir sumarið. Auk fjölda annarra verkefna fyrir ýmsar stofnanir bæjarins eins og hreinsun á bæjarlandinu, viðhald á leiksvæðum og jólaskreytingum.

Strætisvagnar Akureyrar, SVA

Leiðakerfi strætó sem tekið var í notkun í desember 2016 byggir á fjórum vögnum sem aka á sex leiðum. Tveir vagnar aka á tveimur leiðum og tveir á einni leið. Þannig eru farnir þrír hringir réttisælis og þrír svipaðir hringir rangsælis á klukkustund. Með þessu leiðakerfi næst að aka um allan bæinn og fjarlægð að næstu biðstöð er yfirleitt í innan við 300 metra radius. Reynt er að hafa tíðni vagna 3-4 sinnum á klukkustund við skóla, íþróttamannvirki og stóra vinnustaði. Tímaáætlun var síðan yfirfarin og lagfærð í desember 2018. Stefnt er að endurskoðun tímaáætlunar fyrir næsta skólaár. Þörf er á einhverjum lagfæringum á tímatöflu en stórar breytingar verða ekki fyrir en vögnum verður fjölgað.

Reynt hefur verið að telja örur í vögnum en verið hefur um nokkurt skeið. Þá kemur í ljós að fjöldi farþega hefur verið ofáætlaður. Árið 2018 var hann um 330 þúsund farþegar og eknir voru um 263.000 km.


Annar metanstrætisvagn var tekinn í notkun á árinu en sparnaður í eldsneytskostnaði hefur ekki staðist væntingar ennþá.

Ferliþjónusta

Notkun ferliþjónustu hefur farið ört vaxandi á undanförunum árum en nú ber svo við að hún minnkar á milli ára. Fjöldi ferða hjá ferliþjónustunni var um 57,5 þúsund á árinu 2018 og nota um 360 einstaklingar þjónustuna.

Þróun á notkun ferliþjónustunnar sést á meðfylgjandi stöplari. Bílafloiti er óbreyttur milli ára, þ.e. fjórir nýlegir metanbílur auk tveggja gamalla díselbílur.

Heildarnotkun ferliþjónustu



Slökkvilið Akureyrar

Verkefni Slökkviliðs Akureyrar (SA)

SA sinnir lögbundnum verkefnum eins og slökkvistörfum, eldvarnaeftirliti, björgun fastklemmdra og viðbrögð við mengunarslysum. Einnig sér Slökkviliðið um sjúkraflutninga á Akureyri og í nágrenni en auk þess sinna sjúkraflutningamenn SA öllum sjúklingum sem fluttir eru með sjúkraflugi á Íslandi.

Vaðlaheiddargöng voru opnuð á árinu og hefur slökkviliðið varið nokkrum tíma í undirbúning þess í formi áætlaða og búnaðarmála.

Útköll hjá slökkviliðinu

Slökkviliðið var samtals kallað út 122 sinnum á árinu vegna lögbundinna verkefna, þar af 40 sinnum vegna elds eða gruns um eld. Í öllum tilfellum tókst slökkviliði að hefta útbreiðslu elds og varna al tjóni. Nokkrum sinnum sönnuðu IR-myndavélar liðsins gildi sitt þegar finna þurfti hvar eldur kraumaði í veggjum og þökum. Sérstaklega vel tókst til þegar eldur kom upp í yfir 100 ára gömlu húsi við Strandgötu í nóvember. Kviknaði þar í einni íbúð af fjórum sem eru í húsinu og tókst að finna eldsupptök og slökkva eldinn áður en hann náði að dreifa sér frekar.

Eldvarnaeftirlit

Eldvarnaeftirlitið starfar eftir lögum um brunamál. 2018 var fyrsta heila árið eftir gildistöku nýrrar reglugerðar um málefnið en það hefur kallað á endurskoðun á verklagi og áætlunum. Helstu verkefni snúa að reglubundnum skoðunum og umsögnum vegna

leyfisskyldrar starfsemi og nýbygginga af ýmsum toga. Tveir starfsmenn SA sinna eldvarnaeftirliti alla jafna en einnig fara þeir í önnur verkefni og útköll hjá slökkviliðinu eftir þörfum.

Sjúkraflutningar

Sjúkraflutningar á svæði SA voru rúmlega 2.500 á árinu. Fjöldi þeirra jókst um 3% milli ára sem er töluvert minni aukning en undanfarin ár en sjúkraflutningar hjá SA hafa aukist um 54% á síðustu 10 árum. Rúmlega 900 sinnum var um forgangsflutninga að ræða og 173 sinnum var um að ræða sjúkraflutninga út fyrir þjónustusvæði slökkviliðsins en SA flytur sjúklinga frá Sjúkrahúsinu á Akureyri til annarra heilbrigðisstofnana á Norður- og Austurlandi. Tíðni þessara flutninga dróst saman um 20% frá árinu á undan en það skýrist væntanlega af því að samkvæmt samningi um sjúkraflutninga sem gerður var um mitt síðasta ár, rúkkar SA nú SAK fyrir þjónustuna.

Sjúkraflug

Árið 2018 var enn á ný metár í fjölda sjúkraflutninga með sjúkraflugi. Eins og áður hefur komið fram fara sjúkraflutningamenn á vegum SA með í öll sjúkraflug en sjúkraflugið er samstarf þriggja aðila, það er SA, Mýflugs og SAK. Mýflug sér um rekstur sérhæfðrar sjúkraflugvélar og SAK leggur til lækni í þau útköll þar sem þess er talin þörf. Á árinu 2018 voru 882 sjúklingar fluttir í 806 flugum en það er um 3% aukning frá árinu áður.

Mannauður

Í upphafi ársins 2018 auglýstu stjórnendur SA eftir konum til starfa í sumarafleysingar með því markmiði að uppfylla ákvæði jafnréttis laga um kynjahlutföll á vinnustöðum. Það verkefni hefur gengið vel og eru nú tvær konur fastráðnar í fullt starf og ein sem starfar í afleysingum í hlutastarfi hjá SA.

Eftir langa lotu samningaviðræðna við ríkið um mönnun vegna sjúkraflutninga og sjúkraflugs var loks skrifað undir nýjan samning um mitt ár sem gerði ráð fyrir fjölgun á dagvöktum vegna álags í sjúkraflutningum. Í kjölfarið var ráðið starfsfólk í þrjár nýjar stöður og þar af voru eins og áður sagði tvær konur.

Fjórir starfsmenn SA sátu námskeið Mannvirkjastofnunar fyrir atvinnuslökkviliðsmenn á árinu og munu nú í vor ljúka skyldunámi í slökkvifræðum. Starfsmenn sóttu ýmis námskeið á árinu auk lögbundinna æfinga slökkviliða en þar má meðal annars nefna rýmingaæfingar á SAK, samæfingar með Isavia og æfingar í viðbrögðum við eldi í jarðgöngum.

Búnaður

Mikill undirbúningur fór fram á árinu vegna Vaðlaheiddarganga og búnaðar sem slökkviliðið þarf til að geta brugðist við ef óhapp verður í göngunum. Þöntuð var bifreið sem útbúin verður með öflugum froðuslökkvibúnaði til að nota á allan eld, björgunar- og klippubúnaði til að nota vegna bílslys, reykköfunarbúnaði og handverkfærum af ýmsu tagi. Gert er ráð fyrir afhendingu til SA í júní 2019. Ákveðið hefur verið að fresta endurnýjun dælubíla hjá SA að sinni en uppfæra þess í stað annan bílinn með nýjum stjórnubúnaði og bæta á hann öflugum froðubúnaði til að nota við slökkvistörf. Gert er ráð fyrir að endurnýja körfu-/stigabíl SA á árinu 2020.

Slökkviliðið kom sér upp skoðunarstöð fyrir reykköfunartæki og tveir starfsmenn hafa nú réttindi til að yfirfara reykköfunarbúnað SA. Skoðunarstöðin mun spara bæði fé og fyrirhöfn við að senda dýran búnað milli landshluta á hverju ári.






Öldrunarheimili Akureyrar

Reglubundin starfsemi ÖA, nýsköpunarverkefni og breytingar og þróun í starfsemi byggja á áhuga og helgun í starfi hjá starfsfólkinu sem þar starfar. Eins og undanfarin ár hefur starfsfólk ÖA lagt sig fram við að veita einstaklingsmiðaða og góða þjónustu, samhlíða því að takast á við nýjar áskoranir og viðvarandi aðhald í öllum rekstrinum.

Hlutverk og helstu verkefni ÖA hafa breyst á síðustu árum og áratugum eins og sjá má þegar horft er til breytinga á samsetningu rýma á heimilinu (sjá mynd 1). Hjúkrunarýmum og dagþjálfunarplássum hefur fjölgað samhlíða fækkun dvalarheim-

Mynd 1. Dvalar og hjúkrunarými á Akureyri 1990-2018



ilisrýma. Þessi þróun er samhlíða áherslum samfélagsins á að eldra fólk búi sem lengst heima og fái heimaþjónustu og heimahjúkrun eftir þörfum.

Nýsköpun og þróun

Líkt og undanfarin ár voru allnokkur nýsköpunar- og þróunarverkefni í gangi, bæði framhaldsverkefni og ný verkefni. Áfram var unnið að þróun á Aflla lyfjaumsjónarkerfinu í samstarfi við þulu og Lyfjaver og nú með því að bæta inn lyfjakorti og rafrænni skráningu lyfja. Eden hugmyndafræðin og þjónandi leiðsögn skipa áfram mikilvægan sess í breytingum og þróun starfsins og áherslum á persónuþróun í umönnun.

Á árinu voru lögð drög að og hafinn undirbúningur að nýsköpunarverkefni í dagþjálfun og tímabundinni dvöl en það verkefni er unnið á grundvelli leyfis frá heilbrigðisráðuneytinu. Í því felst að 10 rýmum í tímabundinni dvöl er breytt í 20-25 dagþjálfunarými þar sem áhersla er á sveigjanlega þjónustu, lengri opnunartíma og virkni eða endurhæfingu. Þetta nýja úrræði verður í mótn á næstu 2-4 árum.

ÖA í samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Síney vann að gerð námskrár um nám á sviði velferðartækni og lauk því verkefni um áramótin. Þá er ÖA í samstarfsverkefni með Jafnréttisstofu undir heitinu „Rjúfum hefðirnar - förum nýjar leiðir“ en markmið þess er að leita leiða til að jafna hlut kynjanna í umönnunarstörfum.




Verkefni um lífssögu íbúa snertir velliðan og lífsgæði. Á árinu var unnið að þróun og þrófun á nýju formi til skráningar lífssögu. Það form er nú orðið hluti af fræðslu og verður innleitt markvisst á næstu misserum.

Þá var á árinu ráðgjafi á sviði heilabilunar ráðinn til starfa hjá ÖA. Með því er markvisst verið að styrkja og styðja aðstandendur/fjölskyldur og starfsfólk og auka fræðslu og ráðgjöf um heilabilun.

Reksturinn

Velta ÖA var rúmlega 2,7 milljarðar króna á árinu 2018. Af þeirri upphæð fóru tæplega 1,9 milljarðar króna (74 %) í laun og launatengd gjöld en hlutfall yfirvinnu af dagvinnulaunum var líkt og áður um 21 %. Vörukaup ársins voru 193 milljónir og þjónustukaup um 575 milljónir. Annar rekstrarkostnaður var því um 769 milljónir, en af þeirri fjárhæð greiddi ÖA um 227 milljónir í leigu af mannvirkjum og búnaði til Akureyrarbæjar eða um 29 % af öðrum rekstrarkostnaði. Tekjur ÖA í formi daggjalda frá Sjúkratryggingum Íslands (S.Í.) ásamt greiðslum íbúa, voru tæplega 2,3 milljarðar króna og tekjur frá S.Í. vegna húsnæðisgjalds voru um 122 milljónir króna og framlag Akureyrarbæjar um 209 milljónir. Eins og undangengin ár var leitað allra leiða til sparnaðar í rekstri með miklu aðhaldi í yfirvinnu og vörukaupum. Á árinu störfuðu hjá ÖA 477 einstaklingar í um 215 ársverkum, 448 konur (94 %) og 30 karlar (6 %).

Kynjasamsetning starfsfólks ÖA



Rýmin og nýting

Í árslok 2018 voru á ÖA 182 leyfð rými; 172 hjúkrunarrými og 10 dvalarheimilísrými. Af 172 hjúkrunarrýmum eru 17 rými til skammtíma- og hvíldardvalar. Að auki eru leyfi fyrir 36 rýmum í dagþjálfun í Hlíð en 16 þeirra eru svokölluð „sértæk rými“ og er eitt þeirra rekið fyrir Eyjafjarðarsveit samkvæmt samningi. Alls eru 20 almenn dagþjálfunarrými. Í lok ársins fékk ÖA leyfi til starfrækslu á þremur gedhjúkrunarrýmum.

Alls komu 6 einstaklingar í dvalarrými á árinu; 69 í hjúkrunar-


rými og 135 einstaklingar nýttu sér tímabundna dvöl. Alls komu því 210 einstaklingar í þessi úrræði á árinu og 68 % þeirra voru konur og 32 % karlar. Á landsvísi eru hlutföllin 63 og 37 %. Alls nýttu 102 einstaklingar sér dagþjálfun en að meðaltali koma 70-90 einstaklingar í dagþjálfun í hverri viku. Nýting hjúkrunarrýma var 99,7 %, dvalarrýma 93,4 % og nýting dagþjálfunarrýma var 103 %. Nýir íbúar sem fluttu inn í fóst rými voru því alls 75. Meðalaldur einstaklinga í hjúkrunarplássum var 86,2 ár og 85,9 ár í dvalarrýmum á árinu 2018. Meðalaldur einstaklinga í hjúkrunarrýmum á landinu öllu er 84,3 ár en hjá ÖA er meðalaldur 86,2 ár. Hjá ÖA hefur meðalaldur verið tveimur árum hærri en landsmeðaltalið og þannig hefur það verið mörg undanfarin ár.

Meðaldvalartími íbúa ÖA hefur verið að styttest og reiknast árið 2018 vera um 2,2 ár en er á landsvísi 2,7 ár.

ÖA hefur lagt áherslu á málefni hjóna þegar annað eða bæði eru metin í þörf fyrir dvöl. Á árinu fluttu fimm hjón í varanlega dvöl.

13 sinnum hafa íbúar ÖA þurft sérstaklega eða óskað eftir að flytja í hentugra rými vegna sérstakra aðstæðna og vegna þess að

Aldursdreifing íbúa í október 2018



sum rými á ÖA eru óhentug þegar umönnunarþörfin vex.

Fræðsla innan ÖA

Fjölbreytt og öflug fræðsluáætlun var keyrð á árinu eins og áður. Fræðsluáætlunin á hverju ári byggir á þarfagreiningu og koma fyrirlesarar úr hópi starfsmanna ÖA og líka utan frá. Öll fræðslan var opin starfsfólki, íbúum og aðstandendum. Til viðbótar reglulegri fræðslu komu síðan málstofur og tilfallandi kynningar á starfseminni. Stöðugt verkefni, og eitt af stærri fræðsluverkefnum hvers árs, er kennsla og þjálfun í Eden hugmyndafræðinni, þjónandi leiðsögn og um lykla velliðunar (Lífsgæði og velliðan).

Alls mættu 202 starfsmenn á 23 viðburði þar sem hver



viðburður gat verið frá einni klukkustund upp í þriggja daga námskeið. Alls komu rúmlega 726 manns í fræðslu en meginhluti þess eru starfsmenn. Nýtt verkefni í fræðslumálum var netfræðsla fyrir nýtt starfsfólk sem 60 starfsmenn tóku þátt í á árinu.

Hluti af fræðslumálum ÖA felst í samstarfsverkefnum við innlenda og erlenda framhaldsskóla og háskóla. Um er að ræða starfsþjálfun hjúkrunar-, iðjuþjálf- og sjúkraliðanema og annarra nema. Innlendir nemar á árinu voru alls 44 og komu frá háskólastiginu (28) og framhaldsskóla (22) og loks erlendir nemar (3). Að auki voru heimsóknir eða starfskynningar fyrir framhaldsskóla, vinnuskóla og grunnskóla.

Gæðamál

Þrisvar á ári er gert RAI mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa). Í matinu eru gæðavísar sem stuðst er við þegar horft er til breytinga á heilsufari og aðbúnaði íbúa. Samanburðarathugun á RAI mati fyrir árin 2017 til 2018 sýnir að á 17 af 22 gæðavísam heldur ÖA uppi viðvarandi jákvæðri þróun og ásættanlegum gæðum.

Á árinu var haldið áfram vinnu að bættri hjúkrunarskráningu og notkun á rafrænni sjúkraskrá (Sögu). Gæðahandbók ÖA er rafræn og stöðugt er unnið að uppbyggingu hennar og notkun, t.d. á starfsdögum og með starfi gæðaráðs.

Iðja og félagsstarf

Eins og undangengin ár var starfsemi iðju og félagsstarfs afar fjölbreytt á árinu 2018. Í boði var hefðbundið félagsstarf, ýmis konar handverk, upplestrar, spurningahópar, leikfimi, bíósýningar, bingó, krulla og botsía, söngstundir, kráarkvöld og skemmtanir tengdar árstíðum, s.s. kvennahlaup og ferðalög. Lögð er áhersla á að færa starfsemi iðju og félagsstarfs inn á heimilin og er margskonar hópastarf unnið þar í umsjá iðjuþjálf- og starfsfólks iðju og félagsstarfs.

Eden kaffi er mánaðarlega í Lögmannshlíð og vikulega er opið í Kaffi Sól. Hinir árlegu Gleðidagar voru í byrjun júní og tókust mjög vel eins og jafnan. Fjöldi gesta kom í heimsókn og sama var uppi á teningnum í nóvember við hið árlega Markaðstorg. Unnið var að þróun og eflingu á starfsemi „Smíðjunnar“ en þar fer fram margskonar smíðavinna og önnur iðja.

Starf Sólskinsklúbbsins eflist og festist í sessi á hverju ári en klúbburinn hefur fasta aðstöðu í Gláðheimum fyrir starfsemi sína. Sólskinsklúbbar eru sértækt meðferðarúræði fyrir einstaklinga með heilabilun. Voru klúbbar að jafnaði alla daga vikunnar, stýrt af iðjuþjálfum ásamt starfsmönnum iðju og félagsstarfs og/eða starfsmönnum heimilanna.

Á árinu var fram haldið samstarfi við Akureyrarakademiuna og ÖA og felst það í að fræðimenn og rannsakendur í akademíunni koma á ÖA og halda þar fræðsluerindi fyrir íbúa heimilanna.

Sjálfbóðaliðar og gleðivakar

Sjálfbóðaliðar hjá ÖA er stækkandi hópur sem setur mikinn svip á starfsemi á ÖA og eru ánægjuleg viðbót við aðra starfsemi. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum s.s. kráarkvöldum, þorablóti og einstaka tónlistarskemmtunum um margra ára skeið. Einnig aðstoða fyrirverandi starfsmenn ÖA, sem ganga undir heitinu „Vinir Hlíðar“, við ýmsa viðburði í Hlíð og Lögmannshlíð og sjá nánast alfarið um undirbúning og bakstur í Kaffi Sól.

Nemendur framhaldsskóla og háskóla komu eins og áður í heimsóknir, starfskynningar og í önnur verkefni. Þá eru ótalðar heimsóknir „vinaskóla og bekkja“ á grunn- og leikskólastigi. Margskonar listafólk hefur glatt starfsfólk og íbúa á árinu, hingað hafa komið kórar, einsöngvarar, dansarar, hljóðfærarleikarar og rithöfundar svo eitthvað sé nefnt. Allt þetta eykur fjölbreytileika lífsins á ÖA og fyrir það er þakkað sérstaklega.

Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2018

Bæjarstjóri

Ásthildur Sturludóttir

Endurskoðendur

Enor

Bæjarstjórn Akureyrar

Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Halla Björk Reynisdóttir
Andri Teitsson
Hilda Jana Gísladóttir
Dagbjört Elín Pálsdóttir
Gunnar Gíslason
Eva Hrund Einarsdóttir
Þórhallur Jónsson
Hlynur Jóhannsson
Sóley Björk Stefánsdóttir

Varamenn

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Tryggvi Már Ingvarsson
Hildur Betty Kristjánsdóttir
Þorgeir Rúnar Finnsson til 18.09.2018
Geir Kristinn Aðalsteinsson frá 18.09.2018
Heimir Haraldsson
Unnar Jónsson
Lára Halldóra Eiríksdóttir
Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Þórhallur Harðarson
Rósa Njálsdóttir
Jana Salome Ingibjargar Jósepsdóttir

Bæjarráð

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður
Halla Björk Reynisdóttir
Hilda Jana Gísladóttir
Gunnar Gíslason
Eva Hrund Einarsdóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi
Hlynur Jóhannsson áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Ingibjörg Ólöf Isaksen
Andri Teitsson
Dagbjört Elín Pálsdóttir
Þórhallur Jónsson
Lára Halldóra Eiríksdóttir
Jana Salome Ingibjargar Jósepsdóttir varaáheyrnarfulltrúi
Rósa Njálsdóttir varaáheyrnarfulltrúi

Fastanefndir

Frístundaráð

Hildur Betty Kristjánsdóttir formaður
Arnar Þór Jóhannesson
Sunna Hlín Jóhannesdóttir
Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Viðar Valdimarsson
Ásrún Ýr Gestsdóttir áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Maron Pétursson
Haraldur Þór Egilsson
Ólöf Rún Pétursdóttir
Elías Gunnar Þorbjörnsson
Stefán Örn Steinþórsson
Valur Sæmundsson varaáheyrnarfulltrúi

Fræðsluráð

Ingibjörg Ólöf Isaksen formaður
Heimir Haraldsson
Hildur Betty Kristjánsdóttir
Þórhallur Harðarson
Rósa Njálsdóttir
Þuríður Sólveig Árnadóttir áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Siguróli Magni Sigurðsson
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir
Valgerður S Bjarnadóttir
Marsilía Sigurðardóttir
Berglind Bergvinsdóttir til 26.06.2018
Hlynur Jóhannsson frá 26.06.2018
Einar Gauti Helgason varaáheyrnarfulltrúi

Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður
Júlí Ósk Antonsdóttir
Jón Stefán Hjaltalín Einarsson
Varamenn
Þröstur Kolbeins
Rúnar Sigurpálsson
Baldvin Valdemarsson

Skipulagsráð

Tryggvi Már Ingvarsson formaður
Helgi Snæbjarnarson
Ólína Freysteinsdóttir
Þórhallur Jónsson
Arnfríður Kjartansdóttir
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Grétar Ásgeirsson
Ólöf Inga Andrésdóttir
Orri Kristjánsson
Sigurjón Jóhannesson
Ólafur Kjartansson
Þorvaldur Helgi Sigurpálsson varaáheyrnarfulltrúi

Stjórn Akureyrarstofu

Hilda Jana Gísladóttir formaður
Sigfús Arnar Karlsson
Anna Hildur Guðmundsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir
Finnur Sigurðsson
Karl Liljendal Hólmgeirsson áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Valdís Anna Jónsdóttir
Anna Fanney Stefánsdóttir
Sverre Andreas Jakobsson
Kristján Blær Sigurðsson
Anna María Hjálmarsdóttir
Hannes Karlsson varaáheyrnarfulltrúi



Umhverfis- og mannvirkjaráð

Andri Teitsson formaður
Jóhann Jónsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Gunnar Gíslason
Jóhanna Norðfjörð
Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Jón Þorvaldur Heiðarsson
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Unnar Jónsson
Þórunn Sif Harðardóttir
Hlynur Jóhannsson til 26.06.2018
Berglind Bergvinsdóttir frá 26.06.2018
Ólafur Kjartansson varaáheyrnarfulltrúi

Velferðarráð

Dagbjört Pálsdóttir formaður
Róbert Freyr Jónsson
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Lára Halldóra Eiríksdóttir
Hermann Ingi Arason
Sigrún Briem áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Sif Sigurðardóttir
Maron Pétursson
Petrea Ósk Sigurðardóttir
Svava Þ. Hjaltalín
Snæbjörn Ómar Guðjónsson
Sigríður Inga Pétursdóttir varaáheyrnarfulltrúi
Starfsnefndir
Fræðslunefnd
Inga Þóll Þórgnýsdóttir formaður
Dan Jens Brynjarsson
Karólína Gunnarsdóttir
Halldór Sigurður Guðmundsson
Tómas Björn Hauksson
Varamenn
Kristinn Jakob Reimarsson
Birna Eyjólfssdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Helga Hauksdóttir
Steindór Ívar Ívarsson

Kjarasamninganefnd

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður
Guðrún Karitas Garðarsdóttir
Gunnar Gíslason
Varamenn
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Brynildur Pétursdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir

Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Bæjarstjóri
Formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs
Varamenn
Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs
Formaður bæjarráðs

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs

Unnar Jónsson til 05.07.2018
Dagbjört Elín Pálsdóttir frá 05.07.2018
Ásgeir Örn Blöndal
Varamenn
Hilda Jana Gísladóttir til 05.07.2018
Unnar Jónsson frá 05.07.2018

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Júlí Ósk Antonsdóttir formaður
Þorgeir Rúnar Finnsson til 18.09.2018
Maron Pétursson frá 18.09.2018
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
Hjalti Ómar Ágústsson

Varamenn

Heiðrún Ósk Ólafsdóttir
Jakobína Elva Káradóttir
Arnfríður Kjartansdóttir til 05.07.2018
Alfa Dröfn Jóhannsdóttir frá 05.07.2018
Matthías Rögnvaldsson til 18.09.2018
Róbert Freyr Jónsson frá 18.09.2018

Brunabótafélag Íslands - fulltrúaráð

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Varamaður

Halla Björk Reynisdóttir

Eyþing – fulltrúar á aðalfund

Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Halla Björk Reynisdóttir
Hilda Jana Gísladóttir
Andri Teitsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Dagbjört Elín Pálsdóttir
Gunnar Gíslason
Eva Hrund Einarsdóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir

Varamenn

Þórhallur Jónsson
Hlynur Jóhannsson
Rósa Njálsdóttir
Hildur Betty Kristjánsdóttir
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Heimir Haraldsson
Lára Halldóra Eiríksdóttir
Alfa Dröfn Jóhannsdóttir
Þorgeir Rúnar Finnsson til 18.09.2018

Eyþing - stjórn

Hilda Jana Gísladóttir - formaður
Sóley Björk Stefánsdóttir

Varamenn

Halla Björk Reynisdóttir
Gunnar Gíslason

Eyþing - fulltrúaráð

Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Halla Björk Reynisdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir



Varamenn

Gunnar Gíslason
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Andri Teitsson
Rósa Njálisdóttir

FabEy

Almar Alfreðsson

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri - stjórn

Halla Margrét Tryggvadóttir

Varamaður

Guðriður Friðriksdóttir

Fjölsmiðjan

Fríðbjörg Sigurjónsdóttir

Varamaður

Róbert Freyr Jónsson

Hafnasamlag Norðurlands - stjórn

Þorsteinn Hlynur Jónsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Ólína Freysteinsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir
Edward H. Huijbens

Varamenn

Preben Jón Pétursson
Halldóra Hauksdóttir
Hreinn Pálsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Jón Ingi Caesarsson formaður
Anna Rósa Magnúsdóttir

Varamenn

Anna María Jónsdóttir
Stefán Friðrik Stefánsson

Iðnaðarsafnið á Akureyri – stjórn

Almar Alfreðsson

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar – stjórn

Dan Jens Brynjarsson sviðsstjóri fjársýslusviðs
Halla Björk Reynisdóttir til 18.09.2018
Guðmundur Baldvin Guðmundsson frá 18.09.2018
Gunnar Gíslason

Varamenn

Guðmundur Baldvin Guðmundsson til 18.09.2018
Halla Björk Reynisdóttir frá 18.09.2018
Eva Hrund Einarsdóttir

Málræktarsjóður - fulltrúaráð

Hólmkell Hreinsson

Menningarfélag Akureyrar

Preben Jón Pétursson

Varamaður

Brynildur Pétursdóttir

Minjasafnið á Akureyri – stjórn

Sigfús Arnar Karlsson
Þorsteinn Kruger
Inga Elísabet Vesteinsdóttir

Varamenn

Hildur Friðriksdóttir
Sigríður Stefánsdóttir
Hilda Jana Gísladóttir

Óshólmanefnd

Dagbjört Pálsdóttir
Ólafur Kjartansson

Samband íslenskra sveitarfélaga - stjórn

Guðmundur Baldvin Guðmundsson varamaður

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra

Jón Heiðar Jónsson

Varamaður

Elías Gunnar Þorbjörnsson

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands – hljómsveitarráð

Elín Margrét Lýðsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir
Helgi Þorbjörn Svavarsson

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Halla Margrét Tryggvadóttir

Varamaður

Hlynur Már Erlingsson

Starfsendurhæfing Norðurlands

Guðrún Sigurðardóttir

Varamaður

Jón Hrói Finnsson

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

Halla Björk Reynisdóttir
Tryggvi Már Ingvarsson

Varamenn

Ingibjörg Ólöf Isaksen
Þórhallur Jónsson

Veðifélag Eyjafjarðarár

Hermann Brynjarsson

Vetraríþróttamiðstöð Íslands

Þórunn Sif Harðardóttir formaður
Siguróli Magni Sigurðsson

Varamenn

Jónas Björgvin Sigurjónsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen

Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja

Flokkun Eyjafjörður ehf

Ásthildur Sturludóttir stjórnarformaður
Fóðurverksmiðjan Laxá hf
Dan Jens Brynjarsson

Norðurorka ehf

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður
Edward Hákon Huijbens
Fríðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir
Gunnar Gíslason
Ingibjörg Ólöf Isaksen

Varamenn

Arnar Þór Jóhannesson
Eva Hrund Einarsdóttir
Margrét Kristín Helgadóttir
Matthías Rögnvaldsson
Óskar Ingi Sigurðsson





Akureyri

Akureyrarbaer
Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000 | Fax 460 1001
akureyri@akureyri.is
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is